



**Íþróttabandalag Akraness**

*Stofnað 1946*



# Ársskýrsla 2011

**68. ársþing - 12. apríl 2012**



Laufey Sigurðardóttir,  
ritari



Ellert Ingvarsson,  
varaformaður



Sturlaugur Sturlaugsson,  
formaður



Karl Þórðarson,  
gjaldkeri



Hildur Karen  
Aðalsteinsdóttir,  
meðstjórnandi



Hugli Harðarson,  
varamaður



Jón Þór Þórðarson,  
íþróttafulltrúi ÍA



Halldór Fr. Jónsson,  
varamaður



Sveinbjörn Hlöðversson,  
Knattspyrnufélagið  
Kári



Kári Rafn Karlsson,  
Kraftlyftingafélag  
Akraness



Guðmundur Sigurðsson,  
Keilufélag  
Akraness



Svanborg Frostadóttir,  
Badmintonfélag  
Akraness



Hannibal Hauksson,  
Körfuknattleiksfélag  
Akraness



Jóhann Sigurðsson,  
Karatefélag  
Akraness



Þórður Emil Ólafsson,  
Golfklúbburinn  
Leynir



Anna Bjarnadóttir,  
Ungmennafélagið  
Skipaskagi



Ólöf Samúelsdóttir,  
Hestamannafélagið  
Dreyri



Eygló Karlsdóttir,  
Sundfélag  
Akraness



Gísli Gíslason,  
Knattspyrnufélag  
ÍA



Steindóra Steinsdóttir,  
Blakfélagið  
Bresi



Sevar Haukdal,  
Fimleikafélag  
Akraness



Ólöf Guðmundsdóttir,  
Íþróttafélagið  
Þjótur



Jón S. Ólason,  
Skotfélag  
Akraness



Petronella Kristjánsdóttir,  
Vélhjólaíþróttafélag  
Akraness



Örnólfur Þorleifsson,  
Hnefaleikafélag  
Akraness

# Skýrsla framkvæmdastjórnar ÍA starfsárið 2011

## Framkvæmdastjórn ÍA árið 2011 skipuðu:

*Sturlaugur Sturlaugsson formaður*

*Ellert Ingvarsson varaformaður*

*Hildur Karen Aðalsteinsdóttir*

*Karl Þórðarson*

*Laufey Sigurðardóttir*

Varamenn í stjórn

*Halldór Fr. Jónsson*

*Hugi Harðarson*

## Formenn aðildarféлага ÍA árið 2011 voru:

*Svanborg Frostadóttir formaður Badmintonfélags ÍA*

*Steindóra Sigríður Steinsdóttir form. Blakfélagsins Bresa*

*Sævar Haukdal formaður Fimleikafélags Akraness*

*Þórður Emil Ólafsson formaður Golfklúbbsins Leynis*

*Ólöf Samúelsdóttir, form. Hestamannafélagsins. Dreyra*

*Örnólfur Þorleifsson formaður Hnefaleikafélags Akraness*

*Ólöf Guðmundsdóttir formaður Íþróttafélagsins Þjótis*

*Ágústa Andrésdóttir formaður Karatefélags Akraness*

*Guðmundur Sigurðsson formaður Keilufélags Akraness*

*Gísli Gíslason formaður Knattspyrnufélags ÍA*

*Sveinbjörn Hlöðversson form. Knattspyrnufélagsins Kára*

*Kári Rafn Karlsson formaður Kraftlyftingafélag Akraness*

*Hannibal Hauksson form. Korfuknattleiksfélags Akraness*

*Anna Bjarnadóttir formaður Umf. Skipaskaga*

*Jón S. Ólason formaður Skotfélags Akraness*

*Eygló Karlsdóttir formaður Sundfélags Akraness*

*Petronella Kristjánsd. form. Vélhjólaiþróttafél. Akraness*

## Íþróttamaður ársins 2011 á Akranesi

Sundkonan Inga Elín Cryer var kjörin Íþróttamaður Akraness fyrir árið 2011. Önnur í kjörinu varð karatekona ársins Aðalheiður Rósa Harðardóttir, í þriðja sæti varð Valdís Þóra Jónsdóttir úr Golfklúbbum Leyni.

Inga Elín átti virkilega gott sundár og vann til margra verðlauna bæði á alþjóðlegum vettvangi og hér heima. Hún varð tvöfaldur Norðurlandameistari unglinga, fimmfaldur Íslandsmeistari á tveimur Íslandsmeistaramótum og áttfaldur Aldursflokksmeistari. Auk þess setti hún sex Íslandsmet á árinu í þremur greinum og átta Akranesmet. Í lok ársins 2011 á Inga Elín 3 Íslandsmet í kvennaflokki, 2 Íslandsmet í stúlknaflökki auk 21 Akranesmet í öllum flokkum, þar af 10 í kvennaflokki. Á árinu 2011 keppti Inga Elín með landsliði Íslands á Smáþjóðaleikunum í Liechtenstein þar sem hún komst á pall í fjórum sundum.

Aðalheiður Rósa náði frábærum árangri á árinu 2011 og var valin karatekona ársins á Íslandi. Hún varð Íslandsmeistari í kata kvenna. Einnig varð hún Íslandsmeistari í hópkata kvenna. Á Íslandsmeistaramótinu í kumite varð hún í öðru sæti í sínum þyngdarflokki og einnig í öðru sæti í opnum flokki kvenna. Aðalheiður varð bikarmeistari á bikarmótaröð karatesambandsins þar sem gefin eru stig bæði fyrir kata og kumite og gildir samanlagður árangur. Aðalheiður keppti á Swedish open og varð í þriðja sæti í einstaklingskata. Einnig keppti hún á Stockholm open og varð hún í fyrsta sæti í hópkata, öðru sæti í svartbeltingaflokki, öðru sæti í -61 kílóaflokki í kumite og þriðja sæti í opnum flokki í kata. Á norðurlandameistaramóti fullorð-



inna sem fram fór í Finnlandi vann hún til bronsverðlauna í einstaklingskata og vann til silfurverðlauna í hópkata ásamt félögum sínum.

Valdís Þóra leikur með kvennaliði Texas State og var með meðalskor upp á 74,4 högg á mótum í Bandaríkjunum árið 2011. Það er með því lægsta íslenskur kvennkyllingur hefur náð erlendis. Valdís Þóra var í landsliði Íslands í sem tók þátt í Evrópumóti kvenna í Austurríki í sumar. Þar náði Íslenska liðið sínum besta árangur frá upphafi.

Á árinu 2011 eignuðumst við alls 123 meistara á Íslands- og bikarmótum í 13 íþróttagreinum. Eftirtaldir íþróttamenn voru tilnefndir af sínum félögum til kjörsins:

1. Badmintonmaður ársins: Egill Guðvarður Guðlaugsson
2. Fimleikamaður ársins: Ástrós Líf Rúnarsdóttir
3. Hestaíþróttamaður ársins: Jakob S. Sigurðsson
4. Hnefaleikamaður ársins: Arnór Már Grímsson
5. Íþróttamaður Þjóts: Anton Kristjánsson
6. Íþróttamaður Umf. Skipaskaga: Jófríður Ísdís Skaftadóttir
7. Kyllingur ársins: Valdís Þóra Jónsdóttir
8. Karatamaður ársins: Aðalheiður Rósa Harðardóttir
9. Keilumaður ársins: Kristján Arne Þórðarson
10. Knattspyrnumaður ársins: Reynir Leósson
11. Knattspyrnukona ársins: Valgerður Helgadóttir
12. Knattspyrnumaður Kára: Almar Björn Viðarsson
13. Kraftlyftingamaður ársins: Einar Örn Guðnason
14. Körfuknattleiksmaður ársins: Áskell Jónsson
15. Skotmaður ársins: Berglind Björgvinsdóttir
16. Sundmaður ársins: Inga Elín Cryer
17. Vélhjólaiþróttamaður ársins: Jóhann Pétur Hilmarsson

### Styrkur til aðildarfélaga ÍA

Framkvæmdastjórn ÍA ákvað í upphafi árs að greiða aðildarfélögum sínum styrk að upphæð kr. 5 milljónir. Upphæðin skiptist samkvæmt sömu forsendum og úthlutun á styrk Akraneskaupstaðar til tómstundafélaga. Aðildarfélög ÍA eru nú 17 talsins og með rúmlega 2.400 iðkendur, þar af um 1.300 börn og unglinga. Styrkurinn kemur án ef í góðar þarfir í því fjölbreytta íþróttastarfi sem fram fer innan vébanda ÍA.

67. ársþing Íþróttabandalags Akraness var haldið fimmtudaginn 14. Apríl í Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum. Þingið var vel sótt og mættu alls 35 fulltrúar frá 13 aðildarfélögum ÍA. Á ársþinginu voru m.a. samþykktar siðareglur ÍA en hlutverk þeirra er að veita þeim sem koma að íþróttum almennar leiðbeiningar. Hafsteinn Pálsson var fulltrúi ÍSÍ á þinginu og afhenti hann Sturlaugi Sturlaugssyni formanni ÍA Gullmerki ÍSÍ fyrir frábær störf í þágu íþróttahreyfingarinnar. Sturlaugur hefur verið formaður ÍA frá árinu 1999 og hefur einnig verið virkur þátttakandi í ýmsu nefndum og vinnuhópum á vegum ÍSÍ.

Sturlaugur var endurkjörinn formaður ÍA og Ellert Ingvarsson var endurkjörinn varaformaður ÍA. Þær breyt-

ingar urðu á stjórn sambandsins að Guðlaug Sverrisdóttir og Margrét Ákadóttir gáfu ekki kost á sér til endurkjörs og í framkvæmdastjórn komu þau Laufey Sigurðardóttir og Karl Þórðarson. Halldór Fr. Jónsson færði sig um set og tók sæti í varastjórn.

### 70. Íþróttþing ÍSÍ

70. Íþróttþing ÍSÍ var haldið í Gullhömrum Grafarholts dagana 8. og 9. apríl. Fulltrúafjöldi var alls 188, það eru 94 frá sérsamböndum ÍSÍ og 94 frá héraðssamböndum og íþróttabandalögum. Að auki eru fjórir fulltrúar úr röðum íþróttafólks. Ólafur Rafnsson var endurkjörin sem forseti ÍSÍ en á þinginu var einnig kosið í framkvæmdastjórn og varastjórn ÍSÍ. Fulltrúar ÍA á þinginu voru Sturlaugur Sturlaugsson formaður ÍA og Jón Þór Þórðarson íþróttfulltrúi ÍA.

### Jónsmessuganga, kvannahlaup og sjósund

Um 60 göngugarpar tóku þátt í Jónsmessugöngunni sem farinn var fimmtudaginn 23. júní. Gönguveður var eins og best verðu á kosið og fóru allir þátttakendur alla leið á Háahnúk og nutu þar glæsilegs sólarlags og fallegs regnboga. Að göngu lokinni var haldið í Jaðarsbakkalaug þar sem boðið var uppá ávexti og góð stemming var í heitu pottunum, skemmtilegur endir á glæsilegu kvöldi. Alls tóku um 150 konur þátt í Kvannahlaupi ÍSÍ á Akranesi sem fram fór 4. júní. Hlaupið var frá Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum og sá Erna Sigurðardóttir um upphitun fyrir hlaupið. Valdís Þóra Jónsdóttir íþróttamaður Akraness sá um að ræsa hlaupið. Hlaupin var um 2,7 km leið og endað uppí Skógrækt þar sem þátttakendur fengu verðlaunapening og boðið var uppá ávexti og Egilsvatn. Sjósund átti aukina vinsælda að fagna á árinu 2011 og töluverður hópur fólks sem hittist reglulega til að skella sér í sjóinn sér til hressingar. Stofnað hefur verið Sjósundfélag Akraness. Í tilefni af því að 100 ár voru liðin frá fyrstu sundkeppni sem haldin var á Akranesi syntu nokkrir sprækir sjóbaðsmenn og konur í Lambhúsasundi fyrir neðan Bíóhöllina og minntust þannig frumkvöðlanna.

## Meistaraleikur Steina Gísla

Stórkostleg tilþríf sáust hjá leikmönnum ÍA og KR á Akranesvelli þegar eldri (og sumir yngri) leikmenn léku til heiðurs og styrktar sigurvegaranum Sigursteini Gíslasyni og fjölskyldu hans. Sannkölluð bræðrabylta var í frábærum ÍA-KR leik - og lokastaðan 2-2. Um 3.750 manns mættu á völinn - og þegar aðsóknin er skoðuð í ljósi fyrri viðburða þá eru það aðeins leikur ÍA og KR árið 1996, leikur gegn Raith Rovers og leikur gegn Hamborgar-úrvalinu 1954 sem standa framur þessum leik. Leikmenn gengu ásamt Sigursteini sátir af velli við lófatak áhorfenda. Sannkallaður íþróttandi í sinni fegurstu mynd.





### Andlitslyfting á ÍA vefnum

Í tilefni af 65 ára afmæli ÍA fékk ÍA vefurinn smá andlitslyftingu. Ekki var um neina gjörbyltingu að ræða frá eldri vef sem hefur þjónað okkur ágætlega undanfarin ár og fólk þekkir nokkuð vel. ÍA vefurinn gegnir mikilvægu hlutverki varðandi það að miðla og varðveita upplýsingar er tengjast íþróttastarfi ÍA og er að mörgu leyti andlit okkar útávið. Við munum þróa vefinn áfram þannig að hann uppfylli eins og hægt er þær kröfur sem aðildarfélögin gera til vefmála. Framkvæmdastjórn ÍA er mikið í mun að öll aðildarfélög ÍA séu samtaka um að vera virkir þátttakendur á vefnum og að við komum þar fram sem ein heild.

### Námskeið og fræðsla

Íþróttabandalagið tók virkan þátt í ýmsum verkefnum sem miða að bættri heilsu og forvörnum. Íþróttabandalagið gerði átaksverkefnum ÍSÍ "Lífshlaupið" og "Hjólað í vinnuna" góð skil og hvatti sem flesta til að taka þátt. Skagamenn eru sifelst duglegri að nýta umhverfi bæjarins til að fara út að skokka, ganga eða hjóla. Innritunardagur íþrótt- og tómstundafélaganna var haldin að vanda í upphafi skólaársins. Í byrjun nóvember var forvarnardagur um landið allt. Jón Þór Þórðarson, íþróttafulltrúi ÍA og Lúðvík Gunnarsson deildarstjóri æskulýðs- og forvarnarmála heimsóttu grunnskóla bæjarins og kynntu það fjölbreytta íþrótt- og tómstundastarf sem í boði er á Akranesi.

ÍA kom einnig að verkefninu „Gaman saman“ í samvinnu við frístundaklúbbs í Þorpsins. Kjarni verkefnisins er að leiða saman ólíka hópa barna (af erlendum og innlendum uppruna, með fötlun og án fötlunar) í gegnum skipulagt tómstundastarf. Búið var til kynningarnámskeið um íþrótt- og tómstundastarf á Akranesi. Það námskeið var sérstaklega ætluð börnum í 5.-7. bekk sem eru ekki í íþróttum eða tómstundum til þess að hjálpa þeim að finna sér íþrótt eða tómstund sem þau gætu hugsað sér að taka þátt í. Það er alltaf erfitt að byrja en þetta gæti hjálpað þeim að stiga yfir þröskuldinn. Verkefnið heppnaðist afar vel og áhugi fyrir því að halda því áfram haustið 2012.

### Samráðsfundur með Akraneskaupstað

Um miðjan júní var haldinn samráðsfundur milli ÍA og fulltrúa Akraneskaupstaðar. Mikilvægt var að halda slíkan samráðsfund með bæjarfulltrúum, sviðsstjórum og lykilstarfsmönnum bæjarins annarsvegar og fulltrúum íþróttahreyfingarinnar hinsvegar til að ræða opinskát um þarfir hreyfingarinnar og fjárhagsgetu og vilja Akraneskaupstaðar til verka. Á haustmánuðum myndaði bærinn starfshóp til að fara yfir íþrótt- og æskulýðsmál. Því miður náðist ekki að gera nýjan íþróttasamning á milli ÍA og Akraneskaupstaðar. Mikilvægt er að koma á slíkum samningi og jafnframt skoða hugsanlega nýjar lausnir í uppbyggingu íþróttamannvirkja eins og mjúkhýsi eða ódýrari lausnir en hingað til. Við viljum efla Akranes sem íþróttabæ.

### Samningar við Akraneskaupstað

Á árinu 2011 samþykkti Akranesbær m.a. að styðja við uppbyggingu 500 m<sup>2</sup> vélageymslu með samningi við GL að upphæð 20 m.kr. Sömuléiðs ákvað bærinn að setja 20



m.kr. í uppbyggingu grasæfngasvæðis á Jaðarsbökkum með samningi við Knattspyrnufélag ÍA. Uppbygging framkvæmdanna er í höndum fyrrnefndra aðildarféлага ÍA. Akraneskaupstaður samþykkti einnig kaup á fimleikabún- aði uppá 10 m.kr.

### Breytingar á salarkynnum og líkamsræktarstöðu ÍA á Jaðarsbökkum

Í lok október fékkst leyfi til að taka sal 2 ( bikarsal ) undir þreksal en ÍA hafði hingað til nýtt þetta húsnæði m.a. undir félagsaðstöðu. Breytingin fólst m.a. í því að taka niður upp- hækkunina í salnum á okkar kostnað og setja annarskonar gólfefni sem hæfir breyttu hlutverki. Markmiðið með breyt- ingunum er að skapa betri líkamsræktarstöðu og treysta rekstur líkamsræktarstöðvarinnar til hagsbóta fyrir ÍA og Akranesbæ. Strax var hafist handa við undirbúning og þess- ar hugmyndir kynntar fyrir hreyfingunni. Félagsmenn voru sáttir með breytingarnar. Tilgangurinn er að styrkja rekstur ÍA og Akranesbæjar með því að þróa/bæta líkamsræktarad- stöðuna og koma þannig til móts við kröfur almennings um betri aðstöðu og að önnur félagsaðstaða á Jaðarsbökkum yrði nýtt betur. Breytingin tók ekki langan tíma og var nýi þreksalurinn tekinn í fulla notkun í upphafi nýs árs. Hann býður uppá fjölbreytta notkun og hentar einkar vel fyrir íþróttahópa. Að sjálfsögðu er öllum heimilt að nýta salinn þess á milli. Salurinn hefur án efa létt álagið á þreksalnum og gefur aukinn fjölbreytileika.

Jafnframt fékkst leyfi til að nýta vestur hornið á svöl- unum undir fundarherbergi fyrir amk. 14 manns í sæti ( m.a. vegna breytinga á sal 2). Samhliða því var hafist handa við að endurbæta hátíðarsalinn í Íþróttamiðstöðinni. Markmiðið með þessari framkvæmd að endurbæta salina og koma upp sýningar skápum sem bæta ásýnd þeirra og tengja við sögu ÍA og Akraneskaupstaðar. Þarna verða til sýnis ýmsir af helstu gripum, myndum, búningum fánnum og veif- um er safnast hafa til í gegnum árin og hafa mikið sögulegt og menningarlegt gildi. Eins ætlum við að reyna að nýta okkur tæknina með því að vera með skjá með breytilegum myndasýningum og myndböndum. ÍA telur þau íþrótt- mannvirki sem notuð eru undir starfseminu dags daglega góðan vettvang til þess. Með því nást margþætt markmið



um að varðveita söguna, gera hana sýnilega almenningi og efla íþróttandann innan ÍA og Akraneskaupstaðar. ÍA er því mikið í mun að sögu þess og menningu séu gerð vegleg skil í hátíðarsal og fundaraðstöðu ÍA. Til að ná utan um verkefnið fengum við til liðs við okkur Björn G. Björnsson sýningarhönnuð sem kom meðal annars að uppsetningu Íþróttasafnsins að Görðum. Björn G. hefur unnið náið með okkur að verkefninu, teiknað það upp og komið með mikið af góðum tillögum. Lögð er mikil áhersla á að koma upp sýningarskápum með góðri lýsingu til að gera þessu góð skil. Einnig verður sett upp tímalína þar sem fram kemur helstu atriði íþróttasögunnar ásamt ýmsum tímamóta þáttum í sögu Akraness. Framkvæmdir við verkefnið hófst svo af fullum krafti í upphafi ársins 2012.

### Fjármál ÍA

Heildartekjur aðildarféлага ÍA árið 2011 voru um 225 m.kr. Tekjur Íþróttabandalagsins voru um 24 m.kr. Samtals eru því tekjur Íþróttahreyfingarinnar um 249 m.kr. Rúmlega 45 m.kr. hagnaður var af eiginlegum rekstri aðildarfélaganna. Munar þar mest um leiðréttingu láns GL upp á kr. 27,5 m.kr. Hagnaður var á rekstri Íþróttabandalagsins uppá um 1,7 m.kr. Eignir Íþróttabandalagsins eru um 47,7 m.kr. þar af er fasteignamatsverð í Íþróttamiðstöðinni um 21,4 m.kr. Heildarlaunagreiðslur ÍA á síðasta ári námu um 114 m.kr. Tekjur af æfingagjöldum er um 66 m.kr. sem eru 57% af heildarlaunum. Rekstrarstyrkir Akraneskaupstaðar voru um 12 m.kr. sem er um 6% af heildarrekstrarkostnaði hreyfingarinnar. Ekki er tekið inn í rekstrarstyrki bæjarins reiknuð afnot af skóla- og íþróttamannvirkjum. Aftur í skýrslunni er rekstraryfirlit ÍA og aðildarféлага þess fyrir árið 2011 til frekari glöggvunar.

Íþróttahreyfingin hefur sniðið sér stakk eftir vexti eins og ársreikningar okkar sýna. Við lítum á íþróttahreyfinguna sem hluta af skipuriti bæjarins m.a. vegna þess að hún vegur þungt í forvarnarstarfi bæjarins ásamt skólunum, auk þess að skapa jákvæða ímynd bæjarins hvað árangur varðar í íþróttum. Og sá túrismi sem er hér á Skaga tengist að stærstu leiti íþróttum. Það er sömuleiðis metnaður íþróttahreyfingarinnar að taka vel á móti gest-

um. Íþróttahreyfingin er og á að vera frjáls félagasamtök byggð uppá sjálfbodaliðum. En ríki og sveitarfélög verða að horfa raunsæum augum á getu okkar til að standa undir þeim kröfum sem lagðar eru á íþróttahreyfinguna af hálfu iðkenda, foreldra, ríkis og bæjarfélagsins. Við erum sjálfbodaliðar með okkar kosti og galla og ekki með sviðsstjóra á hverju strái. Kjarninn í okkar forvarnarstarfi er í raun íþróttastarfið sjálft með sínum daglegu æfingum, leikjum, keppnisferðum og félagsstarfi. Það eru að lágmarki 150 manns sem reka íþróttahreyfinguna allann ársins hring fyrir utan átaksverkefnið í tengslum við mót þar sem við tökum á móti þúsundum gesta.

### NORI vefskráningar og greiðslukerfi

Lengi hafa verið ræddar hugmyndir um að létta innheimtu- og bókhaldsvinnu aðildarfélaganna eins og hægt er. Framkvæmdastjórn ÍA ákvað að taka í notkun NORA vefskráningar og greiðslukerfi eftir samráð við íþróttahreyfinguna. Í lok ársins hófst undirbúningur að innleiðingu kerfisins í samvinnu við félögin. Ítrekað var mikilvægi þess að ávísanir Akraneskaupstaðar yrðu unnar með rafrænum hætti og að kerfið tæki mið af þörfum hvers félags fyrir sig. ÍA ber kostnað við uppsetningu og rekstur kerfisins.

### Styrkir veittir úr Minningarsjóði Guðmundar Sveinbjörnssonar

Í lok október voru veittir styrkir úr Minningarsjóði Guðmundar Sveinbjörnssonar fyrir árið 2011. Minningarsjóðurinn er stofnaður af Íþróttabandalagi Akraness í virðingar- og þakklætisskyni fyrir hin veigamiklu störf Guðmundar í þágu Íþróttabandalags Akraness. Helsta tekjulind sjóðsins er sala minningakorta í nafni sjóðsins. Hægt er að kaupa minningakort í bókaverslun Pennans á Akranesi eða á heimasíðu ÍA. Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum er nemur 80% af vöxtum sjóðsins og í ár nemur upphæðin kr. 105.000.- Sökum þess hversu úr litlu er að spila þetta árið ákvað framkvæmdastjórn ÍA að bæta við 535.000 kr. framlagi. Eftirfarandi íþróttafólk hlaut styrki að þessu sinni:

Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Karate: Styrkur vegna þátttöku á HM (U 21) í karate í Malasíu, samtals kr. 185.000.-

Inga Elín Cryer, Sund: Styrkur vegna ýmissa afreksverkefna, samtals kr. 185.000.-

Salome Jónsdóttir, Sund: Styrkur vegna ýmissa afreksverkefna, samtals kr. 135.000.-

Ágúst Júlíusson, Sund: Styrkur vegna ýmissa afreksverkefna, samtals kr. 135.000.-

Huga þarf að frekari uppbyggingu Minningarsjóðs Guðmundar Sveinbjörnssonar. Aðalstjórnarfundur ÍA hafnaði þeim samningsdrögum sem fyrir lágu um samstarf við Akranesbæ um framtíð sjóðsins. Við þurfum að efla styrki til afreksfólks og leiðtoga innan hreyfingarinnar. En það eru allar líkur á því að það viðbótar fjármagn sem kemur inn í sjóðinn frá styrktaraðilum hafi neikvæð áhrif á aðra fjármögnun aðildarfélaganna þar sem þessi markaður er takmarkaður. Sem dæmi um kostnað þá þurfti Inga Elín sunddrottningin okkar að kosta sem nemur 1200 þ.kr. í sundverkefni á síðasta ári. Jafnframt þarf að auka þekkingu á þjálfun/kennslu í þeim tilgangi að bæta gæðin.

### Ellert Ingvarsson sæmdur silfurmerki ÍA

Þann 15. október sl. fagnaði Ellert Ingvarsson varaformaður ÍA sextíu ára afmæli sínu. Við það tækifæri sæmdi Íþróttabandalag Akraness Ellert silfurmerki ÍA. Silfurmerki ÍA er veitt fyrir meira en tuttugu ára starf á þágu íþróttá Akranesi. Ellert sat um árabíl í stjórn Knattspyrnufélags ÍA og var sæmdur gullmerki félagsins árið 2009. Ellert kom inní framkvæmdastjórn ÍA árið 2001 og hefur verið varaformaður ÍA frá árinu 2006. Íþróttabandalagið óskar Ellerti hjartanlega til hamingju með afmælið og vonandi megu við njóta krafta hans áfram um ókomna tíð.

### Lokaorð

Við fögnum öllu því sem vel er gert og við gleðjumst yfir góðum árangri, það gefur öllum aukinn kraft í dagsins önn. Ánægjuleg íþróttáafrek unnust á árinu 2011. Knattspyrnufélag ÍA komst aftur upp í úrvalsdeild karla og spennandi verður að fylgjast með kvennaliðinu í framtíðinni. Golfliðburinn Leynir vann sig líka upp í 1. deild og mikill uppgangur er í körfunni. Við eigum landsliðsfólk m.a. í sundi, badminton, knattspyrnu, karate og keilu og í Dreyra er einn besti knapi landsins. Mikið er af efnilegum iðkendum fimleikum, frjálsum, hnefaleikum og kraftlyftingum. Keppendur Skotfélagsins, Þjóts, línudansarar og blakkonur í Bresa voru dugleg að taka þátt í keppnum með góðum árangri.

Forseti Íslands sagði á ÍSÍ þingi 2011 að það væri kraftaverk að íþróttahreyfingin skuli hafa komist í gegnum tvö síðustu ár eftir hrun með þeirri reisn sem raun ber vitni. Hann gerði líka mikið úr mikilvægi íþróttahreyfingarinnar á krepputímum þar sem börn og unglingar gátu leitað skjóls innan hennar frá vandamálum heimilanna. Við tökum undir orð forsetans um kraftaverkið og það er kraftaverki næst að ÍA skuli takast að fjármagna sitt starf ár eftir ár. Ef einhver



skynjar erfiðleikana í þjóðfélaginu þá er það íþróttahreyfingin. Við skynjum greiðslufall heimilanna, tekjusamdráttur stuðningsaðilanna, ótryggt tekjustreymi, þreytu sjálfbóðaliðanna og auknar kröfur frá samfélaginu. Við erum í raun engan veginn mannskaplega tilbúinn til lengri tíma að tækla langvarandi samdrátt í þjóðfélaginu. Við þurfum ekki síður að hafa áhyggjur af brottfalli sjálfbóðaliða en iðkenda. Verkefni ÍA og Akranesbæjar eru ærin, bæði sameiginlega og í sitt hvoru lagi. Þess vegna er svo mikilvægt að viðhorfið til verkefnanna sé jákvætt. Eins og við vitum öll þá höfum við val í upphafi hvers dags um það hvort við ætlum að nýta komandi dag í að framkalla/eða standa í illdeilum eða stuðla að friði og sátt.

Stjórnarmenn, þjálfarar, leiðbeinendur, foreldrar og iðkendur höfum í huga mismunandi þarfir/aðstæður og getu fólks. Fordómst fordóma, dómhörku, fyrirgefum og höldum ró okkar í erfiðum málum. Verum lausnarsinnuð og upplýsandi.

Íþróttabandalag Akraness þakkar öllum sjálfbóðaliðum og starfsmönnum íþróttahreyfingarinnar fyrir ánægjulegt og fórnfúst starf. Við þökkum sömuleiðis öllum velunnurum íþróttahreyfingarinnar á Akranesi og víðar fyrir ómetanlegan stuðning. Horfum bjartsýn til framtíðar og leggjum okkur fram um að starfa áfram af metnaði og þrótti.

# Íslands- og/eða bikarmeistarar ÍA 2011

## Badmintonfélag Akraness

Andri Snær Axelsson  
Alexander Örn Kárasón  
Alexandra Ýr Stefánsdóttir  
Steinar Bragi Gunnarsson  
Konráð Freyr Sigurðsson

## Fimleikafélag Akraness

Ágústa Líf Jónsdóttir  
Aldís Inga Sigmundsdóttir  
Aldís Ylfa Heimisdóttir  
Ásta María Búadóttir  
Ástrós Líf Rúnarsdóttir  
Birta Ketilsdóttir  
Elísabet Sveinbjörnsdóttir  
Halla Jónsdóttir  
Hanna Louisa Guðnadóttir  
Harpa Rós Bjarkadóttir  
Harpa Rós Bjarkadóttir  
Helgi Laxdal Aðalgeirsson  
Hjördís Tinna Pálmadóttir  
Ingveldur María Hjartardóttir  
Ragna Dís Sveinbjörnsdóttir  
Róberta Lilja Ísólfsdóttir  
Sylvía Lyn Trahan  
Valdís Eva Ingadóttir  
Ylfa Claxton

## Golfklúbburinn Leynir ( Deildarmeistarar í 2. deild)

Helgi Dan Steinsson  
Willy Blumenstein  
Þórður Emil Ólafsson  
Stefán Orri Ólafsson  
Hannes Marínó Ellertsson  
Kristvin Bjarnason  
Hróðmar Halldórsson  
Ingi Fannar Eiríksson  
Dvaíð Búason

## Hnefaleikafélag Akraness

Arnór Már Grímsson

## Íþróttafélagið Þjótur

Meistarar í boccia  
Sigurður Arnar Sigurðsson  
Ásgeir G Sigurðsson

## Umf. Skipaskagi

Íslandsmeistari í Línudansi 60+  
Auður M Árnadóttir  
Björg Loftsdóttir  
Eiríkur Hervarðsson  
Elsa Guðmundsdóttir  
Friðrika Bjarnadóttir  
Guðrún M Elísdóttir





Hanna Rún Jóhannsdóttir  
Jóhannes K Engilbertsson  
Jóna Ólafsdóttir  
Lóa Gísladóttir  
Páll Engilbertsson  
Sigríður Guðjónsdóttir  
Sigríður Ketilsdóttir  
Sigrún Sigurjónsdóttir  
Sigurlaug I Árnadóttir  
Silvía Georgsdóttir  
Þóra Ingólfssdóttir  
Þorbjörg Þorbjarnardóttir

### *Íslandsmeistari í Línudansi einstaklinga*

Ásdís Bára Guðjónsdóttir  
Ásta Björnsdóttir  
Brimrún Vilbergsdóttir  
Sigrún Þóra Theodórsdóttir

### *Frjálsíþróttir*

Jófríður Ísdís Skaftadóttir

### *Íslandsmeistarar í gömlu dönsunum*

Þórður Sveinsson  
Sigríður K Ólafsdóttir

### **Karatefélag Akraness**

Aðalheiður Rósa Harðardóttir  
Dagný Björk Egilsdóttir  
Valgerður Elsa Jóhannsdóttir  
Sylvia Lyn Trahan  
Kristrún Bára Guðjónsdóttir  
Eiríkur Snjólfsson  
Sigríður Tinna Bjarnadóttir  
Sylvía Lyn Trahan  
Bergdís Fanney Einarssdóttir  
Bjartur Finnbogason

### **Keilufélag Akraness**

Steinunn Inga Guðmundsdóttir  
Elvar Kaprasíus Ólafsson  
Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir  
Snorri Harðarson  
Þorleifur Jón Hreiðarsson



Svavar Páll Guðgeirsson  
Elías Borgar Ómarsson  
Arnór Elís Kristjánsson  
Einar Jóel Ingólfsson  
Hörður Einarsson.

### **Knattspyrnufélag ÍA (deildarmeistarar í 1. deild)**

Andri Adolphsson  
Andri Geir Alexandersson  
Arnar Már Guðjónsson  
Árni Snær Ólafsson  
Árni Thor Guðmundsson  
Aron Ýmir Pétursson  
Eggert Kári Karlsson  
Einar Logi Einarsson  
Emil Sævarsson  
Fannar Freyr Gíslason  
Gary Martin  
Guðjón Heiðar Sveinsson  
Guðmundur Böðvar Guðjónsson  
Heimir Einarsson  
Hjörtur Hjartarson  
Hlynur Hauksson  
Ísleifur Guðmundsson  
Mark Doninger  
Ólafur Valur Valdimarsson  
Páll Gísli Jónsson  
Ragnar Leósson  
Ragnar Þór Gunnarsson  
Reynir Leósson  
Stefán Þór Þórðarson

### **Kraftlyftingafélag Akraness**

Einar Örn Guðnason  
Sigfús Helgi Kristinsson  
Lára Bogey Finnbogadóttir

### **Skotfélag Akraness**

Berglind Björgvinsdóttir  
Stella Björgvinsdóttir  
Steinunn Guðmundsdóttir

### **Sundfélag Akraness**

Inga Elín Cryer  
Salome Jónsdóttir  
Jón Þór Hallgrímsson  
Ágúst Júlíusson  
Arta Haxhiajdini  
Birgir Viktor Hannesson  
Inga Elín Cryer  
Salome Jónsdóttir  
Una Rakel Hafliðadóttir  
Unnur Inga Karlsdóttir

### *Íslandsmeistarar Garpa*

Vignir Barkarson  
Alexander Eck,  
Bjarney Guðbjörnsdóttir

## 67. ársþing ÍA haldið 14. apríl 2011 í Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum

### Þingsetning

Sturlaugur Sturlaugsson formaður ÍA setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þings. Hann lagði til að Ellert Ingvarsson yrði þingforseti og að Jón Þór Þórðarson tæki að sér að vera fundarritari. Það var samþykkt einróma. Ellert þakkaði traustið og vonaðist eftir að þingið yrði gott og starfsamt. Hann sagðist hafa gengið úr skugga um að löglega hafi verið til þess boðað. Hann fór síðan yfir dagsskrá þingsins og kallaði eftir kjörbréfum.

### Kjörbréfanefnd

Þingforseti las upp tillögu um fulltrúa í Kjörbréfanefnd þau: Laufeyju Sigurðardóttur, Soffíu Pétursdóttur og Sævar Haukdal. Ekki komu fram fleiri tillögur og það þingforseti Laufeyju Sigurðardóttur að fara fyrir nefndinni og að hún tæki strax til starfa. Nefndin starfaði hratt og örugglega og gerði Laufey formaður kjörbréfanefndar grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Alls bárust kjörbréf frá 13 af 16 aðildarfélögum ÍA, mættir voru 35 þingfulltrúar af 67. Laufey sagði nefndina hafa farið yfir kjörbréfin og lagði til að þau yrðu samþykkt. Voru þau samþykkt samhljóða.

### Skýrsla framkvæmdarstjórnar ÍA

Þingforseti gaf Sturlaugi Sturlaugssyni formanni ÍA orðið til að flytja skýrslu framkvæmdarstjórnar ÍA. Sturlaugur bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna. Í ræðu sinni fór Sturlaugur yfir starfsemi Íþróttabandalagsins á árinu 2010. Hann gerði grein fyrir kjörinu á íþróttamanni Akraness og þeim fjölda titla sem íþróttafólk innan raða ÍA hafi unnið á árinu. Hann kom einnig inná að nú væri 65 ára afmælisár ÍA og gerði grein fyrir sögusýningunni „Íþróttir á Akranesi

í 100 ára“. Sturlaugur fór yfir hin ýmsu verkefni ÍA á árinu. Hann kom inná fjármál hreyfingarinnar sem væru sem betur fer í jafnvægi. Hann sagði að sjálfbóðaliðar hreyfingarinnar væru að vinna þrekvirki en óttaðist að úthald þeirra færi minnkandi. Það tekur á að halda úti og fjármagna það viðamikla og metnaðarfulla starfi sem fram fer innan raða ÍA. Sturlaugur hvatti bæjaryfirvöld til að auka rekstrarstyrki til íþróttahreyfingarinnar sem og að halda áfram að vinna að frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja. Klára þyrfti að gera nýjan rekstrar-/framkvæmdasamning við Akraneskaupstað sá síðasti lauk í lok árs 2009. Að lokum þakkaði hann öllum sjálfbóðaliðum og velunnurum íþróttahreyfingarinnar á Akranesi. Hvatti hann alla til að horfa bjartsýn fram á veginn.

### Ársreikningar ÍA

Næst gaf þingforseti ÍA Jóni Þór Þórðarsyni íþróttfulltrúa ÍA orðið til að fara yfir ársreikninga ÍA, Jón Þór gerði grein fyrir ársreikningum íþróttabandalagsins fyrir árið 2010 og skýrði þar út helstu liði. Hann fór einnig yfir fjárhagsáætlun bandalagsins fyrir árið 2011 og gerði grein fyrir ársreikningum í tengslum við Minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar. Tekjur Íþróttabandalagsins voru um 18,6 m.kr. Tap var á rekstri Íþróttabandalagsins uppá um 900 þús.kr. Það er einkum tilkomið vegna framkvæmda í Íþróttamiðstöðinni uppá um 6 m.kr. sem eru gjaldfærðar innan ársins. Eignir Íþróttabandalagsins eru um 45,7 m.kr., þar af er fasteignamatsverð í Íþróttamiðstöðinni um 21,4 m.kr. Þingforseti þakkaði Jóni Þór fyrir og gaf orðið laust um ársskýrslu og ársreikninga. Fleiri kváðu sér ekki hljóðs undir þessum lið og bar þingforseti því ársskýrslu og árs-



reikninga upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

### Hafsteinn Pálsson, fulltrúi ÍSÍ

Því næst gaf þingforseti Hafsteini Pálssyni fulltrúa ÍSÍ orðið. Hafsteinn bar ÍA kveðju frá framkvæmdastjórn ÍSÍ. Hann óskaði ÍA til hamingju með vel unnið starf og gott þing. Hann fagnaði því að sjá siðareglur á dagskrá þingsins. Hafsteinn hvatti okkur til þess að halda áfram þessu fjölbreytta íþróttastarfi og þá ekki síst almenninguþróttum.. Hann kom inná mikilvægi þess að íþróttahreyfingin stæði vörð um helstu tekjustofna sína sem eru Lottó og getraunir. Hafsteinn sagðist þó einkum vera kominn til þess að afhenda Sturlaugi Sturlaugssyni formanni ÍA heiðursmerki ÍSÍ. Sturlaugur er búinn að vera formaður ÍA síðan 1999. Hann hefur unnið ómetanlegt starf í þágu íþróttanna á Akranesi í áratugi og er vel að þessari heiðursviðurkenningu kominn. Þingforseti þakkaði Hafsteini fyrir góð orð í okkar garð og óskaði Sturlaugi til hamingju með heiðursviðurkenninguna.

### Umræður um ársskýrslu og reikninga

Þingforseti gaf orðið laust til umræðu um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Gísli Gíslason formaður Knattspyrnufélags ÍA kvað sér hljóðs. Gísli sagði að við gætum verið stolt af starfi íþróttahreyfingarinnar á Akranesi og þar væri unnin mikil og góð vinna. Hann þakkaði Sturlaugi fyrir góð störf sem og framkvæmdastjórn ÍA. Gísli sagði að það væru ærin verkefni framundan, iðkendur ÍA væru um 2.500 og þar af um 1.300 börn og unglingar. Hann skoraði á Akraneskaupstað að halda áfram að bæta íþróttaaðstöðuna og styðja fjárhagslega betur við bakið á íþróttahreyfingunni. Honum fannst fagleg tengsl við bæin hafa rofnað og að það vantaði faglega tengingu frá Akraneskaupstað við ÍA. Gísli vitnaði í ræðu Ólafs Rafnssonar forseta ÍSÍ á nýafstöðnu íþróttahringi um að ríki og sveitarfélög þyrftu að styðja betur við íþróttahreyfinguna. Í því sambandi lagði hann fram tvær ályktanir sem hann óskaði eftir að þingforseti legði fyrir þingið til samþykktar.

### Ályktun 1

*Fulltrúar á þingi Íþróttabandalags Akraness þann 14. apríl árið 2011 skora á bæjarfulltrúa Akraneskaupstaðar að hækka fyrirhugaðan rekstrarstyrk til íþróttahreyfingarinnar umtalsvert í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu, þar sem enn erfiðara er að halda úti rekstri íþróttahreyfingarinnar m.a. vegna samdráttar í tekjum styrktaraðila og fjölskyldna. Rekstrarstyrkur Akranesbæjar á árinu 2010 nam um 5% af rekstrarþörf íþróttahreyfingarinnar á því ári.*

### Ályktun 2

*67. ársþing ÍA, haldið Jaðarsbökkum fimmtudaginn 14. apríl styður heilshugar sjónarmið forseta ÍSÍ, Ólafs Rafnssonar, sem fram kom í ræðu hans á 70. íþróttahringi ÍSÍ 8. – 9. apríl 2011. Þar varaði hann stjórnvöld við því að ráðast að tekjustofnum íþróttahreyfingarinnar, og skerða framlög ríkisins til íþróttar frekar en orðið er.*



*Ársþing ÍA minnir sveitarfélög og ríkið á mikilvægi íþróttar og íþróttahreyfingarinnar og skorar á þessa aðila að styðja fjárhagslega betur við bakið á íþróttahreyfingunni. Aðeins þannig verður börnum og ungmennum tryggð holl og þroskandi viðfangsefni innan vébanda íþróttanna og þannig næst öflug viðspyrna gegn vímuefnanotkun. Ársþing ÍA fullyrðir að hverri krónu sem varið er til íþróttar sé varið í arðsama fjárfestingu.*

Þingforseti bar ályktanirnar upp til samþykktar og voru þær báðar samþykktar samhljóða.

### Skattur til ÍA

Þingforseti gat þess að ÍA hefði ekki rukkað aðildarfélög sín um neinn skatt undanfarinn ár og lagði til að svo yrði áfram. Tilaga þess efnis að skattur til ÍA yrði áfram 0 var samþykkt samhljóða.

### Siðareglur ÍA

Þingforseti gaf Sturlaugi orðið til að kynna siðareglur ÍA. Sturlaugur fór yfir innihald siðareglanna. Markmið þeirra væri að skerpa á þeim atriðum sem við viljum að séu viðhöfð innan hreyfingarinnar. Þeim væri ætlað að vera leiðbeinandi fyrir þá sem koma að íþróttahreyfingunni hvort sem það eru iðkendur, þjálfarar, stjórnarfolk eða foreldrar. Sturlaugur hvatti til þess að siðareglurnar yrðu kynntar en frekar innan félaganna. Þingforseti gaf orðið laust varðandi siðareglurnar. Sævar Haukdal formaður FIMA kvað sér hljóðs og fagnaði því að ÍA setti sér siðareglur. Hann sagði að fimleikafélagið væri að taka þær upp hjá sér til að vinna eftir. Sævar vildi einnig nota tækifærið til að koma inná fjármál íþróttafélaganna og lýsti þörfinni á því að léttu vinnu sjálfboðaliðanna. Hvatti hann bæjaryfirvöld til að auka styrki til íþróttastarfsins og jafnframt huga að brýnni þörf á bættri íþróttaaðstöðu eins og td. fimleika.

## Ný aðildarfélag í ÍA

Þingforseti kynnti á þinginu að Knattspyrnufélagið Kári hafi verið endurvakið og óskaði eftir að aðild þess að Íþróttabandalaginu yrði gerð virk. Var það samþykkt samhljóða.

## Kosning framkvæmdarstjórnar ÍA

Þá var komið að því að kjósa í framkvæmdastjórn ÍA. Þingforseti las upp tillögu til formanns og varaformanns þá Sturlaug Sturlaugsson og Ellert Ingvarsson, sú tillaga var samþykkt með lófaklappi. Tillaga um aðra í framkvæmdastjórn: Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Karl Þórðarson og Laufey Sigurðardóttir. Tillaga að varamönnum þau: Halldór Fr. Jónsson og Hugl Harðarson. Þessar tillögur voru einnig samþykkt einróma.

Tillaga um félagskjörna skoðunarmenn þá: Bergþór Guðmundsson og Kára Stein Reynisson, þeir voru samþykktir einróma. Tilnefning fulltrúa á ÍSÍ þing var vísað til framkvæmdastjórnar ÍA. Tillaga um stjórn Minningarsjóðs Guðmundar Sveinbjörnssonar þau: Sturlaugur Sturlaugsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Guðlaug Sverrisdóttir, þessi tillaga var samþykkt einróma.

## Önnur mál

Þingforseti gaf orðið laust undir önnur mál. Guðmundur Páll Jónsson bæjarfulltrúi kvað sér fyrst hljóðs. Hann þakkaði ÍA fyrir gott starf og þá ábyrgð sem sýnd væri í fjármálum hreyfingarinnar. Hann sagðist taka alvarlega þær ályktanir sem samþykktar hafi verið á þinginu. Það væri engu að síður ekki það auðveldasta að deila takmörkuðum fjármunum bæjarins. Leita þyrfti leiða til að koma styrkari stöðum undir starfið og huga áfram að uppbyggingu íþróttamannvirkja. Ekki mætti gleyma að jákvætt hugarfar er ekki síður mikilvægt og góð íþróttaaðstaða. Aðstaðan væri nú þegar að mörgu leiti mjög góð en gera mætti betur. Það væri þó jákvætt hugarfar sem fleytti mönnum langt til betri árangurs. Guðmundur ítrekaði þakkir sínar og vænti þess að eiga áfram góða samvinnu við íþróttahreyfinguna.



Árni Múli Jónasson bæjarstjóri kvað sér hljóðs og þakkaði fyrir gott og fróðlegt þing. Hann sagðist gera sé vel grein fyrir því sem íþróttahreyfingin stendur fyrir og að rekstur hennar að væri bullandi varnaleikur líkt og hjá flestum öðrum. Þrátt fyrir allt eiga íþróttir að vera skemmtilegar og jákvætt að vera liðsmaður. Ítrekaði hann þakkar sínar og óskaði ÍA velfarnaðar í starfi.

Anna Bjarnadóttir frá Umf. Skipaskaga kvað sér hljóðs og vildi koma á framfæri að nú færi fram í fyrsta skipti Landsmót 50 ára og eldri. Ítrekaði hún vonir Skipaskaga um að unglingalandsmót UMFÍ yrði haldið á Akranesi í náninni framtíð. Bætt aðstaða fyrir frjálsíþróttir væri í raun það eina sem uppá vantar. Að lokum þakkaði hún fyrir gott þing.

## Þingslit

Fleir kváðu sér ekki hljóðs. Þingforseti þakkaði fyrir gott þing og fól Sturlaugi Sturlaugssyni að slíta þinginu. Sturlaugur þakkaði aðildarfélagunum fyrir sitt mikilvæga starf. Hann þakkaði fyrir góða kosningu og hlakkaði til að vinna með nýju fólki. Hann þakkaði hann Ellerti fyrir forsetastörfin og Jóni Þór fyrir samantektina í ársskýrslu ÍA. Óskaði hann öllum aðildarfélagunum velfarnaðar og hvatti þau til áframhaldandi góðra verka. Að lokum þakkaði Sturlaugur fyrir gott þing og sleit 67. ársþingi ÍA



# Ársskýrslur aðildarfélaganna

## Badmintonfélag Akraness

Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum 30. mars 2011. Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir. Ein breyting varð á stjórn félagsins frá fyrra ári. Einar Maríasson meðstjórnandi gaf ekki kost á sér og í hans stað kom nafni hans Einar O. Einarsson. Aðrir stjórnarmeðlimir sem sátu áfram voru Svanborg Þórdís Frostadóttir formaður, Irena Rut Jónsdóttir ritari, Kristín Halldórsdóttir gjaldkeri og Anna Kristjánsdóttir meðstjórnandi.

Fjöldi iðkenda undanfarin ár hefur verið nokkuð svipaður og voru tæplega 100 talsins sem skiptust í 4 flokka auk trimmara. Félagið hefur átt miklu láni að fagna undanfarin ár í þjálfaramálum og var engin breyting á því í ár. Aðalþjálfari 1. flokks var Broddi Kristjánsson. Aðalþjálfari 2,3 og 4 flokks var Helgi Magnússon og aðstoðarþjálfarar Írena Jónsdóttir, Egill Guðlaugsson, Karitas Eva Jónsdóttir og Birgitta Ásgeirsdóttir.

Badmintonfélag Akraness stóð fyrir þremur opnum badmintonmótum á árinu. Atlamótið var haldið í októberbyrjun 2011 þar sem keppt var í meistara-, A og B flokki fullorðinna. Grislinga-mótið í janúar 2012 og Landsbankamót ÍA, unglíngamót í febrúar 2012. Öll mótin gengu mjög vel fyrir sig og árangur keppenda góður. Iðkendur félagsins tóku þátt í fjölda annarra móta á árinu, bæði unglíng- og fullorðinsmótum og hafa staðið sig mjög vel. Góður árangur hefur náðst, krakkarnir hafa tekið miklum framförum og unnið til fjölda verðlauna á mótunum. Mikil sátt ríkir um það þó iðkendur vilji aðeins æfa en sleppa keppnum og opnir æfingartímar á sunnudögum hafa verið mjög vel nýttir og ánægjulegt að sjá fólk á öllum aldri spila saman – jafnvel heilu fjölskyldurnar.

Um páskana 2011 fór tæplega 20 manna hópur úr 1. flokki í 6 daga keppnisferð til Danmerkur á ISCA mót. Þar voru keppendur bæði frá norðurlöndum sem og nokkrum öðrum Evrópulöndum. Félagið vill sérstaklega koma á framfæri þakklæti til bæjarbúa fyrir góðan stuðning vegna þessarar ferðar.

Stærsta badmintonmót ársins, Íslandsmót unglíngs, var haldið í Mosfellsbæ 2.-4. mars s.l. ÍA keppendur stóðu sig öll mjög vel og unnu til fjölda verðlauna. Við eignuðumst 3 Íslandsmeistara og fengum 5 silfur. Íslandsmeistarar félagsins eru:

Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir sem vann gull í einliðaleik U-13 Harpa Kristný Sturlaugsdóttir vann gull í tvenndarleik U-13 og Andri Snær Axelsson sem vann bæði gull í tvenndarleik U-13 og einliðaleik U-11. Næsta stórmót er Meistaramót Íslands, 30. mars - 1. apríl n.k. en þar munu allir elstu og bestu keppendur félagsins taka þátt. Síðasta mót ársins er Akranesmeistaramótið 13. maí, sem lýkur svo með lokahófi félagsins að vanda.

Eins og undanfarin ár átti félagið marga fulltrúa í landsliðum Íslands og fóru þeir reglulega á æfingar og í ferðir á vegum

landsliðsins. Í A-landsliðshópnum eru Una Harðardóttir, Ragnar Harðarson og Egill Guðlaugsson, en hann tók þátt í Evrópumóti landsliða karla og kvenna.

Í U19 og U17 landsliðshóp er Steinn Þorkelsson, Snorri Kristleifsson, Alexandra Ýr Stefánsdóttir, Halldór Axel Axelsson, Helgi Grétar Gunnarsson, Daníel Þór Heimisson.

Í U13 og U15 æfingáurtakshóp eru Andri Snær Axelsson, Alexander Örn Kárasen, Steinar Bragi Gunnarsson, Matthías Finnur Vignisson, Davíð Örn Harðarson, Árni Teitur Þrastarson, Elvar Már Sturlaugsson, Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir, Harpa Kristný Sturlaugsdóttir og Dalrós Sara Jóhannsdóttir.

Sameiginlegar æfingabúðir Færeyja, Grænlands og Íslands voru haldnar í Illúisat í Grænlandi í vikutíma í ágúst og þar átti félagið þrjá fulltrúa sem valdir voru til þátttöku af landsliðsþjálfara. Þetta voru þau Alexandra Ýr Stefánsdóttir, Andri Snær Axelsson og Helgi Grétar Gunnarsson. Ennfremur bauðst þjálfara hópsins Irenu Rut Jónsdóttur að fara á þjálfaranámskeið en komst hún því miður ekki með vegna meiðsla.

Á árinu var farið út í að endurnýja æfingafatnað iðkenda. Tekin var ákvörðun í þetta sinn að hvíla aðeins gula litinn. Á meðfylgjandi mynd má sjá iðkendur í fullum skrudða Badmintonfélagið varð 35 ára í nóvember sl. og í tilefni af afmælisári fóru eldri iðkendur í æfingabúðir yfir helgi til Reykjavíkur en yngri hópurinn skemmti sér í á heimaslóðum í sundlaugarpartýi í Bjarnalaug. Allir iðkendur fengu líka jólagjöf frá félaginu í tilefni afmælisins.

Almennur rekstur félagsins var rekinn með tapi í ár en nokkuð af því skýrist af því, að lagt var í nokkurn kostnað vegna 35 ára afmælisárs félagsins. Auk æfingagjalda voru helstu fjáraflanir eldhús- og salernispappírsala og dagatal. Mikilvægt er að allir iðkendur séu duglegir að sinna fjárflokkum því ella þarf að hækka æfingagjöldin sem tekist hefur að halda í lágmarki undanfarin ár. Félagið þakkar kærlega fyrir stuðning Landsbanka Íslands á Akranesi, Akraneskaupstaðar og ÍA sem er félaginu mjög mikilvægur.





## Blakfélagsið Bresa

Starfsemi blakfélagsins Bresa var með líku sniði og undanfarin ár. Aðalfundur var haldin í apríl 2010 með hefðbundnu sniði í íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum og var mæting ágæt.

Stjórn blakfélagsins Bresa er því þannig skipuð: Steindóra Steinsdóttir formaður, Jóna Björg Olsen ritari og Ragnheiður Ragnarsdóttir gjaldkeri. Endurskoðendur eru Hrefna Guðjónsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir. Steindóra formaður tilkynnti að hún gæfi ekki kost á sér lengur sem formaður. Er unnið í því að finna nýjan formann.

Skráðir félagar eru um 25.

### Æfingar

Æfingar hófust um mánaðarmótin ágúst/september að fullum krafti líkt og undanfarin ár og var æft á Jaðarsbökkum. Æfingar fyrir karla og konur eru á mánudögum kl:20:30 og á fimmtudögum kl:20:00 að Jaðarsbökkum.

### Keppni

Bresi sendi eitt lið til leiks í 3. Deild Íslandsmótsins í blaki veturinn 2010-2011. Og eitt lið í 4. Deild. Leikið var í turneringum.

### Hraðmót.

Kvennalið Bresa tók þátt í 4 hraðmótum á árinu 2011.

Trimmót HK 1 lið

Þorramót Aftureldingu 2 lið

Haustrmót BLÍ 1 lið

Piparkökumót Fylki 1 lið

### Öldungamót.

36. öldungamót BLÍ var haldið í Vestmanneyjum. Gist var á gistiheimili í Vestmanneyjum. Að þessu sinni sendi Bresi 2 kvennalið og var árangur eftirfarandi

3. deild 3.sæti

5. deild 4.sæti

### Bresamót

Hið árlega Bresamót var haldið 12.mars og var þátttaka ágæt alls 11 kvennalið. Leikið var á 3 völlum eins og vanalega. Mótið gekk vel, en voru heldur færri lið en árinu áður.

## Fimleikafélag Akraness

Árið 2011 var gott ár fyrir FIMA. Á síðasta aðalfundi var fyrri stjórn endurkosin Stjórnina skipuðu Sævar Haukdal formaður, Hjörtur Hróðmarsson varaformaður, Pálmi Haraldsson gjaldkeri, Margrét Kristinsdóttir ritari og Bjarki Jóhannesson meðstjórnandi. Yfirþjálfari félagsins er Zoltan Demény. Stjórn félagsins hélt áfram harðri baráttu við að rétta af rekstur félagsins og ef sambærilegur árangur næst á yfirstandandi rekstrarári er endurreysnar tími brátt á enda og tímabært að horfa frammá veginn með metnaðarfull markmið um bætta aðstöðu og enn betri árangur á keppnisgólfinu.

Helstu styrktaraðilar félagsins á árinu voru Norðurál og Íslandsbanki en því til viðbótar kom mikilvægt framlag frá Íþróttabandalaginu sem og mjög mikilvægur stuðningur frá Akraneskaupstað, þar kom bæjarfélagið myndarlega að því að bæta úr brýnni þörf á endurnýjun hluta af áhöldum félagsins. Hagnaður félagsins árið 2011 er 2,3 milljónir á móti 300 þúsund kr hagnaði árið áður. Stjórn félagsins stefnir að því að skila góðri afkomu á árinu 2012 og ljúk við nauðsynlega sjóðs uppbyggingu félagsins svo það sé fært um að taka á óhjákvæmilegum sveiflum í rekstri. Innheimtuhlutfall iðgjalda er óásættanlegt og er það megin verkefni stjórnar að bæta það hlutfall og setja upp stífari reglur í þeim efnum. Nýtt innheimtukerfi hjá ÍA, Nóri, skipar stóran sess í þeim efnum sem og bæt看 eftirlit og yfirsýn. Ef vel tekst til verður hægt að hægja á hækkunarþörf iðgjalda, öllum til hagsbóta.

Allt utanumhald um faglegt starf félagsins og upplýsingagjöf hefur tekið miklum breytingum og á yfirþjálfari mestan heiður af því. Menntunar áætlun þjálfara hefur gengið vel undanfarin ár og hefur FIMA nú á að skipa fjölmörgum menntuðum þjálfurum sem eru að hlaða í reynslubankann á hverju ári. Áframhaldi þátttaka á þjálfara- og dómara námskeiðum FSÍ eru meðal þeirra krafa sem gerðar eru til þjálfara okkar. Fjöldi þjálfara og aðstoðarþjálfara innan félagsins eru yfir 30 talsins. Foreldraráð félagsins, sérstaklega það sem er fyrir eldri iðkendurnar tóku virkan þátt í fjáröflunarstarfi félagsins og Eurogym hópsins og gekk sú söfnun ágætlega en vegna mikils kostnaðar var ákveðið að hætta við þátttöku að þessu sinni og stefna á æfingakerfið á næsta ári í staðinn.

Heildar iðkenda fjöldi innan raða FIMA var yfir 420 í lok árs sem er talsverð fjölgun á milli ára. Iðkenda fjöldi í yngstu hópunum heldur áfram að vaxa og brottfall eldri iðkenda er mjög lítið. Parkour er í mikilli sókn og þrátt fyrir að tveimu hópum hafi verið komið inni dagskrá okkar þá er biðlisti. Ég tel vaxtarmöguleika þessarar íþróttagreinar mjög mikla, sérstaklega í strákahópum. Íþróttaskóli félagsins naut mikilla vinsælda líkt og undanfarin ár en nú í haust buðum við uppá nýjung sem eru einskonar „Ungbarna fimleikar“ þar sem börn á aldrinum 9-24 mánaða takast á við vel undirbúnar og krefjandi þrautir. Það er gaman að sjá hvað börnin geta og hvað þau virðast hafa gott af þessari örvun. Ánægja skín úr hverju andliti, bæði hjá börnum og stolltum foreldrum. Félagið bauð uppá fimleika námskeið fyrir 12 ára og yngri æfingar fyrir 13 ára og eldri síðastliðið sumar og var þátttakan alls ekki ásættanleg miðað við þá metnaðarfulli dagskrá sem í boði var og verður dregið





verulega saman í sumar vegna þess og einungis boðið uppá æfingar fyrir keppnishópa í júní og ágúst.

FIMA átti fjölmarga keppnishópa í hópfinleikum á árinu 2011. Árangur félagsins var ekki samkvæmt væntingum og má m.a. rekja ástæður þess að veikindi og meiðsli ollu vandræðum í frekar litlum hópum. Nú þegar við sjáum keppnishópana stækka og góðan árangur á fyrstu mótum ársins er sorglegt að vera ekki kominn með samskonar aðstöðu og önnur sambærileg fimleikafélög eru með. Sá aðstöðumunur sem er m.a. fólgin í gryfjum og auknum tíma til ráðstöfunar breiðkar sífellt bilið á milli okkar og þeirra bestu, sérstaklega í eldri hópum og þá þróun verðum við að stöðva sem fyrst með nýrri aðstöðu. FIMA verður brátt eina stóra fimleikafélagið sem hefur ekki sérhæfða aðstöðu og verða allir innan hreyfingarinnar og bæjarfélagsins að leggja á eitt um að finna leiðir til framkvæmda sem myndu ekki einungis þjóna mikilvægum hagsmunum FIMA heldur fjölmörgum öðrum hópum um leið. Á árinu 2012 mun stjórn og þjálfarar setja niður sameiginleg markmið með iðkendum og foreldrum hvers hóps fyrir sig því án 100% mætingar og fókus á verkefni næst ekki árangur í liðsþrótt eins og hópfinleikum. Félagið sendi fjölmargar stúlkur og drengi til að taka þátt í einstaklings fimleikum FSÍ og þar kom í okkar hlut alls 31 gullverðlaun A og B flokki. Þessi árangur sýnir að geta einstaklinga innan félagsins er góð og breiddin sífellt að aukast.

FIMA tilnefndi Ástrós Líf Rúnarsdóttir til íþróttamanns Akraness fyrir árið 2010 en Ástrós Líf vann til fjölda Íslandsmeistara titla í almennum fimleikum og er fyrirmyndar iðkandi og þjálfari.

## Golfklúbburinn Leynir

Golfárið 2011 var 46. starfsár Golfklúbbsins Leynis. Golfsumarið 2011 var með hefðbundnu sniði, heldur færri hringir voru skráðir spilaðir á Garðavelli samanborið við árið áður. Ástand vallarins var heilt yfir mjög gott þrátt fyrir kalt veðurfar í vor og fram í júní. Karlavéit GL stóð uppi sem sigurvegari í 2.deild í sveitakeppni og vann sér þátttökurétt meðal þeirra bestu að ári í 1.deild. Af rekstri GL bar það hæst á árinu að efnahagur klúbbsins tók stakkaskiptum í kjölfar

endurútreiknings á lánum klúbbsins og svo nú undir lok árs var undirritaður framkvæmdasamningur um byggingu vélaskemmu við Akraneskaupstað. Í eftirfarandi greinargerð ársins 2011 er starfssemi klúbbsins gerð skil. Þá eru aðrar skýrslur starfandi nefnda hjálagðar.

### Aðalfundur 1. desember 2010

Á aðalfundi GL þann 1. desember 2010 var kosin ný stjórn fyrir núverandi starfsár 2011.

Úr stjórn gengu :

- Formaður til eins árs: Viktor Elvar Viktorsson
  - Stjórnarmenn til tveggja ára: Hörður Kári Jóhannesson og Tryggvi Bjarnason
  - Varamaður til eins árs: Ella María Gunnarsdóttir
- Kosnir í nýja stjórn fyrir starfsárið 2011 voru:
- Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson.
  - Stjórnarmenn til tveggja ára: Hörður Kári Jóhannesson og Tryggvi Bjarnason
  - Varamaður í stjórn til eins árs: Ella María Gunnarsdóttir

Áfram sátu Halldór Hallgrímsson og Eiríkur Jónsson, kosnir til 2 ára.

Aðalfundur fór fram með hefðbundnum hætti.

### Starf stjórnar á árinu

Haldnir voru 12 formlegir bókfærðir fundir stjórnar GL þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli eins eru tölvupóstsendingar mikið notaðar til skrafs og ráðagerða. Samskipti stjórnar var á þann veg mikil og góð á árinu. Skuldastaða klúbbsins var mikið til umræðu innan stjórnar, einnig voru virk og góð samskipti við lánadrottinn um mögulegar leiðir til úrlausnar. Lánamálin komust loks á hreint á haustmánuðum þegar ljóst var orðið að gengistryggð lán voru dæmd ólögleg og lánið því endurreiknað og leiðrétt. Mikill tími stjórnar fór í undirbúning, fundahald og samningaviðræður við Akraneskaupstað er varðaði byggingu á vélaskemmu á athafnarsvæði klúbbsins. Þann 5. desember var svo endanlega gengið frá framkvæmdasamning um byggingu á 500 fm vélaskemmu með undirritun, eftir að samningurinn hafði farið sinn eðlilega farveg í gegnum stjórnarsýsluna. Er það því mikið fagnaðarefni fyrir Leynismenn að fljótlega geta framkvæmdir við bygginguna hafist. Í nóvember var haldinn almennur félagsfundur hjá klúbbum þar sem fyrirbyggjandi samningur var kynntur félagsmönnum og einnig áætlanir stjórnar um framkvæmdir við skemmuna. Félagfundur samþykkti áætlanir stjórnar um vélaskemmuna og að ákveðnum hluta af sjóðum klúbbsins yrði varið í að byggingu hennar að fokheldi. Nú þegar einungis eitt ár er eftir af samstarssamningi við GR þá voru töluverðar umræður og vinna tengd því með hvaða móti og einnig hvort um mögulegt framhald á samstarfi við GR gæti orðið. Það

Golfklúbburinn Leynir er mat stjórnar að huga beri tímlega að þessum hlutum þar sem mikil breyting verður á rekstri klúbbsins ef allur rekstur flyst á nýjan leik til GL og því mun stjórn leitast við það að það muni liggja ljóst fyrir í vetur hvernig framhaldið á rekstri klúbbsins mun líta út. Samstarfssamningur við GR Fjórða sumar samstarfs GL og GR gekk snuðrulaust fyrir sig, samskipti með besta móti og var almenn ánægja með umhirðu vallarins og almennt ástand.

Nokkrir fundir, formlegir og óformlegir, voru haldnir með formanni og framkvæmdastjóra GR varðandi samstarfið og svo einnig þreifingar varðandi framhald á því ágæta samstarfi sem klúbbarnir eiga í í dag. Það er mat stjórnar GL að sá samningur sem í gangi er við GR sé mjög jákvæður fyrir báða aðila, á þessari stundu er óljóst hvort eða þá hvernig mögulegt framhald á samstarfi við GR gæti litið út. Eitt er þó ljóst að til þess að reka og bjóða uppá völl eins og Garðavöll á landsmælikvarða þarf að kosta miklu til og með góðum samstarfi eða samningum milli klúbba er vel hægt að spara mikinn kostnað og gera rekstur klúbbs eins og GL lífvænlegri til lengri tíma litið. Þegar núverandi samningur rennur sitt skeið er ljóst að efnahagur GL er kominn fyrir vind og nettó skuldi klúbbsins komnar í sögulegt lágmark. Til lengri tíma litið þarf klúbbur eins og GL að vera rekinn skuldlaus og er það markmið núverandi stjórnar að koma klúbbum í þannig horf. Nefndastarf var með hefðbundnum hætti starfsárið 2011. Starfandi nefndir voru Barna- og unglinganefnd, afreksnefnd, kvennanefnd, vallarnefnd, forgjafanefnd, aganefnd og mótanefnd.

### Keppnisgolf og afreksfólk

Valdís Þóra var kjörin Íþróttamaður Akraness í byrjun árs 2011, fjórða árið í röð. Valdís Þóra var sem fyrr í fremstu röð í kvennagolfinu, tók þátt í landsliðsverkefnum á vegum GSÍ og var í baráttunni í flestum mótum sumarsins náði þó ekki að fylgja eftir frábærum árangri árána á undan. Valdís Þóra er mikill afrekskyllingur og hefur haldið flaggi okkar Leynis félaga á lofti í keppnisgolfi á undanförunum árum. Leynisfélagar eru stoltir af því að eiga afrekskonu eins og Valdísi innan síns klúbbs og eru spenntir að bíða eftir því að hún springi út á nýjan leik á næsta keppnistímabili. Pétur Aron Sigurðsson náði góðum árangri á Íslandsmóttinu í holukeppni í flokki 15-18 ára en þar náði hann alla leið í úrslit keppinnar en varð að jata sig sigraðann þar og náði þar með öðru sæti mótsins. Sameinuð sveit GL og GKJ náði góðum árangri í sveitakeppni 16-18 ára þegar þeir gerðu sér lítið fyrir og náðu 2 sæti í sveitakeppni pilta. Tvær sveitir voru sendar í sveitakeppni 15 ára og yngri og stóðu þær sig báðar með stakri þrýði. GL sendi sveit karla og kvenna til leiks í Sveitakeppni GSÍ. Karlarnir léku í 2. deild sem fram fór á Strandavelli á Hellu. Liðið lék mjög vel undir styrkri liðsstjórn Davíðs Búasonar og sigraði 2. Deildina og vann sér sæti í 1. deild. Konurnar léku í 1.deild á Hvaleyrarvelli hjá Keili og stelpurnar náðu ekki að fylgja eftir góðum árangri frá árinu á undan og náðu ekki að halda sæti sínu í efstu deild og munu leika í 2.deild árið 2012. Karlasveit öldunga 55 ára og eldri lék í Vestmannaeyjum. Sveitinni gekk ekki nógu vel og endaði fyrir neðan miðjan hóp. Þá vann sveit Golfklúbbsins Leynis Vesturlandsmótið sem haldið var á Garðavelli undir lok ágúst.

### Félagafjöldi

Félagsmönnum í GL fækkaði á árinu 2011 úr 440 niður í 371, eða fækkun um 69 félagsmenn. Slæmt veður við upphaf golf tímabilsins og erfitt efnahagsástand spilar þar trúlega stórt hlutverk. Aldrei hafa fleiri verið skráðir félagsmenn heldur en á árinu 2010 fjöldi félagsmann er nú kominn niður í svipaðan fjölda og á árinu 2009. Skipting félagsmanna niður í aldurshópa er nokkuð í takt við aldursskiptingu kyllinga á lands-



vísu, þó eru heldur færri kyllingar 50 ára og eldri heldur en á landsvísu og á móti fleiri kyllingar í aldurshópnum undir 20 ára. Skipting félagsmanna niður á konur, karla og unglinga er eftirfarandi. Ánægjulegt er að sjá að fjöldi kvenna í klúbbum hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum og er félagsstarf þeirra í miklum blóma. Þátttaka stúlkna í GL mætti vera meiri og þörf er á að gera átak í þeim efnum til að fjölga í þeirra hópi.

### Mótahald

Mótahald gekk mjög vel sumarið 2011 og var starf mótanefndar með miklum ágætum. Árin 2011 var þriðja árið í röð sem met var bætt í mótahaldi hjá GL. Þessi mikla þátttaka sem var í mótum GL skýrist að einhverju leiti af þeirri góðu reynslu sem komin er á mótaraðir sem settar hafa verið upp, t.a.m. miðvikudagsmóttin, gráa mótaraðin og hvíta mótaraðin. Þrátt fyrir afleitt veður í upphafi golf tímabilsins þá var góð þátttaka í mótum sem varð svo enn og betri þegar veður tók að verða betra í júlí og ágúst. GL hélt 4 opin mót í sumar og voru þau vel sótt. Leiknar voru nokkrar mótaraðir sem styrktar voru meðal annars af HB Granda og Landsbankanum. Eins og fyrr sagði þá tókust þær mótaraðir einstaklega vel og þátttakendafjöldinn aldrei verið meir en í ár og eru klárlega búnar að festa sig í sessi.

Mótafjöldi 2011:

Innanfélagsmót 54

Opin mót 4

GSÍ mót 1

Alls fjöldi móta 59

Þátttaka í mótum var mjög góð og hefur verið tekinn saman listi hér að neðan yfir þá 10 kyllinga sem hvað öflugastir voru að mæta í mótin.

## 68. ársþing ÍA

Guðjón Svavar Böðvarsson 24  
Bryndís Rósa Jónsdóttir 22  
Davíð Búason 21  
Þórður Elíasson 21  
Haukur Þórisson 21  
Ingi Fannar Eiríksson 21  
Sigríður E Blumenstein 20  
Tryggvi Bjarnason 20  
Bjarni Bergmann Sveinsson 20  
Davíð Örn Gunnarsson 19

Meistaramót Leynis var haldið dagana 4. – 12. júlí. Þátttakan fór framar öllum vonum eins og árið áður og var annað árið í röð fjöldametið sett þar sem 135 félagsmenn tóku þátt. Lokahóf mótsins var síðan haldið í sal Íþróttabandalagsins eins og árið áður þar sem fjöldinn var skálanum okkar um megn. Klúbbameistarar urðu eftirfarandi:

Meistaraflokkur kvenna: Valdís Þóra Jónsdóttir

1. flokkur kvenna:

2. flokkur kvenna:

Elín Dröfn Valsdóttir

María Björg Sveinsdóttir

3. flokkur kvenna: Ingibjörg Stefánsdóttir

Heldri flokkur kvenna 50+: Hrafnhildur Sigurðardóttir

Meistaraflokkur karla: Helgi Dan Steinsson

1. flokkur karla: Pétur Aron Sigurðsson

2. flokkur karla: Haukur Þórisson

3. flokkur karla: Brynjar S. Sigurðarson

Heldri flokkur karla 55+: Björn Bergmann Þórhallsson

Unglingaflokkur 15-18 ára: Þórður Páll Fjalarsson

Unglingaflokkur 13-15:

Unglingaflokkur 12 ára og yngri:

Guðmundur Sigurbjörnsson

Hilmar Halldórsson

Mótanefnd á sérstakar þakkir skildar fyrir vel unnin störf í sumar enda ber fjöldi móta sem og þátttakenda í þeim glöggt með sér að þar hefur verið byggt á góðu starfi ársins á undan og áfram byggt ofan á góð störf undanfarinna ára.

### Framkvæmdir á árinu 2011

Framkvæmdir á árinu 2011 voru töluvert miklar, nýtt grín var tekið í notkun á 4. Braut, nýjir stígar lagðir víða, nokkrum nýjum glompum var komið fyrir og svo var stór framkvæmd við 15. braut. Ítarlega er gert grein fyrir þeim framkvæmdum sem fram fóru í skýrslu vallarnefndar, sem á miklar þakkir skildar fyrir mikla og góða vinnu á árinu 2011. Stærsta einstaka framkvæmdin var á svæðinu á milli 15. og 16. brauta þar sem nýjir teigar voru gerðir við 15. braut og svæðið allt á milli brautanna var mótað og snyrt þannig að vel sé hægt að hirða það til framtíðar. Seinnipart sumars var svo nýja 4. flötin tekin í notkun og breytis holan sem og skor manna mikið við þessa breytingu.

### Rekstur Golfklúbbsins Leynis árið 2011

Rekstur og efnahagur klúbbsins hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum árum. Rekstrarafkoma klúbbsins hefur orðið jákvæðari með hverju árinu og áfram batnaði reksturinn á árinu 2011 en rekstrarhagnaður reiknaðist 14,7 milljónir króna og munar þar mestu um aukin félagsgjöld og auknar tekjur af



golfmótum. Tekjur ársins voru tæpar 32 milljónir eða tæpum 2 milljónum yfir rekstraráætlun á meðan rekstrargjöld stóðu nánast í stað á milli ára og voru um 3 milljónum lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Þegar heildar niðurstaða ársins 2011 er skoðuð þá er reiknaður hagnaður ársins 37,6 milljónir króna og skýrist það af því að nú á haustmánuðum voru lán klúbbsins leiðrétt og reiknuð til baka eins og um krónu lán hafi verið að ræða. Efnahagur klúbbsins lítur vel út um þessar mundir og eru nettó skuldir klúbbsins, þegar tekið hefur verið tillit til sjóðstöðu, í sögulegu lágmarki séu undanfarin ár skoðuð. Eftir endurreikning og afborganir þá stendur lán félagsins í 23,1 milljón eftir leiðréttingu höfuðstöls uppá 27,5 milljónir. Á sama tíma stendur handbært fé klúbbsins í 18,5 milljónum. Það er mikið gleðiefni fyrir GL að niðurstaða sé komin í skuldamálin og hægt að segja að staða klúbbsins sé býsna góð um þessar mundir. Markmið stjórnar er sú að halda áfram á komandi misserum að draga eins og kostur er úr skuldum félagsins án þess þó að það komi niður á gæðum starfsmennar eða vallarins.

### Starfsmannamál

Starfsmenn GL á árinu 2011 voru 3. Gylfi Sigurðsson framkvæmdarstjóri, Karl Ómar Karlsson Íþróttastjóri og golfkennari og Valdís Þóra Jónsdóttir sem aðstoðaði Karl Ómar við barna og unglingastarfið sem og við almenn störf á skrifstofu. Gylfi er eins og áður í hlutastarfi yfir vetrarmánuðina en í fullu starfi yfir sumartímann. Eins og áður hefur verið lagt upp með að félagsmenn GL hafi haft svo gott sem óheftan aðgang að Gylfa óháð árstíðum. Karl Ómar sinnti barna og unglingastarfinu innan klúbbsins eins og undanfarin ár. Hann kom einnig að starfi afrekskyflinga, var liðstjóri hjá kvennasveit Leynis í 1. auk þess að hafa umsjón með opnum tímum í Akranesshöllinni og fleira. Öflugt barna og unglingastarf er klúbbi eins og GL nauðsynlegt til framtíðar, GL hefur í gegnum tíðina alið af sér golfara á landsmælikvarða, í dag er mikill efniviður ungra kyflinga í starfinu og verður það spennandi að fylgjast með þeim vaxa og dafna í íþróttinni á komandi árum.

## Veitingasala

Birgir og Ragnhildur sáu alfarið um veitingarekstur við Garðavöll árið 2011. Gerðu þau það af miklum myndarskap og eiga þakkir skildar fyrir góða þjónustu við félagsmenn GL sem og aðra er heimsóttu Garðavöll sumarið 2011

Stjórn GL ákvað að gera samning við Golfklúbb Borgarness og um ódýrara spil fyrir félaga í GL sumarið 2011. Góð nýting var á þessum samningi og greiddi Leynir fyrir 150 hringi á Hamarsvelli á árinu.

## Umferð um Garðavöll

Það er mat stjórnar að Garðavöllur hafi verið í góðu standi í sumar þrátt fyrir risjóttá tíð framan af sumri. Fækkun varð á skráðum hringjum á vellinum frá árinu 2010. Leiknir voru 17.463 hringir skv. skráðum rástímum og 2154 mótahringir. Samtals gerir þetta 19.617 hringir. Fækkun félagsmanna og risjóttá tíð í maí og júní hefur væntanlega eitthvað að segja í þessum tölum. Fjöldi spilaðra hringja á Garðavelli undanfarin sumur skv. skráningum:

2003: 14.600 hringir  
2004: 12.100 hringir  
2005: 15.500 hringir  
2006: 16.000 hringir  
2007: 12.000 hringir  
2008: 17.231 hringir  
2009: 16.975 hringir  
2010: 22.500 hringir  
2011: 19.617 hringir

Hringir GL félaga voru skráðir 6300 og stærstur hluti leiknanna hringa á mótum GL eða um 8.000 hringir spilaðir af GL meðlimum. Hér að neðan er listi yfir 10 félagsmenn sem eru með flestar skráðar komur Garðavöll. Það er virkilega gaman að sjá þessar tölur og setja þær í samhengi, því venjulega er talað um að golf tímabil okkar Íslendinga séu þrír mánuðir, sem eru jú ca 90 dagar.

Jóhannes Karl Engilbertsson 81  
Edda Elíasdóttir 75  
Karl Alfreðsson 61  
Guðmundur Sæmundsson 61  
Arnar Dór Hlynsson 61  
Vilhjálmur E Birgisson 59  
Rafnkell Kristján Guttormsson 58  
Bjarki Þór Pétursson 58  
Guðjón Theódórsson 57  
Eiríkur Karlsson 56

## Samskipti við Akraneskaupstað

Gott samstarf var við Akraneskaupstað á árinu eins og undanfarin ár, framhaldssagan um vélaskemmuna hélt áfram á árinu sem endaði svo með því að þann 5. desember var skrifað undir framkvæmdasamning um byggingu á vélaskemmu. Sá samningur var kynntur og ræddur á almennum félagsfund í nóvember. Þessi áfangi er gríðarlega mikilvægur fyrir klúbbinn til frambúðar og ánægjulegt að sjá vilja Akraneskaupstaðar í verki með dyggri aðstoð þeirra í þessari framkvæmd.

## Styrktaraðilar

Það er hefur verið stór hluti af rekstri Golfklúbbsins Leynis að treysta á stuðning frá styrktaraðilum og velgjörðamönnum klúbbsins. Helsti styrktaraðili klúbbsins er Akraneskaupstaður og hefur GL treyst á aðkomu hans að rekstri klúbbsins og þátttöku í ýmsum framkvæmdum. Það er metnaður klúbbsins að halda úti öflugum og metnaðarfullu barna og unglingastarfi til að láta það verða að veruleika hefur GL notið þess að hafa góða styrktaraðila innna sinna vébanda og er Landsbanki Íslands einn aðal styrktaraðili starfsins líkt og undanfarin ár. Norðurál styrkir starfið einnig sem og Sjóva, Húsasmiðjan, Bónus, Síminn, Guðmundur B Hannah, Verslunin Bjarg og BS Eignir. Auk þessara aðila styrkti HB Grandi mótarið hjá GL í sumar. Einnig eru ótaldir fjölmargir smærri styrktaraðilar sem nánar er getið í skýrslum nefnda.

## Lokaorð

46. ári golfklúbbsins Leynis er nú lokið. Almennt gekk félagsstarfið vel hjá Leyni á árinu 2011, þrátt fyrir fækkun meðlima frá metárinu 2010 þá var þátttaka félagsmanna í mótum frábær. Árið 2011 er þriðja árið í röð sem aukning er í spiluðum hringjum í mótum á vegum mótanefndar, gott utanumhaldog skipulag mótanefndar í þeim fjölda sem þeir héldu á árinu er hornsteinninn í því að vel megi ganga í þeim efnum. Öflugt félagsstarf er mikilvægt fyrir klúbb eins og okkar og eykur við ánægju félagsmanna við ástundund íþróttarinnar. Félagsstarfið er borið uppi af félagsmönnum, áhuga og framlagi þeirra til starfsins. Stjórn GL vill sérstaklega þakka því fólki sem komið hefur að skipulagningu á félagsstarfinu, það vinnuframlag sem innt er af hendi er ómetanlegt til þess að gera félagsstarfið blómlegt og ánægjulegt. Mikið og gott starf nefnda á vegum GL og þeirra félaga sem í þeim starfa er gífurlega mikilvægt og skal haldið í hávegum í klúbbi eins og GL.

Valdís Þóra var sem fyrr í fremstu röð í kvennagolfinu, tók þátt í landsliðsverkefnum á vegum GSÍ og var í baráttunni í flestum mótum sumarsins náði þó ekki að fylgja eftir frábærum árangri árána á undan. Karlasveit Leynis sigraði 2. deild í sveitakeppni GSÍ og vann sér þar með sæti í efstu deild á árinu 2012 og barna og unglingastarf GL var í miklum blóma og var fjölmennur hópur barna og unglinga sem stunduðu golf.

Með framkvæmdasamning við Akraneskaupstað um byggingu vélaskemmu er stigið nýtt og spennandi skref við áframhaldandi uppbyggingu á aðstöðu okkar Leynismanna á Garðavelli. Öflug framkvæmdanefnd hefur verið sett saman undir forystu Halldórs Hallgrímssonar. Stór þáttur í að framkvæmd sem þessi gangi sem best og sé sem hagkvæmust er þátttaka félagsmanna í sjálfbærðisstarfi sem mögulegt er að skipuleggja á mismunandi stigum framkvæmdarinnar. Það er ósk stjórnar að félagsmenn taki því fagnandi þegar kallað verður eftir aðstoð við mismunandi verkþætti í framkvæmdinni. Fjárhagur klúbbsins lítur í dag betur út heldur en hann hefur gert um árábil, skuldir félagsins hafa verið leiðréttar og tekjuginnir sterkur. Golfklúbburinn Leynir er því í dag vel í stakk búinn til þess að takast á við áframhaldandi starfsemi og frekari uppbyggingu hennar. Stjórn GL vil þakka félögum, nefndarmönnum, styrktaraðilum og starfsfólki fyrir gott samstarf á rekstrarárinu 2011.

## Hestamannafélagið Dreyri

### Stjórn hestamannafélagsins, s.l. starfsár:

|                |                                                |
|----------------|------------------------------------------------|
| Formaður:      | Ólöf H. Samúelsdóttir                          |
| Varaformaður:  | Ása Hólmarsdóttir                              |
| Ritari:        | Stefán G. Ármannsson                           |
| Gjaldkeri:     | Inga Ósk Jónsdóttir                            |
| Meðstjórnandi: | Jón Ottesen                                    |
| Varamenn:      | Krístín Frímannsdóttir og<br>Sigurður Ólafsson |

Félagsmenn í hestamannafélaginu Dreyra eru 202 og hefur fækkað um 2 frá síðasta aðalfundi. Stjórnin fundaði 9 sinnum formlega en þar fyrir utan voru ótal mál rædd í gegnum tölvu og síma. Nokkrir fundir voru haldnir með nefndum félagsins vegna ýmissa mála auk þess voru 2 félagsfundir haldnir á árinu. Stjórn hefur einnig verið í samskiptum og á fundum með bæjaryfirvöldum á Akranesi vegna ýmissa mála, svo og Vegagerð, við Hvalfjarðarsveit vegna skipulagsmála er tengjast reiðvegagerð og að ótöldum ýmisskonar samskiptum við önnur hestamannafélög t.d á Vesturlandi.

Boðað var til fundar með nefndum í október s.l til að fara yfir starfið og hvað væri framundan. Mæting var með ágætum og alveg greinilegt að áhugi fyrir félagsstarfinu er að aukast svo um munar. Ein af ástæðum aukins krafts í starfi félagsins er án efa vegna vinnu og áhuga DreyraSkvísanna sem hafa komið mjög sterkar inn á síðustu tveimur árum. En fræðsluskemmti og æskulýðnefndin er m.a mönnuð af Skvísunum. Á fundinum voru lögð drög að atburðadagatali 2012 sem birt var á netinu nú í desember. Stjórnarstarfið hefur gengið vel og kjörnir varamann verið boðaðir á fundi til að efla enn starfið og virkja hvert mannafl. Formaður Dreyra, Ólöf Húnfjörð, dróg sig til hlés í formannsstarfinu um mitt ár vegna veikinda og tók varaformaður við taumunum. Vetrarstarfið byrjaði strax í janúar með skipulögðum námskeiðum og kynningarfundum hjá æskulýðsnefnd og fræðslunefnd. Síðan rak hver viðburðurinn annan fram á vor s.s laugardagsreiðtúrar, reiðnámskeið, bingó, vetrarmót, Góugleði, aðrir gleðifundir, Páskatölt, kynjareið og hin árlega Langasandreid á Sumardaginn fyrsta.

Dreyri var aðili að undirbúningi Vesturlandssýningar sem var haldin í reiðhöllinni í Faxaborg í apríl ásamt Faxe í Borgarfirði, Skugga í Borgarnesi, Snæfellingi á Snæfellsnesi og Glað í Dölum og Hrossaræktarsamband Vesturlands. Fulltrúi Dreyra í undirbúningsstarfinu var Sigríður Helga Sigurðardóttir. Henni eru færðar þakkar fyrir sitt framlag. Vesturlandssýning verður aftur haldin á þessu ári (2012) og vonar stjórn Dreyra að félagar sínir verði duglegir við undirbúning og sérstaklega er vonast eftir börnum og unglingum Dreyra á þá sýningu.

Firmakeppnin var að venju á sínum stað þann 1. maí. Ágæt þátttaka var í keppninni í flestum flokkum. Fyrirtæki og einstaklingar styrktu félagið með nokkuð góðu móti þó að greinilegt sé að hrúnið í efnahagsmálum landsins hafi áhrif á fjárframlög til félagsins. En öllum þeim sem styrktu félagið og aðstoðuðu á annan hátt, t.d með köku- og tertuframlagi er færðar bestu þakkar fyrir.

Gæðingamót og úrtaka fyrir Landsmót 2011 var haldin á Miðfossnum við Hvanneyri þann 4. júní. Mótið var haldið í samvinnu við félagsmenn í Faxe.

Úrslit urðu eftirfarandi:

*Barnaflokkur:*

Logi Örn Axel Ingvarsson og Dama frá Stakkhamri 2,75

*Unglingaflokkur:*

Svandís Lilja Stefánsdóttir og Brjánn frá Eystra-Súlunesi 8,32

*B-flokkur:*

1) Hlýri frá Bakkakoti og Ólafur Guðmundsson 8,34

2) Straumur frá Skipanesi og Ólafur Guðmundsson 8,15

3) Almar frá Ósi og Sigmundur Bernharð Kristjánsson 7,86

*A-flokkur:*

1) Niður frá Miðsitju og Ólafur Guðmundsson 8,21

2) Bleikja frá Stóra-Langadal og Ólafur Guðmundsson 7,57 Besti knapinn úr röðum Dreyramanna var valinn Svandís Lilja Stefánsdóttir. Glæsilegasti hesturinn var Niður frá Miðsitju og glæsilegasta hryssan var Bleikja frá Stóra-Langadal en þessi hross eru í eigu Ólafs Guðmundssonar.

Til þátttöku á Landsmóti, sem haldið var á Vindheimamelum Skagafirði í júlíbyrjun, fóru Logi Örn í barnaflokki, Svandís Lilja í unglingaflokki og Ólafur Guðmundsson með sín hross í A- og B-flokk gæðinga. Logi og Svandís komust bæði úr undanrásum inn í milliriðil mótsins. Undirbúningsnefnd Landsmóts óskaði eftir sjálfboðaliðum til starfa á landsmótinu úr röðum hestamannafélaga og var það Stefán Ármannsson sem bauð sig fram fyrir Dreyra hönd. Takk fyrir það Stefán.

Mótanefnd Dreyra hélt íþróttamót í samvinnu við Harðarmenn í Mosfellsbæ á velli þeirra síðarnefndu í lok ágúst. Mótið og samstarfið við Hörð var með hreinum ágætum og tókst vel í alla staði. Stjórn Dreyra og mótanefnd þakkar Herði kærlega fyrir skemmtilegt samstarf.

Í maímánuði fór fram samkeppni um nafn á félagsheimili Dreyra og bárust alls 13 nafnahugmyndir frá 7 einstaklingum. Stjórn kaus um 5 nöfn á fundi s.l haust og var niðurstaðan þessi: Akrafell, Dreyrabúð, Oddi, Oddinn og Ölver. Kosið verður á milli þessara nafna á aðalfundinum. Aðrar hugmyndir sem komu fram voru Vogur, Oddavogur, Krossnes og Innsti-Vogur.

Æskulýðsnefndin okkar var ekki að tvínóna við hlutina í ár og skipulagði, m.a úr öðru fyrirmyndarstarfi, 3 daga ferð í júní á Þingeyrar í Húnavatnssýslu með börn og unglinga úr félaginu, ásamt eldra fylgdarfólki úr röðum foreldra og æskulýðsnefndinni. Á Þingeyrum fengu krakkarnir reiðkennslu og fóru einnig í reiðtúra í kring t.d yfir Hópið. Búið er að ákveða að endurtaka þessa ferð í vor og er þegar komin mikil spennan og eftirvænting í hópinn.

Á haustdögum var haldinn fundur í aðalstjórn ÍA, þar sem öll aðildarfélög ÍA sækja, og sótti varaformaðurinn þann fund og greindi frá starfi félagsins og helstu framtíðarsýn þess t.d eins og þörfinni á reiðskemmu á svæðinu. Formannafundur LH var haldinn í húsakynnum ÍSÍ í Laugardal í nóvemberbyrjun en öll hestamannafélög landsins eiga rétt á að senda sína formenn á fundinn. Ása Hólmarsdóttir sótti þann fund. Þar var farið yfir landsmótsmál stór og smá, s.s val á landsmótsstað, fjárhagslega stöðu Landsmóts og svo ýmsilegt annað sem snertir beint félagsstarf í hestamannafélögum. M.a var kostn-





aður við mótahald á heimasvæðum ræddur og þar bar helst dómarakostnaður upp úr en þetta atriði virðist vera að sliga mótahald úti á landi. Einnig var rætt um reiðvegamála og nýju kortasjá LH, innflutning á óhreinum reiðfatnaði og reiðtygjum og fasteignagjöldum á hesthús og margt annað. Hægt er að sjá fundargerð af þessum fundi á vef LH.

Einn ungur Dreyrafélagi, Jóns Hálfdánardóttir, sótti um til æskulýðsnefndar LH og tók þátt í svokölluðu „Youth Camp“ eða æskulýðsbúðum, sem haldnar eru annað hvert ár í einhverju af aðildarlöndum FEIF og þangað kemur ungt fólk með áhuga á íslenska hestinum víða að frá Evrópu. Að þessu sinni var Youth Camp haldið í Skotlandi. Árið þar á undan tók Svandís Lilja þátt í Youth Cup, (keppni) og er það vonandi að ungt fólk úr Dreyra verði áfram áhugasamt að taka þátt í verkefnum æskulýðsnefndar LH. Stjórn Dreyra styrkti þær báðar til fararinnar.

Stjórn Dreyra tilnefndi Jakob Svavar Sigurðsson íþróttamann félagsins fyrir árið 2011 og er þetta 3. árið í röð sem Jakob hlýtur þessa tilnefningu enda er hann búinn að skipa sér í raðir allra bestu knapa landsins! Í öðru sæti í vali stjórnar var Svandís Lilja Stefánsdóttir og Ólafur Guðmundsson í því þriðja. Stjórn Dreyra óskar þeim öllum til hamingju með árangurinn á árinu.

Hvað vallarmálin varðar þá hafa þau verið í skoðun síðan á vordögum 2010 og enn er ekki komin niðurstaða í þau mál. Búið er að teikna upp velli á núverandi svæði Dreyra og snúa þeim á alla kanta en nú er ljóst að með meiri lengd vallarbrauta á löglegum velli þá verður lítið um svokallað öryggissvæði við enda langbrauta. Það eykur hættu á slysum þegar knapar verða að vera því búnir að taka 90 gráðu beygju út úr velli á

mikilli ferð eða að lenda út í sjó ella. Af þessum öryggisástæðum hafa farið fram óformlegar viðræður og bréfaskriftir við Akraneskaupsstað um nýtt og rúmt vallarsvæði sem yrði framtíðarsvæði félagsins. Þegar þetta er skrifað er enn ekki komin niðurstaða í þetta mál en við vonum að til tíðinda dragi á allra næstu vikum. Ef að af þessu verður er Dreyri komin í betri mál með skipulag á svæðinu í kringum hesthúsin og núverandi völlur verður áfram nothæfur í ýmis minni félagsmót og slíkt. Einnig verður þá meira pláss fyrir tilvonandi-framtíðar reiðskemmu og stæði fyrir kerrur.

Þó að á Æðarodda sé alla jafna mikið logn og jafnviðri þá verður nú svolítill gustur þegar þannig háttar í veðrinu. Í nóvember gerði mikið rok og fauk þá af þakkantur á norðurhlið félagsheimilisins á haf út, einnig rúlluðu dómarahúsin um koll og brotnaði í þeim gler og hurðir. Garðar Garðarsson uppgötvaði foktjónið og eyddi hann góðum hluta dags við að festa niður þann hluta þakkantsins sem eftir var og týndi upp glerbrot úr dómarahúsunum sem dreifðust víða. Dreyri þakkar Garðari kærlega fyrir óeigingjarnt vinnuframlag hans til handa félaginu. Tryggingafélagið greiddi fyrir foktjónið á húsinu en dómarahúsin eru ótryggð og hefur stjórn rætt að fjarlægja þau af vellinum eða ráðstafa þeim á annan hátt.

Nú í desember varð loksins af því að húseigendafélagið á Æðarodda var reist aftur á fæturnar eftir nokkura ára svefn þegar fundur var haldinn með hesthúsaeygendum og fulltrúum Akraneskaupsstaðar, þeim Þorvaldi Vestmann og Írisi Reynisdóttur. Á fundinum voru valdir tveir menn í stjórn, þeir Ingibergur Jónsson og Jón Sigurðsson og mun Þorvaldur boða þá einstaklinga á fund fljótlega. Það hefur lengi verið skoðun stjórnar Dreyra að það eigi ekki að vera á hendi formanns/stjórnar hestamannafélagsins að snúast í málum húseigenda á svæðinu þar sem ekki allir húseigendur eru með hesta né eru þeir allir í hestamannafélaginu Dreyra.

#### Að lokum:

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru í starfi hestamannafélagsins Dreyra. Það eru ótal önnur erindi berast stjórn af ýmsu tagi sem við höfum reynt að sinna eftir bestu getu þó að þau rati ekki í skýrsluna, á heimasíðuna eða í tölvupóst til félagsmanna.

Öllum sem starfa í stjórn og nefndum á vegum félagsins eru færðar bestu þakkir. Hvert vinnuframlag er dýrmætt og því fleiri sem hafa áhuga og vilja til að vinna fyrir félagið því betra og auðveldara fyrir alla hina. Það er ekki hægt að segja annað en að það hafi verið nokkuð góður kraftur í starfinu síðasta ár og búið að vera stöðugur bati uppá við síðustu 6 ár eða svo en þá var ekki einu sinni formaður í félaginu. Við þurfum þó að allaf að gæta þess að standa saman og standa vörð um félagið okkar, sem snýst um sameiginlegt áhugamál, þ.e íslenska hestinn. Það hlýtur að vera markmið allra félagsmanna.

Við, Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir og Ása Hólmarsdóttir, höfum verið í stjórn félagsins, sem formaður og varaformaður í rúm 4 ár og ætlum að láta hér staðar numið í stjórnarsetu fyrir félagið. Við erum ansi stoltar yfir árangrinum og uppbyggingu í félagsstarfinu á síðustu árum og viljum þakka öllum góðum félagsmönnum fyrir jákvætt viðmót, samstarfið og vinnuframlag þeirra. Það er okkar von að Dreyri verði áfram félag í stöðugum vexti með gott starf og góðan liðsanda.

## Hnefaleikafélag Akraness

Árið 2011 var fjórða starfsár HAK síðan það var formlega stofnað 28.febrúar 2008. Fyrsta mótið á árinu sem að við tókum þátt í var haldið snemma í febrúar, það var á vegum Hnefaleikafélags Reykjavíkur. Þar keppti Arnór Már Grímsson fyrir hönd HAK og hampaði sigri á sterkum boxara frá Danmörku.

Þann 12.mars var svo haldið stórt og glæsilegt mót í íþróttahúsinu við vesturgötu á Akranesi, þetta mót var á vegum HAK og var það fyrsta í sögu Akraneskaupstaðar. Þar kepptu þeir Hróbjartur Trausti Árnason, Arnór Már Grímsson, Eyþór Helgi Pétursson og Arnar Harðarson frá HAK. Eyþór og Hróbjartur unnu sínar viðureignir og Hróbjartur var valinn maður mótsins.

Svo kom að Íslandsmótinu, það var haldið með pomp og prakt á Boradway í Reykjavík um miðjan apríl. Þar kepptu Arnór Már og Eyþór Helgi frá HAK. Eyþór keppti tvo þyngd-arflokka upp fyrir sig og andstæðingurinn hans var bæði töluvert hærri og þyngri. Eyþór gaf sig allann í þennan bardaga og hann tapaði naumlega, þrátt fyrir mikinn hæðar og þyngd-armun. Arnór keppti við tvo andstæðinga í sínum flokki og sigraði þá báða með yfirburðum, og varð því Íslandsmeistari í 69kg flokki karla 2011.

Svo leið að sumri, Örnólfur þjálfari hélt úti sumaræfingum fyrir þá allra hörðustu. Það var æft bæði úti og inn fjóra daga vikunnar í einn og hálfann klukkutíma í senn. Einnig sóttu þeir Örnólfur, Arnór, Gísli og Eyþór æfingar í Combat gym til Daða þrisvar í viku.

Í byrjun haustannar fengum við til okkar nýjann þjálfara, hann Þórð Sævarsson. Hann er íþrótt- og heilsufræðingur B.s frá Háskóla Íslands ásamt því að hafa þjálfararéttindi frá áhugamannasambandi Danmerkur, þar sem hann stundaði hnefaleika. Þórður hefur stundað og þjálfað hnefaleika í rúm 12 ár og var meðal annars hnefaleikamaður ársins 2002 og 2003 og hlaut silfurverðlaun á danska meistaramótinu 2005 og 2006. Þórður kom beint inni þjálfun Keppnishóps og hefur staðið sig frábærlega við uppbyggingu hans á árinu.

HAK tók þátt í þrem diplöma mótum á árinu með góðum árangri keppenda. Eitt af þessum diplöma mótum var haldið í aðstöðunni okkar á Vesturgötu. Diplöma er snertilíill sýningabardagi fyrir krakka, ætlað til að sýna hæfileika og tækni.

Það sem gerðist í aðstöðumálum á árinu var að við pöntuðum ýmsan búnað frá Bandaríkjunum, púða, hanska, verjur og sippubönd, svo eitthvað sé nefnt. Við fengum aðstöðuna alveg útaf fyrir okkur í byrjun haustannar, sem var frábært.

Við höfum gert margt gott þarna niðri síðan. Við hengdum upp upphýfingastöng, tókum ógeðslega bláa teppið af gólfinu og máluðum í staðin. Keyptum hirslur fyrir eitt og annað smádót og við fengum rennandi vatn til okkar líka.

Iðkendafjöldinn á árinu var í kringum 50 manns, þeim var skipt niður í fjóra hópa, 8 – 12 ára sem var þjálfaður af Arnóri,



13 – 17 ára sem var þjálfaður af Arnóri, Box hópur sem var þjálfaður af Alexander og Örnólfi og Keppnishópur sem var þjálfaður af Þórði og Örnólfi.

Stjórn HAK árið 2011

Formaður : Örnólfur Stefán Þorleifsson

Varaformaður : Gísli Trausti Jóhannesson

Gjaldkeri : J.Rakel Gísladóttir

Ritari : Þorleifur Rúnar Örnólfsson

Meðstjórnandi : Grímur Arnórsson

### Aðalfundur HAK var haldinn þann 19.mars s.l

Það sem fram fór á fundinum var að efnahagsreikningur var lagður fram og samþykktur. Aðstöðumál voru rædd, ekki var mikil ánægja með þau mál. Rætt var um keppnisferðir og þjálfaramál og komst niðurstaða um breytingar á bensínkostnaði við keppnisferðir. Fjármál rædd og ársskýrsla var lesin og samþykkt.

### Stjórnarmál – Breytingar.

Þorleifur Rúnar Örnólfsson segir af sér sem ritari og þar með úr stjórn. Gísli Trausti Jóhannesson segir af sér sem varaformaður og tekur stöðu ritara. Björn Helgi Guðmundsson kosinn inn einróma sem varaformaður.

Aðrar stöður haldast óbreyttar.

## Íþróttafélagið Þjótur

### Stjórn Þjóts 2011-2012.

Ólöf Guðmundsdóttir, formaður.

Magndís B. Guðmundsdóttir, varaformaður.

Harpa Sif Þráinsdóttir, ritari.

Soffía Pétursdóttir, gjaldkeri.

Sylvía Kristinsdóttir, meðstjórnandi.

Varamenn: Sigurður A. Sigurðsson.

Lindberg M. Scott.

Nýárssundmót barna og unglinga haldið 9.jan. 2011 í Reykjavík: Þar tóku 8 keppendur frá Þjóti þátt í mótinu.

Æfingar hófust 10 janúar "11. Í boccia, keilu og sundi. Þjálfarar á vorönn. Sund: Harpa S. Þráinsdóttir hjá eldri iðkendum, yngri iðkendur Ragnheiður Runólfsdóttir, Gunnþórunn Valsdóttir og Guðmundur I. Gunnarsson í boccia. FPS: Var í barneignarleyfi. Bocciaæfingar voru x 2 í viku sund eldri og yngri x 2 í viku keila x1 í viku hjá eldri og yngri iðkendum og iðkendur voru á bilinu 20-25 er æfðu reglulega hjá félaginu.

RIG. leikar fóru fram í janúar. Þar kepptu 4 iðkendur frá Þjóti. Laufey Vilhelmsdóttir, hlaut 3 sætið í baksundi.

Heimsókn til ÍFR 22 feb. 2011. Þangað fóru 10 iðkendur og 2 fararstjórar, ásamt aðstoðarmönnum er fóru á æfingu til ÍFR í Hátúnið til að fá smá tilbreytingu í æfingum í boccia.

Íslandsmót ÍF í frjálsum, bogfimi, lyftingum boccia og sundi fór fram helgina 25-27 mars. Keppnin fór fram á Ásvöllum í Hafnarfirði, Ásvallalaug, Kaplakrika og Íþr.húsinu Strandgötu.

2 sveitir tóku þátt í boccia. Sigurður A. Sigurðsson, Ásgeir Sigurðsson og Anton Kristjánsson er orðu Íslandsmeistarar í 2 deild. Sigurður Kristinnsson, Þjóti og Valgeir ÍFR. orðu Íslandsmeistarar í flokki BC. 1-4. Í sundi voru síðan 4 keppendur .

Aðalfundur félagsins fór fram 31 mars í Brekkubæjarskóla.

Fundarstjóri var Guðmundur Páll Jónsson. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf, kosning formanns og stjórnar ásamt afhendingu viðurkenninga og önnur mál. Hvatningarbikar ÍF. hlaut Laufey María Vilhelmsdóttir. Minningarbikar um Lýð Hjalmarsson hlaut Áslaug Þorsteinsdóttir. Hvatningarbikar Þjóts sem var úthlutað öðru sinni bikar sem veittur er fyrir góða ástundun og framfarir í sinni grein hlaut Aldís H. Egilsdóttir. Formaður félagsins og stjórn var endurkjörin.

#### Stjórn starfsársins 2011-2012 er því skipuð þannig:

Ólöf Guðmundsdóttir, formaður, Magnús B. Guðmundsdóttir varaformaður, Harpa Sif Þráinsdóttir, ritari, Soffía Pétursdóttir, gjaldkeri, Sylvía Kristinsdóttir, meðstjórnandi. Varamenn Sigurður A. Sigurðsson, Lindberg M. Scott.

Sambandsþing ÍF. 2 apríl 2011. Var haldið á Selfossi. Þangað fóru formaður félagsins og Sigurður A. Sigurðsson fyrir hönd félagsins.

28/4-1 maí 2011 var Hængsmótið á Akureyri haldið.

Þangað fóru alls 9 manns og 2 fararstjórar frá Þjóti. Farið var í samfloti með Suðra frá Selfossi og á einkabílum. Gist var á Hótel KEA og í Hótelíbúðum. Var ferðin í alla staði ánægjuleg líkt og venjulega.

Vormót Aspar í sundi fór fram 17 maí "11. Þar hlaut Laufey M. Vilhelmsdóttir 3 sætið í 50m baksundi.

Lokadagur vetraræfinga félagsins var 11 maí 2011 og var þá farið út að borða á Galito. En sundæfingar voru fram í júní.

Önnur mót: Í júní 2011 fóru Áslaug Þorsteinsdóttir og Guðmundur Ö. Björnsson til Grikklands á Special Olympics leika. G.Ö.B. keppti í boccia og Á.Þ. í keilu.

Vetrarstarfið hófst að nýju 7. september "11. Æfingar voru með hefðbundnu sniði líkt og áður. Boccia x 2 í viku ásamt sundi x 2 í viku fyrir eldri iðkendur og x 2 í viku fyrir yngri iðkendur. Þjálfarar voru. Sund eldri: Sigrún Þ. Theódórsdóttir



. Sund yngri: Sigríður Gunnarsdóttir. Boccia: Guðmundur I. Gunnarsson, Freyja Þöll Smáradóttir. Einnig var boðið upp á keilutíma x 1 í viku undir stjórn Keilufélags Akraness fyrir bæði yngri og eldri iðkendur.

7-9 október "11. Fór fram Íslandsmót í boccia í einstaklingskeppni í Vestmannaeyjum undir forystu Íþróttafélagsins Ægis.

En alls fóru 7 keppendur frá Þjóti á mótið og 2 fararstjórar. Farið var með rútu og síðan ferju til Eyja. Gist var á gistiheimilinu Hreiðrinu. Var ferðin hin ánægjulegasta í alla staði.

Anton Kristjánsson, náði 1.sætinu í 7. deild. Lindberg og Emma náðu einnig að komast í úrslit en náðu ekki verðlaunasetum að þessu sinni.

Aðalstjórnarfundur ÍA: Fór fram 27 okt. 2011. Soffía Pétursdóttir fór fyrir hönd félagsins.

Lionsmót Lionsklúbbs Akraness og Þjóts fór fram 20. nóvember 2011 í íþróttahúsinu við Vesturgötu á Akranesi. Alls sóttu okkur heim 5 önnur aðildarfélög ÍF. Úrslit ÍFR hlaut 1 sætið. Lionsmenn sáu alfarið um dómgæslu ásamt því að gefa verðlaun og bjóða upp á veitingar að móti afloknu.

Dagana 19-20 nóvember 2011 var Íslandsmót ÍF. í sundi í 25 metra laug í innlauginni í Laugardal.

Þangað fóru 5 keppendur frá Þjóti. Margir voru að bæta tíma sinn en verðlaun hlaut Laufey Vilhelmsdóttir er fékk 3 sætið í 50m. skriði, 2 sætið í baksundi, 3 sætið í 100m skriði og 3 sætið í 400 m, skriði.

Innanfélagsmót í boccia og fór fram í desember"11.

Anton Kristjánsson hlaut titilinn bocciaameistari Þjóts árið 2011, titlinum fylgir farandbikar.

Lokaæfingar hjá félaginu fyrir jól var 12 desember 2011 og var farið á Galito. Einnig fór yngri hópurinn á Galito 8 des. 2011.

Anton Kristjánsson var kjörinn íþróttamaður Þjóts árið 2011.

Styrkir: Félagið hlaut rekstrarstyrk frá Akraneskaupstað vegna íþróttastarfsins. Ásamt styrk frá sama aðila vegna barna- og unglingastarfs. Fjárafilanir félagsins voru með hefðbundnu sniði á árinu þ.e. jólakortasala sem gekk betur í ár miðað við fyrra ár.

### Lokaorð.

Árið 2011 var í heildina gott ár hjá félaginu líkt og undanfarin ár. Markmið félagsins líkt og endranær er að bjóða upp á íþróttir fyrir fólk með fötlun á öllum aldri. Með von um að sem flestir iðkendur geti fundið eitthvað við sitt hæfi og byggt þannig upp jákvæða sjálfsmynd í gegnum leik og keppni við jafningja. Félagsmönnum, þjálfurum, aðstoðarmönnum og starfsmönnum íþróttamannvirkja þökkum við ánægjulegt samstarf á liðnu ári og öllum velunnurum félagsins færur við kærar þakkir fyrir stuðninginn á árinu.

### Karatefélag Akraness

Rekstur félagsins var í ágætu horfi árið 2011, nánari grein er gerð fyrir fjármálum félagsins undir ársreikningi. Byrjendur í unglunga og fullorðinsflokki voru þó fair alls 6, í karateskólanum voru samtals 36 iðkendur þar af kláruðu 30 önnina. 5 unglingar, 12 fullorðnir og í heild voru því 47 iðkendur. Áhyggjuefni er hve fáir unglingar stunda æfingar hjá félaginu og þarf að efla unglingastarfið á þessu ári.

### Árangur á mótum

Keppendur frá KAK tóku þátt í öllum mótum sem haldin voru á Íslandi á árinu 2011. Stelpurnar okkar þær Heiða, Dagný og Valgerður stóðu sig frábærlega og urðu Íslandsmeistarar í hópkaða kvenna og enn fremur þá varð Heiða Íslandsmeistari kvenna í Kata.

Íslandsmeistarmót unglunga var haldið sunnudaginn 19. febrúar. Þar kepptu Karitas, Guðbjörg, Eiður, Brynjar, Kamil og Bjartur. Bjartur og Karitas komust í uppreisn en töpuðu þar naumlega, Öll unnu þau fyrstu riðlana og stóðu sig með þrýði.

Einnig var haldið Íslandsmeistarmót barna, og þar kepptu Sýlvía, Krístrún, Eiríkur og Ólafur. Sýlvía vann Íslandsmeistaratitilinn aftur í Kata 10 ára. Eiríkur var í öðru sæti í Kata 9 ára. Ólafur var í þriðja sæti í Kata 8 ára Krístrún, Eiríkur og Ólafur uðru í öðru sæti í hópkaða 9 ára og yngri.

Á barnamótinu var KAK í öðru sæti í stigafjölda af níu félögum, sem ernokkuð gott fyrir 4 keppendur!



Innanfélagsmót var haldið hjá KAK hjá börnunum. Allir krakkarnir stóðu sig frábærlega og var það fín æfing fyrir þau að skilja hvernig mót virka. Einnig var farið í sundferð í Bjarnalaug og í Þorpið eftir gráðun um jólin. Fullorðna fólkið gerð sér ferð á Galító og skemmti sér vel.

### Þjálfaramál

Einar Hagen hefur verið aðal þjálfari félagsins. Aðal áhersla hans er hefðbundið karate, þar sem lögð er höfuð áhersla á að þær tæknir sem beitt er nái að leggja andstæðinginn. Það hafa verið æfingar þrisvar sinnum í viku. Elsa María, Hafdís og Sólrún sáu um þjálfun í karateskólanum. Þær byrjuðu allar í vetur að þjálfa en Hafdís hafði aðstoðað við kennslu áður.

### Gráðanir

Félagið hélt tvær kyu gráðanir á árinu. Eina eftir vorönn og eina eftir haustönn. Gengu þær frábærlega og náðu allir og voru sumir krakkar sem náðu heilu belti í stað hálfu eins og algengt er hjá börnum að fá. Einnig fékk KAK nýjan svartbelting og nýjan nidan, sem er annað svarta beltið, en Einar Þórarinnsson og Tómas Árnason fóru í gráðun hjá Sensei Richard Amos sem er 6. Dan.

### Önnur mál

Innanfélagsmót var haldið hjá KAK hjá börnunum. Allir krakkarnir stóðu sig frábærlega og var það fín æfing fyrir þau að skilja hvernig mót virka. Einnig var farið í sundferð í Bjarnalaug og í Þorpið eftir gráðun um jólin. Fullorðna fólkið gerð sér ferð á Galító og skemmti sér vel.

### Keilufélag Akraness

Deildarkeppnin: Árið 2011 var Keilufélag Akraness með 2 karlalið í deildarkeppni og 1 kvennalið. KFA ÍA var í 3-4 sæti eftir veturinn 2010-2011 en ÍA-Wonderers komu sjóðheitir upp úr 2.deild þar sem að þeir unnu með yfirburðum. KFA ÍA-W enduðu í 7. Sæti af 10 núna eftir veturinn 2011-2012 og voru langt frá falli. Á haustdögum bættist svo 1 lið við karlaliðin og var það lið að mestu skipað ungu strákum félagsins. KFA ÍA-Konur hafa ekki átt góðu gengi að fagna nú í vetur og verma neðsta sæti deildarinnar.

Unglingastarfsemin hefur verið með sama sniði og venjulega og æfingar verið 2svar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum. Íslandsdrott Unglinga var haldið 12.-13. og 19.-20. Febrúar. Að þessu sinni voru 8 keppendur af Akranesi sem stóðu sig mjög vel og komu heim með 3 Íslandsmeistaratitla. Í 3. flokki stúlkna varð Jóhanna Guðjónsdóttir Íslandsmeistari. Gunnar Ingi Guðjónsson KFA, bróðir Jóhönnu, varð í 3. sæti í 3.flokki pílta en Elvar Kaprasíus Ólafsson KFA varð Íslandsmeistari í þeim flokki. Natalía Guðrún Jónsdóttir varð í 3.sæti í 2.fl. stúlkna og Aron Fannar Benteinsson varð í 2.sæti í 2.flokki pílta. Í 1.flokki stúlkna varð Steinunn Inga Guðmundsdóttir Íslandsmeistari en varð að lúta í lægra haldi í Opnum flokki fyrir Hafdísí Pálu Jónasdóttur KFR og endaði þar í 2.sæti. Í 1.flokki pílta varð Arnór Elís Kristjánsson í 2.sæti.

Í Íslandsdrott Unglingaliða var Keilufélag Akraness með 2 lið af 5. 2011 lentu Skagaliðin í 2. og 4.sæti eftir harða baráttu



um veturinn. KFA ÍA 2 var skipað 2 nýliðum og 2 reyndari og gáfu þau öðrum liðum ekkert eftir. Það var lið KFR sem að fór með sigur af hólmi í þetta árið.

Meistarakeppni Ungmenna er einstaklingskeppni sem fer fram allan veturinn og er keppt í 5 umferðum. Þar er flokka-skipting ekki eins og í Íslandsmóti Unglinga og eru 3 árgangar sem takast á. Þar eru veitt verðlaun eftir hverja umferð en til að keppa til úrslita þarf viðkomandi að hafa tekið þátt í öllum umferðum. Ekki er keppt til úrslita í 4.flokki en þarf viðkomandi einnig að hafa tekið þátt í öllum 5 umferðunum. Í 4.flokki stúlkna varð Jóhannan Ósk Guðjónsdóttir KFA í 1. sæti og í 4.flokki pilta varð Gylfi Sigurðsson í 3.sæti og Elvar Kaprasíus Ólafsson í 2.sæti. Í 2.flokki stúlkna var Steinunn Inga Guðmundsdóttir KFA í fyrsta sæti og í 2.flokki pilta varð Skúli Freyr Sigurðsson í 2.sæti.

### Íslandsmót í tvímenningi

Var haldið í byrjun október 2011 og urðu Kristján Þórðarson og Ingi Geir Sveinsson KFA Í 3.sæti.

### Norðurlandamót Unglinga

Var haldið dagana 17.-19.nóvember í Öskjuhlíð og voru Skúli Freyr Sigurðsson og Steinunn Inga Guðmundsdóttir í landsliðinu. Þess má geta að Daníel Fransson frá Svíþjóð vann gull en undirrituð sá hann fyrst þegar hún var á æfingum í Umeå í Svíþjóð og Daníel var aðeins 2 ára að reyna að kasta kúlu. Gert Fransson var þá þjálfari Gimónäs damer þar sem undirrituð æfði. Skúli Freyr Sigurðsson fór sumarið 2011 til Umeå í nokkra daga æfingarbúðir hjá Gert.

Opna Akranesmótið Var haldið í Keilusal Akraness dagana 21.-27.nóvember. 3 efstu voru allir frá Keilufélagi Reykjavíkur en Steindór Jóhannsson var í 1.sæti, Björn Guðgeir Sigurðsson í 2.sæti og Björn Birgisson lenti í 3. sæti.

### Önnur starfsemi félagsins

Í Keilusal Akraness æfa aðrir hópar þó ekki séu þeir undir merkjum KFA.

FEBAN hefur verið með fastan æfingatíma á mánudögum og fimmtudögum milli kl. 13 og 14. Þjótur, Íþróttafélag fatlaðra, hefur verið með 2 hópa sem æfa 1 sinni í viku hver. Yngri hóp-urinn mætir á þriðjudögum kl.18-19 og eldri hópurinn á mið-vikudögum kl.17-18. Þar fær hver að kasta eftir eigin getu og

framfarir ekki alltaf metnar í stigum. Þess má geta að yngsti iðkandinn er 4 ? árs og æfir 2 klst. Á viku með yngri hópnum og fær ekki að æfa eins mikið og hann sjálfur vildi.

Stjórn Keilufélags Akraness fyrir 2011-2012 er eftirfarandi: Guðmundur Sigurðsson formaður, Einar Jóel Ingólfsson varaformaður, Jónína Björg Magnúsdóttir gjaldkeri, Ingi Geir Sveinsson ritari og Sigurður Magnús Skúlason meðstjórnandi.

Síðastliðið ár byrjaði hálf skringilega hjá Keilufélaginu þar sem lítið var hægt að æfa. Búið var að festa kaup á búnaði fyrir Keilusal Akraness en afhending búnaðar átti að fara fram í des.2010 en kom ekki til landsins fyrr en seinnipart mars 2011. Engu að síður tókst félaginu að klára keppnistímabilið en þegar starfsemi byrjaði aftur að hausti höfðu ýmsar endurbærta verið gerðar bæði á vélabúnaði og aðstöðu í sal. Einnig fór undirrituð ásamt Skúla Frey Sigurðssyni á þjálfaranám-skeið í des. Í húsakynnum ÍSÍ og kom fyrirlesarinn, Juha Maja, frá Finnlandi. Þetta var áhugavert námskeið sem að er stax farið að borga sig í góðum árangri unglinganna núna á vordög-um 2012. Einnig hefur bætt aðstaða í sal gefið betri æfingarað-stöðu sem er að gefa betri árangur hjá þeim fullorðnu. KFA er bæði með karla og kvennalið í 4 liða úrslitum í Bikarkeppni og er KFA ÍA í úrslitakeppni í Deildarbikarkeppni þar sem að þeir unnu sinn riðil með yfirburðum. Þar sem að KFA ÍA varð í 3. Sæti í fyrstu deild, sem er efsta deildin í keilunni, þar sem að 4 efstu sætin keppa til úrslita.

Að lokum viljum við koma fram kæru þakklæti til Akraneskaupstaðar fyrir ómetanlegan stuðning sem við vitum að á eftir að skila sér í bættum árangri innan keiluíþróttarinnar og betri einstaklingum út í samfélagið.

## Knattspyrnufélags ÍA

### Inngangur:

Rekstur Knattspyrnufélags ÍA gekk vel á árinu 2011. Árangur liða félagsins var um flest prýðilegur og fjárhagur félagsins er í jafnvægi. Af yngri flokkunum stendur upp úr prýðilegur árangur 2. flokks kvenna og karla – sem báðir voru í baráttu um Íslandsmeistaratítul lengst af og stúlkurnar reyndar fram í síðasta leik Íslandsmótsins. Þá náðist það markmið að koma meistaraflokki karla í efstu deild en liðið vann 1. deildina með yfirburðum. Um margt verður starfið metið út frá árangri á vellinum, en fleiri þættir skipta máli. Félagslega skiptir máli að árangur náist í almennu starfi og á árinu 2011 var vel haldið utan um félagsstarfið, gerð könnun meðal foreldra sem skilaði mjög jákvæðri niðurstöðu, könnun meðal þátttökuliða á Norðurlásmóti og hafinn undirbúningur að gæðamati á starfinu í heild. Niðurstæða ársins 2011 sýnir að fjárhagslegu jafnvægi var haldið án þess að stofna til skulda. Þetta er mikilvægt í rekstri félagsins þar sem fjármögnun starfsins er viðvarandi verkefni og skuldsetning ekki valkostur ef vel á að farnast. Þá er mikilvægt í starfi íþróttafélags að framkvæmdastjórn sé í traustum farvegi og í þeim efnum býr félagið vel. Knattspyrnufélag ÍA hefur á síðustu árum státað af nánast jöfnum fjölda karla og kvenna í stjórnnum félagsins og í þjálfun, faglegri þekkingu þjálfar og úthlutun æfingatíma er jafnræðis gætt. Þessu er mikilvægt að gefa gaum og tryggja

eins og kostur er að unnið sé á þessum forsendum. Á þessum grundvelli er óhætt að fullyrða að Knattspyrnufélag ÍA sé félagslega sterkt og knattspyrnulega á réttri leið við að ala upp gott knattspyrnufólk sem ýmist getur orðið afreksfólk eða traustir liðsmenn félagsins og samfélagsins á Akranesi.

### Í stjórnnum KFÍA árið 2011 voru eftirfarandi:

Stjórn knattspyrnufélags ÍA:

Gísli Gíslason, formaður

Jóhanna Hallsdóttir, varaformaður

Sigmundur Ámundason, gjaldkeri

Sigrún Ríkharðsdóttir, ritari

Ingi Fannar Eiríksson

Örn Gunnarsson, formaður Afrekssviðs

Ágústa Friðriksdóttir, formaður Uppeldissviðs.

Til vara:

Steán Orri Ólafsson

Gunnhildur Björnsdóttir

### Í stjórn Uppeldissviðs:

Ágústa Friðriksdóttir, formaður

Lárus Ársælsson

Sigríður Þorsteinsdóttir

Hróðmar Halldórsson

Ásta Benediktsdóttir

Til vara:

Berglind Þráinsdóttir

Ólafur I. Guðmundsson

Hróðmar Halldórsson lét af setu í stjórninni á árinu, en Guðráður Sigurðsson vann með stjórninni.

### Í stjórn Afrekssviðs:

Örn Gunnarsson, formaður

Hafsteinn Gunnarsson

Katla Hallsdóttir

Theodór Hervarsson

Margrét Ákadóttir

Til vara:

Sigurður Sigursteinsson

Magnea Guðlaugsdóttir


Framkvæmdastjóri er Þórður Guðjónsson og á skrifstofu félagsins starfar Rakel Jóhannsdóttir.

Þá voru starfandi tvær nefndir á vegum félagsins. Annars vegar Heimasíðunefnd og hins vegar Nefnd um fræðslu- og félagsstarf. Í Heimasíðunefnd voru þeir Brandur Sigurjónsson og Kristleifur Brandsson, en í Nefnd um fræðslu- og félagsstarf voru þau Sigurður Arnar Sigurðsson, Anna Lilja Valsdóttir og Sigurður Sigursteinsson. Í kjörnefnd félagsins voru þau Haraldur Ingólfsson, Þorbjörg Unnur Magnúsdóttir og Magnús Óskarsson.

Öllum framangreindum eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf og óeigingjarnt framlag í þágu félagsins.

### Rekstur félagsins

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2011. Helstu tölur úr rekstrinum eru eftirfarandi:



Heildar tekjur KFÍA á árinu 2011 voru: 126.882.115 kr.

Heildar rekstrargjöld KFÍA voru: 125.180.459 kr.

Handbært fé í lok árs var: 15.414.199 kr.

Heildar skuldir félagsins í árslok voru: 8.905.178 kr.

Heildar viðskiptakröfur í árslok voru: 11.012.290 kr.

Alls voru 46 leikmenn með samning við félagið á árinu 2011, 28 karlar og 18 konur.

Á árinu 2011 var fyrirkomulagi æfingagjalda breytt á þann veg að heildar æfingagjöld voru hækkuð nokkuð en foreldrum gert kleift að mæta hluta kostnaðar með vinnu við Norðurálmótið. Markmið breytingarinnar er að jafna aðstöðu foreldra og gera framlag þeirra sem velja að vinna fyrir félagið sýnilegra. Þeir sem ekki hafa áhuga á að leggja fram vinnu við Norðurálmótið greiða því hærri æfingagjöld vegna barna sinna. Þá gafst foreldrum einnig færi á að mæta æfingagjöldum barna sinna með pappírssölu og hafa foreldrar notfært sér þá aðferð í ríkum mæli. Í foreldrakönnuninni sem gerð var komu fram ábendingar að auka fjölbreytni í þessari sölu og er það til skoðunar. Veruleg umræða skapaðist um þessa breytingu á aðalfundi félagsins fyrir ári síðan, en á fundum með foreldrum kom vel í ljós að sátt er um breytinguna og hefur framkvæmd hennar gengið snurðulaust.

Þá ber að geta þess að í uppgjöri Knattspyrnufélagsins eru að mestu leyti sýndar brúttó tekjur og brúttó rekstrargjöld. Það hefur í för með sér nokkru hærri tölur tekju- og gjaldamegin. Meðal annars er gert grein fyrir verðmæti þeirrar vinnu sem foreldrar leggja á sig í þágu félagsins og gefur það gleggri mynd af umfangi rekstrar félagsins.

Eins og tölur rekstrar gefa til kynna er fjárhagur félagsins í jafnvægi og þau markmið sem sett voru í fjárhagsáætlun ársins stóðust í öllum meginatriðum. Markviss og raunhæf áætlanagerð er forsenda þess að unnt sé að stýra félaginu fjárhagslega, en vissulega er það verk margra að afla tekna til að mæta kostnaði. Knattspyrnufélagið á því láni að fagna að styrktaraðilar þess eru velviljaðir félaginu og ber að þakka öllum þeim fjölda fyrirtækja sem styðja félagið.



## Knattspyrnumál

Hér að neðan má sjá þá einstaklinga sem þjálfra einstaka flokka frá og með haustinu 2011. Knattspyrnufélagið hefur lagt áherslu á að velja til starfa vel menntaða þjálfara og stuðla að aukinni menntun þeirra. Með þeim hætti er hægt að treysta á öflugt og faglegt starf og óhætt að fullyrða að hvert rúm sé vel skipað hjá félaginu. Árangurinn á vellinum var í flestum tilvikum vel viðunandi m.a. með öruggum sigri meistaraflokks karla í 1. deild og þrýðilegum árangri 2. flokks kvenna og karla á Íslandsmóttinu.

Frá haustinu 2011 voru þjálfarar þessir:

|                |                        |
|----------------|------------------------|
| Mfl. karla     | Þórður Þórðarson       |
| Mfl./2fl. kven | Elfar Grétarsson       |
| 2. fl. karla   | Jón Þór Hauksson       |
| 3. fl. kvenna  | Þorsteinn Gíslason     |
| 3. fl. karla   | Lúðvík Gunnarsson      |
| 4. fl. kvenna  | Magnea Guðlaugsdóttir  |
| 4. fl. karla   | Kári Steinn Reynisson  |
| 5. fl. kvenna  | Halldóra Gylfadóttir   |
| 5. fl. karla   | Alfred Karlsson        |
| 6. fl. kvenna  | Áslaug Ákadóttir       |
| 6. fl. karla   | Kristinn Guðbrandsson  |
| 7. fl. kvenna  | Steindóra Steinsdóttir |
| 7. fl. karla   | Dean Martin            |

Boltaskólinn (8.fl.kk/kvk) Steindóra Steinsdóttir

Afrekspjálfi Dean Martin\*

Heiðar L. Sigtryggsson\*\*

Magnea Guðlaugsdóttir\*\*\*

Yfirþjálfari Þórður Þórðarson

\*Dean Martin er jafnframt aðstoðarþjálfari mfl. karla

\*\*\* Heiðar Logi Sigtryggsson var afreksþjálfari ásamt Magneu Guðlaugsdóttur frá hausti en um áramót tók Magnea að fullu við verkefninu.

Fjöldi aðstoðarmanna er við störf, bæði að vetri og sumri til. Á árinu 2011 voru það leikmenn meistarflokks karla, 2.fl karla og kvenna ásamt 3.fl. karla og kvenna sem voru þjálfurum félagsins til aðstoðar á æfingum sem og í Knattspyrnuskóla félagsins.

2.flokkur kvenna lék í A-riðli og háði harða baráttu við Val um fyrsta sætið í riðlinum, en að lokum voru það Valsstúlkur sem hömpuðu 1.sætinu en stelpurnar okkar urðu í 2.sæti. Stelpurnar tóku jafnframt þátt í Vísa-bikarkeppni sem meistaraflokkur og komust þar í 3.umferð, sem verður að teljast frábær árangur.

2.flokkur karla voru í toppbaráttunni í A-riðli og enduðu í 3.sæti á eftir FH og Breiðablik. Strákarnir léku að jafnaði mjög vel í sumar.

3.flokkur kvenna léku í A-riðli og enduðu þær í 5.sæti deildarinnar.

3.flokkur karla lék í B-riðli og enduðu mótið í fjórða sæti. Tímabilið hjá 3.flokki var mjög sveiflukennt þar sem bæði stórsigrar og líka stór töpu litu dagsins ljós. Strákarnir fóru á mót í Danmörk í júlí og enduðu þeir í 2.sæti mótsins eftir að hafa gert jafntefli í úrslitaleiknum en mótreglur gerðu það að verkum að það lið sem fékk fleiri hornspyrnur í leiknum stóð sem sigurvegari.

4.flokkur kvenna endaði í 7.sæti A-riðils. Flestar stelpurnar voru á yngra árinu og eru því von á því að þær mæti enn sterkari til leiks á árinu 2012.

4.flokkur karla gekk ekki sem skildi á árinu og féllu niður í B-riðil. Engu að síður eru líkur á því að 4.flokkur leiki í A-riðli árið 2012.

5.flokkur kvenna lék í A-riðli í Íslandsmóttinu. Stelpurnar tóku einnig þátt í Síma-móttinu í júlí sem fram fór í Kópavogi og stóðu þær sig vel á móttinu.

5.flokkur karla lék í A-riðli og en strákunum gekk ekki nógu vel og enduðu í næstneðsta sæti. Strákarnir tóku einnig þátt í KA-móttinu á Akureyri og stóðu sig þar með miklum sóma.

6.flokkur kvenna tók þátt í Hnátu-móti KSÍ og í Símamóttinu þar sem þær léku við hvern sinn finger.

6.flokkur karla tók þátt í Polla-móti KSÍ. Eldra árið fór svo til Eyja á Shell-mótið og yngra árið tók þátt í móti sem fram fór á Ólafsfirði.

7.flokkur kvenna tók þátt í Faxaflóamóttinu og fóru einnig á Síma-mótið í Kópavogi.

7.flokkur karla lék í Faxanum og stóðu sig svo með miklum ágætum á hinu stórkostlega Norðurálmóti sem fram fór í júní.

## Norðurálmótið

Dagana 17. til 19. júní var Norðurálmótið haldið, en það er fyrir leikmenn 7. flokks karla. Metfjöldi liða og þátttakenda var skráður til leiks eða 144 lið frá 25 félögum skipuð 1200 strákum (og stelpum þar sem 3 lið voru skipuð stelpum úr yngri flokkum ÍA). Móttjórn var í höndum Uppeldissviðs, sem voru dyggilega studd af skrifstofu félagsins, foreldrum, Aðalstjórn og Afrekssviði. Fjórtán verkstjórar voru yfir hinum ýmsu verkswiðum, en heildarfjöldi sjálfboðaliða sem störfuðu á móttinu er áætlaður á bilinu 5-600 manns. Piltunum fylgir að jafnaði mikill fjöldi foreldra, systkina og aðstandenda, sem með veru sinni hér á Akranesi setja mikinn svip á bæjarlífið. Til að mynda gistu um 3000 manns á tjaldsvæðum mótsins, sem náðu allt frá Víðigrund inn að Skógræktinni.

Norðurálmótið er gríðarlega mikilvægur hlekkur í fjáröflun félagsins, þar sem hver króna rennur til starfsemi yngri flokkanna. Mótið stendur nú undir tæplega 40% af kostnaði félagsins vegna yngri flokkanna.

Norðurálmótið var strax þann 22.mars síðast liðinn fullbókad. Má ætla að mótið hafi náð hámarksstærð en erfitt verður að bæta við fleiri liðum og þátttakendum en voru árið 2011. Norðurálmótið þóttist heppnast með miklum ágætum og hvert sem litið var mátt sjá ánægjuna skína úr andlitum piltana og aðstandenda þeirra, sem að móti loknu tóku með sér ánægjulegar minningar af móttinu og um Akranes. Að margra mati er mótið albesta og jákvæðasta kynning sem Akranes fær á ári hverju.

## Fræðslumál

Í fræðslunefnd Knattspyrnufélags ÍA eru þau Sigurður Arnar Sigurðsson, Anna Lilja Valsdóttir og Sigurður Sigursteinsson. Samantekt um störf þeirra liggur fyrir en helstu verkefnið sem unnið var að af fræðslunefndinni og félaginu eru eftirfarandi:

Myndataka. Ftr. fræðslunefndar tók líkt og 2010 skipulega myndir af öllum flokkum fyrir heimasíðu félagsins.

Hugmyndin á bakvið þessa myndatökur er sem fyrr að efla heimasíðuna, veita svipmyndir af öflugum starfi og skrá sögu félagsins.

- Gulur dagur. Fræðslunefnd stóð að og hvatti til þess að gulur dagur yrði haldinn í skólum og stofnunum Akraneskaupstaðar í tilefni þess að félagið tók á móti Íslandsmeistaratitli haustið 2011. Knattspyrnumenn og þjálfarar heimsóttu grunnskólana gáfu bolta og ræddu við nemendur um íþróttaiðkun. Starfsmenn og nemendur mættu í gulum ÍA fötum í tilefni dagsins. Samsöngur var haldinn á sal og voru þekkt ÍA og Akraneslög sungin hástöfum. Skólar og stofnanir voru skreyttar gulu og allir lögðust á eitt að gera daginn sem skemmtilegastan.
- Myndasýning: Á vegum fræðslunefndar var sett upp myndasýning í íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum í stiga-ganginum fyrir framan skrifstofur félagsins. Sýningin var nefnd „Skagamenn í blíðu og stríðu“ og inniheldur rúmlega hundrað myndir sem voru teknar af félagsmönnum knattspyrnufélagsins á liðnu starfsári. Sýningin vakti mikla athygli og fékk mjög góðar viðtökur. Af þessum myndum má glögglega sjá hversu umfangsmikið starf knattspyrnufélagsins er og hversu margir iðkendur og sjálfbóðaliðar starfa undir merkjum félagsins.
- Fræðsluefni. Hugmyndir hafa verið uppi síðustu tvö ár um að taka saman gagnlegt fræðsluefni fyrir iðkendur, starfsfólk og foreldra. Að frumkvæði fræðslunefndar hafa tveir fyrirlestrar verið settir saman fyrir iðkendur KFÍA. Annars vegar fyrirlestur um næringu íþróttamanna og hins vegar um íþróttasálfræði. Nú er unnið að verkefnabók sem iðkendur geta tekið með sér heim og geta síðan unnið með fræðsluefnið í samstarfi við þjálfara viðkomandi flokks. Áfram verður unnið með þennan þátt til að styrkja unga knattspyrnumenn í íþróttinni.
- Samstarf við aðra. Fulltrúar fræðslunefndar tók þátt í þróunarverkefni á vegum fjölskyldustofu Akranesbæjar og ÍA sem nefnist „Velferð nemenda.“ Samstarfið gekk vel og var gefandi í alla staði. Þáttur fræðslunefndar í þessu samstarfi tengdist m.a. gæðamatsvinnunni og velferð iðkenda í íþróttastarfi. Fræðslunefnd átti einnig gott samstarf við Grundaskóla og Hollvínafélag Grundaskóla varðandi myndbandavinnslu og fjármögnum sameiginlegs starfsmanns. Fræðslunefnd þakkar þessum aðilum gott samstarf og skólanum fyrir lán á tækjum og tólum. Þá hefur skólinn slegið skjólshúsi yfir starfsmann nefndarinnar og stutt Knattspyrnufélagið með ráð og dáð í einu og öllu.
- Starfsmaður fræðslunefndar. Síðastliðið sumar var ákveðið að fræðslunefnd og Hollvínafélag Grundaskóla réðu sameiginlegan starfsmann til að sinna verkefnum beggja aðila. Hallur Flosason var ráðinn í sumarstarf og stóð hann sig með miklum sóma. Vonast er til að samstarf við Hollvínafélagið haldi áfram og að sameiginlegur starfsmaður verði í vinnu sumarið 2012.
- Sjónvarp ÍA – götuspjall. Á vegum fræðslunefndar voru settir nokkrir þættir á vef knattspyrnufélagsins. Þessir þættir voru nefndir götuspjall og var ætlað að auglýsa leiki meistaraflokks og auka umræðu um knattspyrnuna. Þetta verkefni heppnaðist ágætlega og var gerður góður rómur

af frammistöðu umsjónarmanna þeirra Halls Flosasonar og Zlatko Krickic.

- Sjónvarp ÍA – svipmyndir. Á vegum fræðslunefndar var gerð tilraun með að setja á fót litla sjónvarpsstöð sem tók upp leiki meistaraflokks og sýndi svipmyndir úr leikjum á vef félagsins. Öll tæki og tækni til að senda beint út er til staðar en það hefur ekki enn verið enn gert enda er reynsla annarra liða af slíku afar misjöfn.
- Sjónvarp ÍA – Auglýsingin „Komið og verið með.“ Fræðslunefnd lét gera sérstakt myndband til að hvetja stelpur til að stunda knattspyrnu og koma á fótboltaefingu. Myndbandið var sett á heimasíðu félagsins og sent út til foreldra og iðkenda með aðstoð facebook. Á haustdögum fóru fulltrúar knattspyrnufélagsins í heimsókn í grunnskólana og kynntu starfsemi félagsins og gáfu bolta til að nota innan skólans. Mikilvægt er að halda kynningarstarfi sem þessu áfram.
- Sjónvarp ÍA – Norðurlásmótið. Á vegum fræðslunefndar voru fréttir og myndir sendar út frá Norðurlásmótinu 2011.
- Söfnun á stuðningslögum. Á vegum fræðslunefndar var stuðningslögum Knattspyrnufélags ÍA safnað og þau sett inn á heimasíðuna. Við höfum einnig unnið nokkur myndbönd við lögin en þessi vinna hefur gengið hægar en vonir stóðu til. Vonandi verða kominn myndbönd við öll lögin árið 2012.
- Heimildavinna – ÍA lög og teikningar. Á þessu ári hafa yngri nemendur unnið mikið með sögu ÍA og ÍA lögin. Þessi vinna hefur meðal annars verið unnin tengt þróunarvinnu um læsi. Meðfylgjandi verk voru unnin á árinu og tengdt heimsókn knattspyrnumanna í grunnskólana og gulum ÍA degi.
- Siðareglur Fræðslunefnd lagði líkt og á fyrra starfsári fram útfærða tillögu um að Knattspyrnufélag ÍA setti sér siðareglur líkt og mörg önnur félög hafa gert. Vonast er til að málið komi til umræðu og afgreiðslu á næsta aðalfundi félagsins.
- Reglur tengdar ráðningarmálum. Fræðslunefnd lagði fram útfærðar tillögur um ráðningarreglur fyrir starfsmenn félagsins. Vonast er til að málið komi til umræðu og afgreiðslu á næsta aðalfundi félagsins.
- Gæðamat (innramat/ytrammat). Gríðarleg vinna var lögð í að þróa gæðamat innan Knattspyrnufélags ÍA. Hér er um algjört frumkvöðla- og þróunarstarf að ræða sem á sér ekki fordæmi í öðrum íþróttafélögum. Nú liggur fyrir útfært gæðamat sem nær til allra sviða félagsins. Nú í lok starfsárs standa yfir viðræður við Knattspyrnusamband Íslands varðandi kynningu á þessu verkefni fyrir öðrum knattspyrnufélögum.
- Foreldrafundur. Á vegum Uppeldissviðs voru haldnir foreldrafundir þar sem gerð var grein fyrir ýmsum þáttum í starfsemi yngri flokkanna. Þar voru m.a. kynntar reglur félagsins varðandi safnanir, hlutverk foreldra og foreldrafulltrúa o.fl. Fundirnir voru fjölsóttir og ánægjulegt hversu áhugasamir foreldrarnir eru um þátttöku barnanna í æfingum og keppni á vegum félagsins.
- Fræðsluferð þjálfara: Nokkrir þjálfara KFÍA fóru í fræðsluferð á haustdögum til hollenska liðsins AZ Alkmaar. Ferðin tókst í alla staði mjög vel og var afar vel tekið á móti þjálf-



urunum. Þá sóttu margir þjálfarar á vegum KFÍA þjálfararnámskeið KSÍ og eru nú allir þjálfarar félagsins komnir vel á veg með að ljúka þeim námskeiðum sem bjóðast hjá KSÍ, en nokkrir hafa lokið þeim námskeiðum.

### Minningarsjóður – fræðslumál

Á haustmánuðum samþykkti stjórn KFÍA reglur um sérstakan sjóð sem mun sinna fræðslumálum sérstaklega. Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Knattspyrnufélags ÍA og var grunnurinn að honum lagður af börnum og ekkju Sigurðar Ingimundarsonar, sem lést á haustdögum 2011, en hann var öflugur stuðningsmaður knattspyrnunnar á Akranesi. Einstaklingum og fyrirtækjum er gert kleift að leggja inn fjárframlag í sjóðinn til minningar um leikmenn eða stuðningsfólk félagsins. Sjóðurinn er sjálfstætt starfandi sjóður óháður öðrum rekstri félagsins. Í annari grein starfsreglna segir að hlutverk sjóðsins sé að styrkja sérstök verkefni Knattspyrnufélags ÍA í tengslum við fræðslu iðkenda og/eða þjálfara. Stjórn KFÍA er jafnframt stjórn sjóðsins og tekur ákvarðanir um framlög til verkefna. Þegar hafa borist góð framlög í sjóðinn. (Uppgjör ársins er aftan við skýringar ársreiknings).

### Stefnumótun og afrekspjálfun

Stjórn KFÍA hefur samþykkt stefnumótun sem unnið er eftir varðandi þjálfun yngri og eldri leikmanna. Megin kjarni þessarar stefnumótunar er að byggja lið félagsins í meistaraflokki karla og kvenna á leikmönnum sem aldir eru upp hjá félaginu, en að leita eftir efnilegum leikmönnum af landsbyggðinni, sem hefðu áhuga á að flytjast á Akranes í gott og uppbyggilegt umhverfi. Hluti stefnumótunarinnar felst í afrekspjálfun og samstarfi við Fjölbautaskóla Vesturlands. Í því skyni að fylgja þessari stefnumótun eftir var ráðinn afrekspjálfari í hlutastarf auk þess sem sá aðili er aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla. Hvernig sem árangurinn er einstök sumur þá er það félaginu og iðkendum þess mikilvægt að fylgja mótaðri stefnu sem fylgt er eftir og það hefur m.a. verið gert með ráðningu afrekspjálfa.

### Viðburðir

Að vanda stóð KFÍA fyrir Herrakvöldi, Konukvöldi og Sjávarréttarkvöldi en þessir viðburðir eru snar þáttur í fjár-

öflun félagsins. Að auki stóð félagið að vanda fyrir vel heppnuðu lokhófi í lok september. Í byrjun árs 2011 héldu svonefndu Club'71 Þorablót Skagamanna, sem tókst mjög vel, en tilgangur þess er m.a. að styðja við starfsemi KFÍA. Af þeim sökum var Herrakvöldi félagsins hnikað til haustsins. Knattspyrnufélag ÍA færir meðlimum Club'71 bestu þakkir fyrir velvild, hlýhug og mikilsvert framlag, en félagar klúbbsins (ásamt fleirum) unnu í samvinnu við KFÍA og foreldrafélag 3. flokks karla að útgáfu símaskrár sem skilaði góðum árangri.

### Mannvirkja- og rekstrarmál

Á árinu 2011 var gerður samningur við Akraneskaupstað um endurnýjun 12.000 m<sup>2</sup> svæðis á æfingasvæðum austan Akraneshallar. Svokallaður Norðurvöllur var endurnýjaður með framlagi bæjarins og Mannvirkjasjóðs KSÍ en ábyrgð á framkvæmdunum var hjá Knattspyrnufélagi ÍA. Félagið réði Brynjar Sæmundsson, hjá GrasTech ehf. og Helga Þorsteinsson hjá Þrótti ehf. til að annast verkefnið og reyndust þeir sem fyrr Knattspyrnufélagi ÍA haukar í horni og unnu verkefnið af mikilli fagmennsku. Svæðið er nú nánast fullfrágengið utan þess að sáningu meðfram vellinum er ólokið, en sá hluti verður frágenginn á vordögum. Völlurinn hefur formlega verið afhentur Akraneskaupstað, sem hefur nú það hlutverk að sinna viðhaldi hans í samræmi við viðhaldsáætlun sem fylgdi verkskilum knattspyrnufélagsins. Vonir standa til að svæðið megi nota á Norðurlásmótinu 2012, en svæðið verður þó ekki tilbúið til almennra æfinga fyrr en seinni part sumars. Þrír æfingavellir bíða endurnýjunar og var um það samið við Akraneskaupstað að gengið yrði til samninga milli aðila síðla árs 2012 um áframhald verkefnisins. Það ætti að verða auðsótt mál í ljósi þess hvernig til tókst með fyrsta áfanga þess. Þó svo að aðstaðan á Akranesi til knattspyrnuíðkunar sé um flest mjög góð þá blasa sem fyrr við verkefni til þess að gera umgjörðina og aðstöðuna enn betri. M.a. er mikilvægt að huga að varanlegri félagsaðstöðu í íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum, en sökum aðsóknar hafa breytingar á íþróttamiðstöðinni miðast að því að gera aðstöðu iðkenda skaplega með því að taka undir íþróttastarfsemi sali og herbergi, sem upphaflega voru hugsuð til annarra nota. Með því sneiðist af rými til hvers konar félagsstarfsemi og væri afar æskilegt að ráðin yrði bót á þeim málum á næstu árum og markmið yrðu sett í þeim efnum.

### Niðurlag

Af framangreindu má ljóst vera að unnið hefur verið að ýmsum verkefnum og málefnum knattspyrnufélagsins með hjálp góðra og traustra stuðningsmanna og kvenna. Framundan eru vissulega áfram verðug verkefni innan sem utan vallar. Markmið félagsins er að meistaraflokkur karla takist að ná fyrri styrk í efstu deild og að meistaraflokkur kvenna geri atögu að efstu deildar sæti á árinu 2013. Til þess að meistaraflokkar félagsins standi undir þeim væntingum sem til þeirra eru gerðar þá er öllum sem starfa fyrir félagið ljóst að starf yngri flokkanna þarf að vera öflugt og markvisst. Málum er þannig háttað hjá KFÍA að raunhæft er að gera þessar kröfur til starfsins og fjárhagur félagsins og skipulag vel í stakk búið til að mæta verkefninu. Vissulega verður alltaf slagur um að afla fjár til rekstrar félagsins en með öflugum hópi og raunhæfum

markmiðum ætti fjárhagsstaða félagsins að geta haldist áfram traust.

Á starfsári stjórnarinnar hafa nokkrir öflugir félagar, stuðningsaðilar og fyrrum leikmenn félagsins fallið frá. Þeir eru: Arnór Pétursson, Sigursteinn Gíslason, Adolf Steinsson, Sigurður Ingimundarson, Björn Tryggvason, Sigríður Guðmundsdóttir og Birgir Elínbergsson. Það er sárt að sjá á eftir traustum samherjum, en þeirra er hér minnst af hlýhug og þakkað fyrir framlag þeirra í þágu knattspyrnunnar á Akranesi.

Um leið og iðkendum, þjálfurum, sjálfbóðaliðum, stjórnarfólki og starfsfólki félagsins er þakkað fyrir mjög vel unnin störf þá er hvatt til frekari dádá og félaginu óskað velfarnaðar á komandi starfsári.

### *Knattspyrnufélagið Kári*

Knattspyrnufélagið Kári var formlega endurvakið á ársfundi félagsins 13.apríl 2011, en haustið 2010 vaknaði áhugi nokkurra knattspyrnumanna af Akranesi á að endurvekja lið Kára sem spilaði síðast árin 2006 og 2007 í 3.deild með ágætis árangri. Ljóst var í upphafi að góður áhugi var á að koma þessu af stað og undir forystu núverandi formanns Kára, Sveinbjörns Geirs Hlöðverssonar var farið að vinna í að fá æfingatíma til að kanna hvort áhuginn væri raunhæfur. Eftir margar ágætis æfingar var haldinn fundur með væntanlegum leikmönnum sem voru um 25 og athugað hvort menn væru til í að gera þetta af einhverri alvöru, svör manna voru á eina leið, menn vildu allir spila fyrir nýtt lið á Akranesi. Strax í upphafi árs 2011 var ákveðið að fá hinn sífanga og markheppna leikmann Skallagríms til fjölda ára, Valdimar Kristmunds Sigurðsson til að stýra liðinu sem spilandi þjálfari. Félagið tók þátt í öllum mótum sem liðið gat tekið þátt í á keppnistímabilinu, Íslandsmótinu í Futsal, Deildarbikarkeppni KSÍ, Bikarkeppni KSÍ og Íslandsmótinu 3.deild. Félagið þurfti að sýna mikið aðhald í fjármálum á þessu ári þar sem ljóst var að endurnýja þurfti allan aðbúnað félagsins, en liðið náði samt sem áður að kaupa inn aðalbúning, varabúning, æfingasett, keppnisbolta og ráða þjálfara ásamt því að skila afgangi fyrir næsta ár. Félagið var að mestu fjármagnað með auglýsingasölu á keppnis og æfingafatnaði félagsins. Káramönnum þótti þó vænst um eina gjöf, en það var gjöf Helga Daníelssonar fyrrverandi leikmanns Kára, en hann vildi gefa Káramönnum aðalbúning félagsins ef þeir myndu samþykkja að búningur félagsins yrði í líkingu við fyrsta búning Kára frá 1922, sem er rauður og svartur þverröndóttur búningur ásamt því að upprunalega félagsmerki Kára yrði notað, var þetta samþykkt einróma og Káramenn því komnir með fallegan búning með sögu og sál. Aðalstyrktaraðili Kára er Landsbankinn, en hann ásamt Kára eru í styrktarsamstarfi við Fjöliðjunna á Akranesi, en á keppnisbúningum félagsins prýðir merki samtaka um vinnu og verkþjálfun sem Fjöliðjan er sambandsaðili að og eru Káramenn mjög stoltir af því að styðja Fjöliðjunna með þessum hætti.

Leikmannahópur Kára breyttist mikið á undirbúningstímabilinu og endaði með að yfir 70 manns voru búnir að prófa sig hjá Kára, kjarni liðsins hélst þó alltaf í kringum 25 manns. Kári



fékk góðan liðsstyrk frá ÍA fyrir mót, bæði frá Meistaraflokki og 2.flokki ásamt því að nokkrir fyrrverandi leikmenn ÍA ákváðu að spila með liðinu. Alls tóku 44 einstaklingar þátt í mótum ársins. Æfingar voru haldnar 3-4 sinnum í viku frá janúar fram á haust og var það fyrir utan leiki sem voru yfirleitt 1 leikur á viku.

Árangur liðsins á árinu var mjög viðunandi í öllum mótum, sérstaklega ef miðað er við að þetta var fyrsta ár Kára. Liðinu gekk ágætlega í deildarbikarnum, unnu 2, gerðu 1 jafntefli og töpuðu 1 leik og endaði liðið í 2-3 sæti riðilsins. Árangur liðsins í bikarkeppni KSÍ var einnig vel viðunandi, en liðið komst í 2.umferð eftir sigur á Vængjum Júpíters, en féll svo úr leik gegn 2.deildar liði Reynis frá Sandgerði. Á Íslandsmótinu lentu Káramenn að margra mati í erfðasta riðlinum í 3.deild, en þar háði liðið harða baráttu við Grundarfjörð, Berserki, Álftanes og Björninn um 2 efstu sætin í riðlinum sem veitti aðgang að úrslitakeppni 3.deildar. Káramenn voru gríðarlega sterkir á heimavelli og töpuðu ekki stigum þar fyrr en í uppbótartíma í næst síðasta heimaleiknum gegn Grundarfirð. Liðið spilaði á köflum mjög vel, en nokkrir slæmir lokakaflar komu í veg fyrir að Kári næði tveimur efstu sætum. Kári endaði Íslandsmótið með 8 sigurleiki, 2 jafntefli og 4 tapleiki og hafnaði í 4.sæti riðilsins með 26 stig og ljóst var að liðið átti mikið inni enda var Káraliðið mjög sterkt 3.deildar lið þegar liðið var fullskipað. Félagið hefur í sumar eignast marga aðdáendur og hafa áhorfendur á heimaleiki náð hátt í 300 manns í stærstu leikjunum, sem telst frábært í 3.deild og jafnvel ofar. Það má því með sanni segja að Akurnesingar hafa tekið félaginu frábærlega og eiga þeir góðar þakkir fyrir. Liðið lauk keppni með að bjóða áhorfendum í kaffi og meðlæti í lokaleik liðsins á heimavelli og með því þakka kærlega fyrir stuðninginn.

Á lokahófi félagsins sem fór fram í september mánuði var Helgi Daníelsson heiðursfélagi Kára heiðraður enda stuðningur hans ómetanlegur. Leikmaður ársins var kosinn á hófinu, en það var Almar Björn Viðarsson sem hlaut þá nafnbót, en hann átti mjög gott tímabil og stundaði hann æfingar og leiki af mikilli kappsemi og lét mikið í sér heyra ef menn voru ekki að leggja sig fram. Almar skoraði 5 mörk á tímabilinu og spilaði seinni hluta tímabilsins sem fyrirliði liðsins. Káramenn kusu

einnig efnilegasta leikmanninn, en fyrir valinu varð Viktor Ýmir Elíasson sem spilaði árið áður með 2.flokki ÍA, en hann sótti æfingar og leiki af miklum krafti og var sá leikmaður sem óx einna mest á tímabilinu. Hornfirðingurinn og fyrrum leikmaður ÍA, Gísli Freyr Brynjarsson var svo markahæsti leikmaður ársins með 12 mörk í 9 leikjum.

Það er mörgum ljóst að Knattspyrnufélagið Kári er mjög mikilvægt fyrir þá knattspyrnuíðkendur á Akranesi sem ekki ná að komast í leikmannahóp ÍA, bæði í meistaraflokki og 2.flokki. Því miður hafa margir ungir og efnilegir knattspyrnumenn hætt knattspyrnuíðkun alltof snemma vegna þess að lið eins og Kári hefur ekki verið hér á Akranesi undanfarin ár og menn hafa þurft að leita í önnur bæjarfélög til að fá æfingu og reynslu í knattspyrnu.

Knattspyrnufélagið Kári var stofnað árið 1922 og verður upprunalega félagið því 90 ára á þessu ári og hefur endurvakning félagsins yljáð mörgum þeim sem spiluðu með félaginu á árum áður um hjartarætur og er mikill vilji meðal núverandi leikmanna Kára og fyrrverandi að halda félaginu gangandi um ókomna tíð, en til þess þarf góðan vilja, stuðning og fjármagn.

Stjórn Kára, kosinn á aðalfundi félagsins 13.apríl 2011

Sveinbjörn Geir Hlöðversson, formaður

Einar Gíslason, varaformaður

Stefán B. Ólafsson, gjaldkeri

Guðmundur Dagur Jóhannsson, ritari

Ingimar Ólafsson, meðstjórnandi

Eyþór Ólafur Frímansson, varamaður

Sigurjón Jónsson, varamaður

## Kraftlyftingafélag Akraness

### Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn í Íþróttahúsinu við Vesturgötu þann 17. apríl 2011. Á fundinum var kosin ný stjórn og hlutu eftirfarandi kjör:

Formaður: Kári Rafn Karlsson

Gjaldkeri: Arnar Helgason

Ritari: Lára Bogey Finnbogadóttir

Meðstjórnendur: Heimir Björgvinsson

Hermann Hermannsson

Varamenn: Sturlaugur Agnar Gunnarsson

Unnar Valgarð Jónsson

### Kraftlyftingamaður Akraness

Eftirfarandi er úrdráttur úr bréfi vegna vals á íþróttamanni Akraness 2011:

Kraftlyftingafélag Akraness hefur valið Einar Örn Guðnason sem kraftlyftingamann Akraness 2011 og tilnefnir því hann sem íþróttamann Akraness 2011. Einar Örn hefur keppt á fjórum mótum á árinu: Íslandsmótinu í bekkpressu, Íslandsmótinu í kraftlyftingum, bikarmóti í kraftlyftingum og evrópumótinu í kraftlyftingum sem fram fór í Northumberland á Englandi. Á árinu hefur Einar sett 17 Íslandsmet í bæði unglunga- og opnum flokk karla bæði í 93 kg og 105 kg flokk. Eftir árið standa 10 þessara meta óhreyfð. Á Íslandsmestaramótinu í kraftlyfting-

um sem fram fór um miðjan mars varð Einar Íslandsmeistari í 93 kg flokk auk þess að setja Íslandsmet unglunga í öllum lyftum og samanlögðu þar sem að hann lyfti 235 kg í hnébeygu, 190 kg í bekkpressu og 250 kg í réttstöðulyftu sem samanlagt eru 675 kg.

Á bikarmótinu sem fram fór á Akureyri í lok nóvember lenti Einar í öðru sæti í 105 kg flokk og lyfti þar 280 kg í hnébeygu, sem er Íslandsmet unglunga og 215 kg í bekkpressu sem er bæði Íslandsmet unglunga og í opnum flokk. Eftir árið situr Einar í 8. sæti af 58 á árslista Kraftlyftingasambands Íslands yfir Wilks skor fyrir samanlagðan árangur. Þar að auki er Einar í 6. sæti á listanum fyrir árangur í hnébeygu og bekkpressu. Wilks skor er umreiknun á þeirri þyngd sem lyft er þannig að hún er óháð kyni og líkamsþyngd.

### Íslandsmeistaramót í bekkpressu

Félagið hélt Íslandsmeistaramót Kraftlyftingasambands Íslands í bekkpressu annað árið í röð. Mótið fór fram laugardaginn 29. janúar í íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum. Mótið fór vel fram og og mættu 32 keppendur, þar af 8 konur. Að mótinu loknu fór fram ársþing Kraftlyftingasambands Íslands.

### Bekkpessugrill

Félagið stóð fyrir svokölluðu bekkpessugrilli á þjóðhátíðardaginn 17. júní í skógræktinni. Komið var fyrir bekkpessubekk á hátíðarsvæðinu þar sem að gestir og gangandi fengu að spreyta sig. Félagsmenn grilluðu og seldu pulsar og kók en þær konur sem gátu lyft 50 kg og þeir karlar sem lyftu 100 kg í bekkpressu fengu ókeypis pulsu og kók. Grillið gekk vel fyrir sig og kláruðust birgðirnar af pulsum og kók töluvert áður en hátíðarhöldunum lauk.

### Nýtt merki

Félagið lét loksins verða af því að láta útbúa fyrir sig merki. Nýja merkið teiknaði Jökull Freyr Svavarsson. Merkið vísar til eins helsta kennileitis bæjarins, sjómannsins á torginu, auk kraftlyftingafíróttarinnar.

### Árangur á mótum

Fjórir félagar í Kraftlyftingafélagi Akraness kepptu á sjö mismunandi mótum á árinu og má sjá árangur þeirra í töflunum hér fyrir neðan.



Reykjavík International Games (15-01-2011)

1 Lára Bogey Finnbogadóttir +84 / 120,1 Samt. Stig (Lára bætti persónulegan árangur).

Íslandsmeistaramót í bekkpressu (29-01-2011)

1 Lára Bogey Finnbogadóttir +84 / 119,7 Samt. Stig

3 Einar Örn Guðnason U 93 / 114,8 Samt. Stig

4 Nikulás Rúnar Sigurðsson U 105 / 83,7 Samt. Stig

1 Sigfús Helgi Kristinsson U 120 / 115,3 Samt. Stig

Lára Bogey átti slæman dag og fékk enga lyftu gilda. Einar Örn náði aðeins gildri fyrstu lyftu en honum mistókst við 187,5 og 205,0. Gilda lyftan var samt sem áður íslandsmet unglinga. Nikulás Rúnar fékk einnig bara eina gilda lyftu en hann klikkaði í tvígang með 145. Sigfús var svo sá þriðji til að fá eina lyftu gilda en hann klikkaði tvisvar með 212,5. Lyftan hans var íslandsmet unglinga.

### Íslandsmeistaramót í kraftlyftingum (12-03-2011)

2 Einar Örn Guðnason U 93 / 424,7 Samt. Stig

- Nikulás Rúnar Sigurðsson U 120 / 145,0 Samt. Stig

Einar Örn setti íslandsmet unglinga með öllum sínum lyftum. Nikulás Rúnar féll út í réttstöðulyftunni eftir að hafa bætt persónulegan árangur í bekkpressu.

### Evrópumeistaramót unglinga (07-06-2011)

- Einar Örn Guðnason U 93 / 187,5 Samt. Stig

Einar Örn féll út í réttstöðulyftu og fékk því ekki gilt met sem hann setti í hnébeygju.

### Kópavogsmót í bekkpressu (18-06-2011)

2 Lára Bogey Finnbogadóttir +84 / 75,6 Samt. Stig

Lára hafnaði í öðru sæti eftir að hafa mistekist við tilraun til íslandsmet (105,5 kg) en Rósa Birgisdóttir (Selfoss) sigraði flokkinn með 102,5 kg.

### Sunnumót í bekkpressu og réttstöðulyftu (16-07-2011)

2 Lára Bogey Finnbogadóttir +84 / 175,5 Samt. Stig

Sunnumótið er án útbúnaðar og því lyftir Lára hér töluvert minna í bekkpressu en venjan er. Lára hafnaði í öðru sæti en Rósa Birgisdóttir (Selfoss) sigraði með 242,5 kg samanlagt.

Bikarmót í kraftlyftingum (26-11-2011)

1 Lára Bogey Finnbogadóttir +84 / 297,0 Samt. Stig

2 Einar Örn Guðnason U 105 / 437,6 Samt. Stig

- Nikulás Rúnar Sigurðsson U 105 / 190 Samt. Stig

Lára bætti sinn besta árangur í öllum greinum og auðvitað samanlögðu. Einar Örn hafði fært sig upp um þyngdarflokk og fengið miklar bætingar í öllum greinum. Hann hafnaði þó í öðru sæti í flokknum en Viktor Samúelsson (Akureyri) sigraði með 760,0. Nikulás Rúnar féll úr keppni í hnébeygju.

## Körfuknattleiksfélag Akraness

### Ný stjórn kjörin á aðalfundi í mars 2010

Hannibal Hauksson, formaður

Sigurður Hermannsson, gjaldkeri

Sigurður Sigurðsson, ritari

Guðjón Smári Guðmundsson, meðstjórnandi

Róbert Gunnarsson, meðstjórnandi

Guðmundur Ó Kristjánsson, meðstjórnandi

Við lok leiktíðarinnar 2010/2011 hafnaði meistarflokkur karla í 2. Sæti og ljóst að meistarflokkur félagsins myndi leika í 1.deild. Í ágúst var ráðin spilandi þjálfari Erik Olson að nafni sem átti að mæta til leiks um haustið. Olson þessi meiddist og sá sér því ekki fært að mæta. Því var fenginn annar þjálfari Terrance Watson að nafni og reyndist hann mikill happafengur. Bæði er hann góður leikmaður sem og hann sinnti þjálfuninni vel. Liðið byrjaði mótið vel og ljóst að markmiðið um að halda sér í deildinni var vel raunhæft. Undir lok tímabilsins var liðið í harðri baráttu um að komast í úrslitakeppnina og tókst það með miklu harðfylgi. Í fyrstu umferð úrslitakeppninnar lék liðið gegn Hamri. Liðinu bættist óvæntur liðsstyrkur í öðrum erlendum leikmanni að nafni Lorenzo McClelland og styrkti hann liðið verulega. Skagamenn gerðu sér lítið fyrir og slóu Hamarsliðið út með tveim glæsilegum sigrum. Við tók æsileg úrslitakeppni við nágranna okkar í Skallagrím. Borgnesingarnir höfðu sigur í fyrsta leiknum en Skagamenn mættu tvíelfdir til leiks í troðfullu íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum og höfðu sigur í æsispennandi leik. Oddaleikurinn fór fram í Borgarnesi og þar hafði Skallagrímur betur. Árangur tímabilsins verður að teljast mjög góður og mikil tilhlökkun fyrir næsta tímabil.

Dagur Þórisson náði í tímabilinu þeim merka áfanga að vera fyrsti körfunattleiksmaður ÍA til að rjúfa 300 leikjamúrinn með ÍA og er hann því leikjahæsti leikmaður meistaraflokks ÍA frá upphafi. Dagur hóf feril sinn með meistaraflokki ÍA árið 1990 og lék með félaginu út tímabilið 1999. Þá skipti hann fyrir í Grindavík og lék með þeim 66 leiki en tók sér svo frí í tvö tímabil. Síðan kom Dagur kom aftur heim 2004 og hefur spila með okkur allar götur síðan. Dagur Þórissonar hefur þannig leikið yfir 370 leiki með meistaraflokki í keppnum á vegum KKÍ. Ferill Dags telur því 20 tímabil sem er ótrúlegur árangur og segir okkur hvað við erum að tala um magnaðan íþróttamann. Það verður því gaman að fylgjast með okkar manni á næsta tímabili sem verður hans 21. á ferlinum með meistaraflokki.

Í september hófu yngri flokkar æfingar, en það voru 5 flokkar sem æfðu undir merkjum körfuknattleiksfélagsins. Einnig voru æfingar hjá Heldribolta höfðingjum einu sinni í viku í vetur. Drengjaflokkur tók þátt í Íslandsmeistaramóti og var þjálfaður





af Terrence Watson, hann þjálfaði einnig stúlknaflökk sem ekki tók þátt í keppni. Hin gamalkunna kempa Sigurður Elvar Þórólfsson þjálfað áfram 8. flokk sem tók þátt í Íslandsmótinu. Elvar var einnig liðstjóri meistaraflokks og gerði það með miklum stæl. Minnibolti var þjálfður af Jóhannesi Helgasyni og tók sá flokkur líka þátt í Íslandsmótinu. Jón Þór Þórðarson var svo með míkroboltaæfingar fyrir krakka í 1 – 3 bekk. Miklar framfari hafa orðið í yngriflokkunum á milli ára og stóðu allir sig með stakri þrýði.

Mikil körfuboltaveisla var í íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum í byrjun maí er Þrír af gulldrengjum Skagans mætt á svæðið. Þeir Pavel Ermolinskij, Jón Orri Kristjánsson úr Íslandsmeistaraliði KR og silfurdrengurinn Fannar Freyr Helgason fyrirliði Stjórnunnar mættu á sinn gamla heimavöll og kenndu öll helstu trixinn á skemmtilegri æfingu. Um 70 körfuboltaiðk- endur mættu á kvöldið og skemmtu sér vel með stjórnunum. Í lokin var pizzaveisla í boði Landsbankans og kunum við bank- anum bestu þakkir fyrir.

Körfuknattleiks maður ársins 2011 var valinn Áskell Jónsson. Áskell er einn af lykil leikmönnum Körfuknattleiksfélags Akraness sem vann sig upp í 1. deild á síðasta keppnistímabili. Hann er öflugur leikmaður og var af félögum sínum valinn besti leikmaðurinn á síðasta keppnistímabili. Hann hefur vaxið sem leikmaður á þessari leiktíð og spilar stórt hlutverk í körfuknattleiksliði ÍA. Áskell er vel að því kominn að vera útnefndur körfuknattleiksmaður ársins 2011.

Það er mikil áskorun að byggja upp alvöru körfuknattleiks- félag á Akranesi en áskorunin er gríðarlega skemmtileg. Til þess að slík uppbygging geti átt sér stað þurfa margar hendur að leggjast á eitt. KFA byggir allt sitt starf á sjálfböðavinnu að lang mestu leiti og kunnum við öllum þeim sem koma að verkefninu, stjórn, þjálförum, leikmönnum, aðstoðarfólki í kringum leiki og mót og ekki síður stuðningsmönnum, jafn einsaklingum sem mæta á leiki, styrkja okkur í fjáröflunum sem og fyrirtækjum sem styrkja okkur fjárhagslega, okkar bestu þakkir fyrir þeirra innlegg. Það er markmið okkar að ná að búa til vetraríþrótt fyrir bæði iðkendur sem áhangendur á Akranesi þannig að allir hafi gagn og gaman að. Við sjáum framtíðina bjarta og það eru allir innan KFA tilbúnir til að hífa félagið á hærri stall þannig að það eru spennandi tímar fram- unda í körfuboltanum á Akranesi.

## Skotfélag Akraness

### Stjórn Skotfélags Akraness:

Jón S. Ólason – Formaður.

Óskar Arnórsson – Gjaldkeri.

Bjarki Óskarsson – Ritari.

Unnar Eyfjörð og Jón Valgeir – Meðstjórnendur.

Íslandsmótið í loftbyssuskotfimi fór fram í Egilshöll í byrj- un maí. Skyttur frá Skotfélagi Akraness náðu góðum árangri á mótinu og settu nokkur met. Steinunn Guðmundsdóttir bætti Íslandsmetið í unglingaflokki kvenna svo um munaði, náði 329 stig en gamla Íslandsmetið var 300 stig. Hún bætti einnig Íslandsmetið með “final” þar sem hún fékk 50,4 stig

og samtals 379,4 stig. Gamla Íslandsmetið átti Guðbjörg Perla Jónsdóttir, 368,4 stig, og bætti Steinunn það stórlega. Skúli F. Sigurðsson SKA varð Íslandsmeistari í unglinga- flokki drengja með 496 stig.

Berglind Björgvinsdóttir bætti Akranesmet sitt um eitt stig, hlaut 357 stig og varð í öðru sæti í einstaklings- keppni kvenna. Í liðakeppni í skammyssuflokki kvenna hlaut sveit Skotfélags Akraness 2. sæti, skipuð Steinunni Guðmundsdóttur, Berglinni Björgvinsdóttur og Stellu Björgvinsdóttur. Í liðakeppni skammyssuflokki karla varð A-sveit SKA í þriðja sæti. Hún var skipuð Þorsteini Björnssyni, Elíasi M. Kristjánssyni og Óskari Arnórssyni.

Akranesmótið 2011 í skotfimi með loftbyssu og loftrifflí fór fram í íþróttahúsinu Vesturgötu miðvikudaginn í síðustu viku. Mótið var vel sótt og tóku 20 keppendur þátt. Tómas Viderö SK sigraði opna hluta mótsins með yfirburðum í karlaflokki. Guðmundur Kr Gíslason SR varð í öðru sæti og Benedikt Waage SR í því þriðja. Í kvennaflokki sig- raði Jórunn Harðardóttir SR og í öðru sæti varð Berglind Björgvinsdóttir SKA. Í þriðja sæti Jóhanna H. Gestsdóttir SKA. Arnaldur Ægir Guðlaugsson SKA sigraði drengja- flokkinn og Gunnar Sindri Örvarsson SKA var í öðru sæti. Í stúlknaflökki sigraði Steinunn Guðmundsdóttir SKA. Í keppni með loftrifflí karla sigraði Sigfús Tryggvi Blumenstein SR, í öðru sæti varð Benedikt Waage SR og í þriðja Guðmundur Sigurðsson SKA. Jórunn Harðardóttir sigraði í loftrifflí kvenna.

Að vanda kepptu heimamenn um titilinn Akranesmeistari. Úrsliturðu þau að Guðmundur Sigurðsson er Akranesmeistari í loftrifflí, Berglind Björgvinsdóttir í loftskammyssu kvenna, Jón S. Ólason í loftskammyssu karla, Steinunn Guðmundsdóttir í loftskammyssu stúlkna og Arnaldur Ægir Guðlaugsson í loftskammyssu drengja.

Villibráðakvöldið var haldið í nóvember og er það ávalt jafn vinsælt meðal félagsmanna. Skotmaður ársins: B- erglind Björgvinsdóttir var valin skotíþróttamaður ársins 2011. Berglind er önnur sterkasta skotkona landsins. Hún keppti á nánast öllum mótum Skotíþróttasambandsins í Olympískri loftskammyssu. Berglind keppir í fyrsta flokki og náði Íslandsmeistaratitli á Íslandsmótinu sl. vor. Hún sigraði einnig Akranesmótið með yfirburðum og er því Akranesmeistari. Berglind er öflugur liðsmaður Skotfélags Akraness og hefur tekið virkan þátt í uppbyggingu félagsins á undanförunum árum.

## UMF Skipaskagi

Stjórn Ungmennafélagsins Skipaskaga skipa þau , Anna Bjarnadóttir formaður, Skafti Steinólfsson gjaldkeri og Gunnar Högnason ritari. Meðstjórnendur eru þeir Lárus Kjartansson og Uchechukwu Michael.

Skafti gjaldkeri félagsins fór á Vorfund UMFÍ sem haldinn var á Ísafirði 27. -28. maí sl., einnig fór hann á þing UMFÍ sem haldið var í Hofi á Akureyri 15.-16. okt sl. Þingið var vel sótt eins og ávalt. Skafti bauð sig fram í varstjórn UMFÍ á þinginu en í kosningunni breyttust hlutirnir og hlaut hann afgerandi kosningu og var kosinn í aðalstjórnina.

Anna og Gunnar fóru á fund í Borgarnesi með félögum á Vesturlandi og ræða um Vesturlandsmót í frjálsum fyrir yngir og eldri. Úr þessu móti varð , var keppt í miðri viku, miðvikudegi fyrir krakka undir 14 ára og á fimmtudeginum voru það eldri félagar sem að kepptu. Félögin skiptu á milli sín verðlaununum. Mótið gekk vel og er það von okkar sem stóðum að því að það festi sig í sessi.

Anna sat aðalstjórnarfund hjá ÍA þar sem rædd voru gæðamál hreyfingarinnar og samskipti við Akraneskaupstað. Einnig var kynnt félagakerfið Nóra og þá möguleika sem það hefur upp á að bjóða. Skafti og Anna sátu þing ÍA fyrir hönd Skipaskaga.

3 stjórnarfundur voru í sambandi við frjálsíþróttamót sem USK hélt í nóvember sl. Mótið gekk vel og voru keppendur frá 6 félögum sem mættu á mótið, USK, Afturelding, Breiðablik, UDN, USVS og FH. Keppt var í spretthlaupum, langstökki, hástökki, boltakasti, kúluvarpi og grindahlaupi. Mótið var okkur til sóma og sýnir að vel er hægt að halda frjálsíþróttamót á Akranesi.

### FEBAN ÍÞRÓTTAKLÚBBUR

#### Línudans

Á vegum Feban eru um 35 manns sem æfa línudans vikulega. Leiðbeinendur eru Sigríður Alfreðsdóttir og Eygló Tómasdóttir. Þau eru líka mjög dugleg að æfa sig sjálf aukalega, og þá sérstaklega þegar keppnir eru framundan. Stór hluti af hópnum er búinn að æfa línudans í 6 ár en hinir í 3 ár.

Á síðasta ári tókum við þátt í tveimur keppnum. Sú fyrri var í Mosfellsbæ í mars og var fyrir 50 ára og eldri. Hópurinn sem er búinn að æfa í 3 ár og kallar sig Gul og glöð gerði sér lítið fyrir og urðu í fyrsta sæti og hópurinn sem er búinn að æfa í 6 ár og kallar sig Káta félaga lentu í þriðja sæti.

Síðan var Íslandsmeistaramót í línudönsum haldið í maí og tóku báðir hóparnir að sjálfsögðu þátt. Þá snérist þetta við og Kátir félagar urðu í fyrsta sæti og Gul og glöð lentu í þriðja sæti.

Í haust var tekin sú ákvörðun að taka þátt í hátíðinni Golden Age Gym Festival sem er fyrir 50+ og verður hátíðin í Montecatini á Ítalíu. Eins ætlar hópurinn að vera duglegur að taka þátt í keppnum sem verða haldnar 2012.

#### Boccia:

Æfingar hófust um miðjan september. Æft var 6 tíma á viku, 4 tíma á litlum völlum og 2 tíma á stórum velli, sem er bæði of lítil og með hallandi gólfi en er þó notaður til æfinga fyrir félaga sem ætla að taka þátt í keppnum. Mikið hefur verið reynt að fá tíma í íþróttahúsum bæjarins en ekki tekist. Það er furðulegt og ótrúlegt hvað ráðmenn bæjarins hafa lítinn áhuga á að veita okkur betri aðstöðu.

Félagar okkar sem stunda boccia eru komnir yfir 40. Félagið hefur tekið þátt í þremur mótum þ.e.a.s Vesturlandsmótinu, Landsmóti 50+ og mót í Borgarnesi. Félagar hafa staðið sig vel ef tekið er tillit til æfingaraðstöðunnar sem við höfum. UMF Skipaskagi veitti FEBAN, 50.000 króna styrk og þökkum við þeim fyrir.

Innanfélagsmót FEBAN var um mánaðarmótin nóv-des, þátttakendur voru 16. Úrslitin fóru svona:

1. Sveinn Þórðarson, bocciameistari FEBAN 2011

2. Þorvaldur Valgarðsson
3. Guðrún Sigurðardóttir

#### Þútt:

Félagar hófu æfingar 16. maí. Æfingardagar voru 31, þátttakendur voru 25. Keppt var 3x á tímabilinu: 11. ágúst var keppt um Guðmundarbikarinn , í flokki kvenna sigraði Auður Sæmundsdóttir og í flokki karla Sveinn Þórðarson. Um Maríustyttuna var leikið 18. ágúst, sigurvegari þar varð Hörður Júlíusson. Um Reynisbikarinn og sæmdarheitið þúttmeistari FEBAN var keppt 25. Ágúst. Þúttmeistari kvenna er Jónína B Jónsdóttir og þúttmeistari karla er Hörður Júlíusson.

#### Keila:

Lítið hægt að segja um keiluna. Lokað hefur verið vegna endurbóta á tækjum og sal. Æfingar eru byrjaðar núna fyrir stuttu síðan. Æfingar eru á mánudögum og fimmtudögum kl. 13 – 14.

Einnig fór vösk sveit bridge spilara á Landsmót 50+ sem haldið var á Hvammstanga.

#### Línudansklúbburinn Silfurstjarnan:

Starfsemi línudansklúbbsins árið 2011 var með svipuðu sniði og undanfarin ár en dansæfingar voru í FEBAN salnum að Kirkjubraut, Akranesi. Æfingar voru á mánudögum, frá 19 – 20 fyrir byrjendur, frá 20 – 21 fyrir millihóp og frá 21 – 22 fyrir lengra komna.

Leiðbeinendur og umsjónarmenn línudansklúbbsins voru Katrín Guðmundsdóttir og Laufey Sigurðardóttir.

Mjög breiður hópur línudansara æfir í klúbbnum, frá unglingum og upp í dansara yfir 60 ára. Fjöldinn var að jafnaði um 20 - 30.

Silfurstjarnan er aðildafélag í Ungmennafélaginu Skipaskaga en einnig eru margir dansararnir félagar í Félagi Íslenskra Línudansara.

Lokaball félagsins var haldið 30. apríl 2011 en þar var boðið upp á góðan mat, skemmtiatriði, happaðrætti og línudans. Góð þátttaka var að vanda á ballinu, bæði frá Akranesi og víðar.

Iðkendur tóku þátt í Íslandsmóti Línudansara, á vegum DSÍ, í Laugadalshöll, laugardaginn 7. maí 2011. Frábær árangur náðist á mótinu en félagið eignaðist 4 Íslandsmeistara í einstaklingskeppni. Í hópakeppni 35-59 ára, lentu Silfurstjörnunna í 2 sæti.

Úrslit í einstaklingskeppninni urðu eftirfarandi: Í léttari dönsu, 12–15 ára varð Ásdís Bára Guðjónsdóttir Íslandsmeistari; 18-34 ára varð Sigrún Þóra Theodorsdóttir Íslandsmeistari; 35-59 ára varð Ásta Björnsdóttir Íslandsmeistari, Kristín Sigurðardóttir varð í 2 sæti og Rut Hjartardóttir í 3 sæti og í 60 ára og eldri varð Brímrun Vilbergsdóttir Íslandsmeistari og Jóna Adolfsdóttir í öðru sæti. Einstaklingskeppni léttari, 60 ára og eldri: Brímrun Vilbergsdóttir gull, Jóna Adolfsdóttir silfur.

Einnig kepptu 2 pör á Íslandsmóti í gömlu dönsunum. Nokkrir sem æfa gömlu dansana undir stjórn Karenar Ólafsdóttur. Fengum Íslandsmeistara þar.

## FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR

Æfingar voru á mánudögum og fimmtudögum í Akraneshöllinni og á föstudögum í íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum. Þjálfarar voru þau Uche og Gyða.

Mót sem USK tók þátt í 2011:

1. Meistaramót 11-14 ára innanhúss
2. Goggi Galvaski
3. Vesturlandsmót í Borgarnesi
4. Unglingalandsmót á Egilsstöðum
5. Bikarkeppni FRÍ 15-18 ára í Hafnarfirði
6. 50 afmælistmót USK

Keppendur 10 ára og yngri

Aron Steinn frá Skipaskaga var sigursæll á mótinu í flokki 12-14 ára.

Jófríður Ísdís Skaftadóttir sem er okkar félagsmaður hefur stundað æfingar með FH þar sem hún fær þá bestu þjálfun sem hægt er til að stunda sínar kastgreinar. Einnig hefur Jófríður keppt fyrir FH í liðakeppnum s.s. bikarkeppni FRÍ og Meistaramóti FRÍ í flokki fullorðinna.

Árangur Jófríðar 2011:

KÚLUVARP 2 kg.:

Íslandsmeistari innanhúss: Laugardalshöll 26 febrúar

Íslandsmeistari utanhúss: Vík í Mýrdal 26.júní.

Íslandsmet Vík í Mýrdal 26.6. 12,23 metrar.

Átti eldra met sjálf 11,81m (Hafnarfj. 2010.)

KRINGLUKAST 600 gr.:

Íslandsmet: 47,53 m. -Hafnarfjörður 2 maí .

Átti sjálf eldra met sett í Búðardal 2010. 35,99 m

ULM Egilsstaðir: 39,18 m (unglingalandsmótsmet), keppti upp fyrir sig í flokki 15-16 ára þar sem ekki er keppt í kringlu í hennar aldursflokki.

KRINGLUKAST 1. kg.:

Íslandsmet 37,46 m (Hafnarfj. 3 júlí )

2. sæti Meistaramót Íslands fullorðinna: Selfoss 32,56 m. (11 keppendur)

Sannarlega stór glæsilegur árangur hjá þessari ungu stúlku sem við eigum og þurfum að hlúa að þannig að hún hafi möguleika á að æfa sína íþróttagrein í sinni heimabyggð en engin aðstaða er til kastgreina hér á Akranesi. Jófríður er aðeins 14 ára.

## Anna[

Fjölskyldan á fjallið er verkefni sem UMFÍ setti í gang og ákváð Skipaskagi að vera með í þessu verkefni. Völdum við að setja upp kassa /gestabók á Guðfinnuþúfu í Akrafjalli. Auglýstum við gönguferðina og komu um 20 manns með okkur að setja upp kassann 20. júní sl. Er farið var yfir bókina í haust, þá sáum við að þar eru um 580 færslu skrifaðar í bókina sem er bara nokkuð gott.

Landsmót 50+ var haldið á Hvammstanga í lok júní sl. Lítil hópur sem fór frá Skipaskaga til að keppa, 1 sveit í bridge, 1 keppandi í frjálsum íþróttum og var það Bjarni Guðmundsson, keppti í 60+ og fékk hann gull í kúluvarpi og jurtagreiningu . Ein sveit keppti í pútti. Mótið tókst vel og voru allir ánægðir með helgina.

Árið 2011 var 50 ára afmælisár hjá Skipaskaga, ákváð því stjórn félagsins að veita styrki til félaga og einstaklinga í félaginu. Á síðasta aðalfundi veitti formaður félagsins styrkina. Línudansarar í Silfurstjörnunni fengu 50.000, íþróttaklúbb-



urinn FEBAN fékk 50.000 kr og Jófríður Ísdís Skaftadóttir fékk 100.000kr.

Íþróttamaður UMF Skipaskaga var Jófríður Ísdís Skaftadóttir og tók hún þátt í kjörinu á Íþróttamanni Akranes.

## Sundfélag Akraness

Á síðasta aðalfundi Sundfélag Akraness þann 28. febrúar 2011 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn og skiptu þannig með sér verkum: Formaður, Eygló Karlsdóttir, varaformaður og bókarar Harpa Hrönn Finnbogadóttir, gjaldkeri Siggerður Á. Sigurðardóttir, ritari Helga Skúladóttir, meðstjórnendur Bjarney Guðbjörnsdóttir, Svava Hrund Guðjónsdóttir og Rut Carol Hinriksdóttir. Undir lok árs 2011 sagði Helga Skúladóttir sig úr stjórn og kom þá Katrín Leifsdóttir inn í hennar stað. Svava Hrund tók að sér ritarastarfið og Katrín er meðstjórnandi. Stjórnin fundar að jafnaði annan hvern þriðjudag. Auk þess sinnir stjórn vinnu við undirbúning og framkvæmd viðburða á vegum félagsins, s.s. sundmót, keppnisferðir, æfingabúðir, fjáraflanir og fleira.

Mads Claussen þjálfaði áfram A-hóp félagsins. Ragnheiður Runólfsdóttir sem hefur verið þjálfari hjá félaginu í mörg ár söðlaði um og fór til Akureyrar og við hennar stöðu sem þjálfari B-hóps tók Bjarney Guðbjörnsdóttir. Mads og Bjarney tóku að sér að sjá um þjálfun C-hóps í sameiningu. Erna Sigurðardóttir íþróttakennari sér um þjálfun Sela 1. 2 og 3 og Sigríður Helga Gunnarsdóttir íþróttakennari sér um þjálfun Kópa 1 og 2. Heiðar Logi Sigtryggsson sér um þrekæfingar A-hóps. Hildur Karen Aðalsteinsdóttir hefur alfarið séð um Krossfiskana og Fjörfiskana.

Verkefni á starfsári stjórnarinnar hafa verið fjölmörg og ætla ég að fara yfir þau helstu:

- Í byrjun mars sendi Sundfélagið tvo elstu hópana sína á vormót Fjölnis.
- Bikarkeppni SSÍ fór fram 11.-12. mars í Reykjanesbæ og sendi SA lið til keppni í efstu deild kvenna og karla. Báðar sveitir urðu í 4. sæti.
- Grallaramót ÍBV var haldið í byrjuð apríl í Vestmannaeyjum og sendi SA flottan hóp af yngri sundmönnum félagsins þangað til leiks.
- Sundfélag Akraness eignaðist þrjá Íslandsmeistara á IM 50 í byrjun apríl en það voru þau Jón Þór Hallgrímsson, Inga

Elín Cryer og Ágúst Júlíusson en þau tvö síðarnefndu urðu tvöfaldir Íslandsmeistarar.

- Í páskafríinu fór afrekshópur SA í vel heppnaða æfingarferð til Hilleröd í Danmörku. Í hópnum voru 10 sundmenn ásamt þjálfara og farastjóra. Þeir sem heima sátu skemmtu sér hið besta og voru með velheppnaða páskaskemmtun í íþróttahúsinu ásamt B hóp.
- Árlegt páskaeggjamót fyrir Kópa og Seli var haldið um miðjan apríl.
- 16.-17. apríl fóru sjö sundmenn úr SA á Vormót Ármanns.
- 6.-7. maí var Icelandic Masters Open Championship í Hafnarfirði. Þar náðist mjög góður árangur en Vignir Barkarson, Alexander Eck og Bjarney Guðbjörnsdóttir urðu öll tvöfaldir Íslandsmeistarar.
- SA sendi fjórtíu manna hóp af sprækum sundkrökkum á Landsbankamót ÍRB, en það var haldið í Reykjanesbæ dagana 13.-15. maí.
- 28. maí til 5. júní voru Smáþjóðaleikarnir haldnir í Liechtenstein og átti SA tvo keppendur á því móti. Inga Elín Cryer náði á pall í fjórum greinum og Ágúst Júlíusson í þremur.
- Akranesleikarnir 2011 voru haldnir 10.-12. júní og tóku rúmlega 300 keppendur þátt. Stigahæsta félagið var Sundfélagið Óðinn, stigahæsta sundið átti Jóhanna Gerða Gústafsdóttir úr Sundfélaginu Ægi og Brosbikarinn fyrir þrúðustu framkomu fékk ÍRB.
- AMÍ var haldið á Akureyrir. Alls unnu sundmenn Sundfélag Akraness 34 einstaklingsverðlaun á mótinu, þar af urðu gullin 15. Boðsundssveitirnar komust sex sinnum á pall og náði stúlknaðsveitin að vinna til gullverðlauna. Í lok móts var tilkynnt um stigahæstu sundmennina í hverjum flokki og varð Inga Elín Cryer stigahæst í stúlknaðsflokki. Aldursflokksmeistarar urðu þau Arta Haxhíajdini, Birgir Viktor Hannesson, Inga Elín Cryer, Salome Jónsdóttir, Una Rakel Hafliðadóttir og Unnur Inga Karlsdóttir. Sundfélag Akraness varð í 6. sæti í stigakeppni AMÍ.
- Í júlí fór Salome Jónsdóttir til Serbíu að keppa í EMU.
- Í upphafi á nýju tímabili var nýr hópur búinn til sem fékk nafnið F hópur – framtíðarhópur. Þessi hópur var hugsaður sem brú á milli A og B hóps. Í þessum hóp eru krakkar sem eru ekki komnir með aldur og getu til að synda á fullu með A hóp en eru samt sem áður með lágmörk á stóru mótin eins og IM.
- Við byrjuðum haustið á að fara með nokkra hóp í æfingarárbúðir upp í Borgarnes þar sem alltaf er tekið vel á móti okkur. Fyrst fóru stóru krakkarnir um 30 sundmenn og skemmtu sér konunglega og seinna fóru C hópur og Selir. Það eru sundmenn á aldrinum 7-10 ára og hópurinn taldi um 40 manns.
- Fyrsta mót vetrarins var Sprengimót Óðins á Akureyri. Þangað fór fríður hópur sundmanna í velheppnaða keppnis- og æfingarferð. Norðanmenn buðu upp á skemmtilegt mót, frábært bingó og auðvitað var Brynjuís heimsóttur.
- Akranesmeistaramótið var haldið í september. Þar voru allir sundmenn félagsins 11 ára og eldri mættir til leiks. Mótið gekk vel og verðlaunaafhending fór fram nokkrum dögum seinna þegar foreldrahópurinn bauð krökkunum í „bröns“ eftir laugardagsmorgunæfingu.



### Akranesmeistarar voru þessir:

- Í kvennaflokki Inga Elín Cryer, í karlaflokki Ágúst Júlíusson, í telpnaflokki Júlía Björk Gunnarsdóttir, í drengjaflokki Atli Vikar Ingimundarson og í meyjaflokki Una Lára Lárusdóttir.
- TYR-móti Ægis fór fram í september í Laugardalslauginni. Þar vorum við með keppendur frá 10 ára aldri og uppúr. Sundmennirnir stóðu sig mjög vel og voru flestir af þeim yngri að bæta sig mikið og þeir eldri voru einnig að synda mjög vel sem gefur góð fyrirheit um komandi tímabil.
- Í byrjun október fóru þrír sundmenn frá SA til Færeyja að keppa fyrir Íslands hönd. Það voru Inga Elín, Salome og Ágúst. Inga Elín tók sig til og bætti íslandsmetið í 400 m skriðsundi og hún var einnig stigahæsta sundkona mótsins.
- Um miðjan október fór fram Extra Stórmót SH og fyrir hönd SA fóru A- og Framtíðarhópur. Á þessu móti var síðasti möguleiki til að reyna að ná lágmörkum fyrir Íslandsmeistaramótið í 25 m laug og bættust nokkur lágmörk í safnið auk fjölmargra bætinga.
- 5. nóvember fór hópur af krökkum á aldrinum 8-11 ára í Borgarnes og tóku þátt í Lionsmótinu sem fór þar fram. Þarna voru margir krakkar að taka þátt í sínu fyrsta móti og gekk það mjög vel.
- 9. nóvember voru uppskeruhátíðin og pastakvöldið haldið saman. Arta Haxhíajdini var valin efnilegasti sundmaðurinn og Inga Elín Cryer var sundmaður ársins og líka besti félaginn.
- Dagana 10. – 13. nóvember var eitt af stóru sundmótunum, Íslandsmeistaramótið í 25 m laug og sendi Sundfélagi Akraness 16 sundmenn á mótið. Árangur sundmannanna var frábær og komu þeir heim með sjö Íslandsmeistaratitla, fern silfurverðlaun og sex bronsverðlaun. Bestum árangri Skagamanna náði Inga Elín Cryer sem varð þrefaldur Íslandsmeistari, Ágúst Júlíusson varð tvöfaldur Íslandsmeistari og Salome Jónsdóttir og Jón Þór Hallgrímsson unnu hvorn titilinn hvor.
- Um miðjan nóvember var velheppnað Landsbankamót haldið í Bjarnalaug fyrir 7-10 ára gamla félagsmenn.
- Norðurlandameistaramót Unglinga fór fram á Íslandi dagana 9. til 11. desember í Laugardalslaug. Sundfélag Akraness átti sjö sundmenn á þessu móti. Inga Elín Cryer

varð tvöfaldur Norðurlandameistari auk þess sem hún setti nýtt Íslandsmet í 800 m skriðsundi. Skagakrakkarnir komu heim með nokkur verðlaun sem þau unnu bæði í einstaklingsgreinum og í boðsundi.

- Útvarp Akraness fór í loftið í byrjun desember. Útvarpið gekk í alla staði mjög vel, góð dagskrá í boði og vel gekk með auglýsingar.
- Nýjársmót Leifs Guðna var haldið á næstsíðasta degi ársins í Bjarnalaug og var það hin besta skemmtun. Engin Akranesmet féllu þó á mótinu í ár.
- Inga Elín Cryer var útnefnd sundmaður ársins hjá Sundfélagi Akraness og í framhaldi af því varð hún kosin Íþróttamaður Akraness.
- Árið 2012 byrjaði með Reykjavík International Games. Þangað fór fríður hópur sundmanna frá Akranesi. Þetta var sterkt sundmót og náðu Skagamenn í nokkur verðlaun.
- Hið árlega Bárumót fór fram í Bjarnalaug í lok janúar og tóku um 40 sundmenn þátt í mótinu. Brynhildur Traustadóttir og Sindri Andreas Bjarnason voru stigahæstu sundmennirnir.
- Gullmót KR var í byrjun febrúar og er þetta mót fyrsta gistimót ársins. Sundfélag Akraness sendi yfir fjórtíu keppendur á staðinn.
- 19 sundmenn frá Sundfélagi Akraness fóru í byrjun mars á Vormóti Fjölnis í Laugardalslaug.

Ýmislegt fleira hefur verið gert en verður ekki talið upp hér. Æfingaaðstaðan er óbreytt. Yngri hóparnir eru í Bjarnalaug og þrír elstu hóparnir eru í Jaðarsbakkalaug. Sundmennirnir okkar eru á breiðum aldri og hópurinn telur liðlega 200 manns. Við bjóðum upp á sund fyrir 4 mánaða kornabörn og uppúr. Þeir yngstu eru í Sundskólanum Fjörfiskum og þeir elstu í Görpum. Það er sama á hvaða aldri þú ert, þú ættir að geta fundið hóp við þitt hæfi hjá SA.

Fjárafilanir hafa verið með svipuðu sniði og mörg undanfarin ár; Akranesleikarnir, Útvarp Akranes, rekstur ljósabekkja, kleinusala, Faxaflóasund, útbuður, vörutalningar, flatkökusala og ýmislegt fleira sem til fellur. Þá hefur styrkur Akraneskaupstaðar til íþróttafélaganna vegna þjálfunar barna og ungmenna verið félaginu ikilvægur sem og fjárframlag Íþróttabandalags Akraness sem munar um í starfinu. Viljum við þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum og einstaklingum sem lagt hafa félaginu lið.

Fjárhagur félagsins var með ágætum á síðasta ári og hefst nýtt rekstrarár með fínun hagnaði. Ekki var markmiðið að bæta við höfuðstól félagsins en það er stórt ár framundan, Spánarferð, Danmerkuferð og margir aðrir viðburðir þannig að það er gott að byjra nýtt rekstrarár með fjárhaginn í góðu lagi.

## Vélhjólaiþróttafélags Akraness

### Stjórn Vífa 2011-2012

Ný stjórn var mynduð á Aðalfundi félagsins. En stjórnina skipuðu Petronella Kristjánsdóttir formaður, Márus Líndal Hjartarson varaformaður, Bryndís Gylfadóttir gjaldkeri, Jóhann Pétur Hilmarsson meðstjórni, Harpa Lind Guðmundsdóttir ritari, Ernir Freyr Sigurðsson varamaður. Brautastjórn skipuðu



Jóhann Pétur Hilmarsson formaður brautarstjórnar, Símon Hreinsson og Sveinbjörn Reyr Hjaltason.

### Akrabraut, aðstaða og tækjakostur.

Ný og bæt aðstaða hefur verið komið fyrir á svæðinu þar á meðal húsnæði með salernis og eldhús aðstöðu. Útisvæði í kringum húsnæði var fegrað meðal annars smíðaður pallur sem gerir okkur kleift að vera með útsýni yfir brautina, hellulagt var að bílastæði, sett upp fánastöng, girt af barnasvæði sem var þökulagt og komið fyrir trampolíni og rólum. Einnig var fjárfest í traktor og ripper til að tæta upp braut. Akrabraut var sett í yfirhalingu og gerð keppnishæf fyrir komandi keppnistímabil, þar á meðal var sett upp löglegt starthlið.

### Æskulýðsstarf.

Vífa hefur upp á að bjóða frábæra braut fyrir yngstu hjólarana, svokallaða púkabraut. Á árinu lengdum við brautina talsvert og breyttum og mæltist það vel fyrir hjá krökkunum. Frekari breytingar verða gerðar á komandi ári bæði á brautinni og umhverfinu í kring. Til stendur að bæta æskulýðsstarf félagsins umtalsvert og gera starfið sýnilegra fyrir almenningsi.

#### Keppnisárið 2011

Félagsmenn Vífa tóku virkann þátt í motocross og enduro keppnum ársins þar á meðal Íslandsmeistaramóti, Landsmóti UMFÍ og öðrum bikarkeppnum annara félaga. Til stóð að halda Klaustur Offroad Challenge 2011 endurokeppni en á seinustu stundu var það blásið af vegna öskufalls frá eldgosinu í Eyjafjallajökli.

### Lokaorð

Árið 2011 var umhleypingasamt ár í sögu Vífa. Með því að gera tímamótasamning við Akraneskaupstað um aðstöðumál félagsins, opnaðist nýr kafla fyrir félagið, sem mun breyta umhverfi okkar um ókomna framtíð.

Öll sú vinna sem félagsmenn hafa lagt á sig fyrir árið 2011 mun skila sér margfalt fyrir árið 2012, þar sem að í fyrsta skipti í sögu félagsins mun verða haldið Íslandsmeistaramót í Akrabraut og verður sú keppni haldin á Írskum dögum.

Það er einlæg ósk mín að félagsmenn eigi gott ár framundan, bæði sem hjólarar og keppnishaldarar.

Hvet ég alla til að gera sér ferð að Akrabraut í sumar og njóta þess, sem þessi frábæra íþrótt hefur uppá að bjóða.

# Ársreikningar aðildarfélaganna

## Badmintonfélag Akraness

### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

|                    |                  |
|--------------------|------------------|
| Framlög og styrkir | 636.633          |
| Tekjur af mótum    | 754.018          |
| Aðrar tekjur       | 2.652.914        |
| <b>TEKJUR ALLS</b> | <b>4.043.565</b> |

#### Gjöld

|                                       |                  |
|---------------------------------------|------------------|
| Laun og verktakagreiðslur             | 2.805.468        |
| Kostnaður v/mótahalds                 | 761.378          |
| Rekstur skrifstofu                    | 87.068           |
| Kynning, fræðsla og útbr.             | 272.771          |
| Önnur gjöld                           | 324.373          |
| <b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b> | <b>4.251.058</b> |
| Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði      | -207.493         |

#### Fjármagnsliðir

|                     |                  |
|---------------------|------------------|
| <b>GJÖLD ALLS</b>   | <b>4.251.058</b> |
| <b>HAGNAÐUR/TAP</b> | <b>-207.493</b>  |

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

|                    |                  |
|--------------------|------------------|
| Fastafjármunir     | 30.990           |
| Veltufjármunir     | 1.722.577        |
| <b>EIGNIR ALLS</b> | <b>1.753.567</b> |

|                 |                  |
|-----------------|------------------|
| <b>Eigið fé</b> | <b>1.476.748</b> |
|-----------------|------------------|

#### Skuldir

|                     |                |
|---------------------|----------------|
| Langtímaskuldir     | 0              |
| Skammtímaskuldir    | 276.819        |
| <b>SKULDIR ALLS</b> | <b>276.819</b> |

|                                 |                  |
|---------------------------------|------------------|
| <b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS</b> | <b>1.753.567</b> |
|---------------------------------|------------------|

## Blakfélagið Bresi

### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

|                    |                |
|--------------------|----------------|
| Framlög og styrkir | 46.875         |
| Tekjur af mótum    | 187.409        |
| <b>TEKJUR ALLS</b> | <b>234.284</b> |

#### Gjöld

|                                       |                |
|---------------------------------------|----------------|
| Styrkir til deilda                    | 70.000         |
| Þátttaka í mótum                      | 212.000        |
| Kostnaður v/mótahalds                 | 40.855         |
| Kynning, fræðsla og útbr.             | 5.522          |
| Önnur gjöld                           | 11.418         |
| <b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b> | <b>339.795</b> |
| Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði      | -105.511       |

|                       |                |
|-----------------------|----------------|
| <b>Fjármagnsliðir</b> | <b>-10.160</b> |
|-----------------------|----------------|

|                   |                |
|-------------------|----------------|
| <b>GJÖLD ALLS</b> | <b>329.635</b> |
|-------------------|----------------|

|                     |                |
|---------------------|----------------|
| <b>HAGNAÐUR/TAP</b> | <b>-95.351</b> |
|---------------------|----------------|

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

|                    |                |
|--------------------|----------------|
| Fastafjármunir     |                |
| Veltufjármunir     | 324.434        |
| <b>EIGNIR ALLS</b> | <b>324.434</b> |

|                 |                |
|-----------------|----------------|
| <b>Eigið fé</b> | <b>234.434</b> |
|-----------------|----------------|

#### Skuldir

|                     |          |
|---------------------|----------|
| Langtímaskuldir     | 0        |
| Skammtímaskuldir    | 0        |
| <b>SKULDIR ALLS</b> | <b>0</b> |

|                                 |                |
|---------------------------------|----------------|
| <b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS</b> | <b>234.434</b> |
|---------------------------------|----------------|



**Fimleikafélag Akraness****Rekstrarreikningur****Tekjur**

|                    |                   |
|--------------------|-------------------|
| Framlög og styrkir | 2.886.059         |
| Tekjur af mótum    | 387.026           |
| Fjárafánir         | 2.424.347         |
| Æfingagjöld        | 14.950.476        |
| Aðrar tekjur       | 3.075.686         |
| <b>TEKJUR ALLS</b> | <b>23.723.594</b> |

**Gjöld**

|                                       |                   |
|---------------------------------------|-------------------|
| Laun og verktakagreiðslur             | 14.316.172        |
| Búningar, áhöld og tæki               | 2.771.606         |
| Ferðakostnaður og þátttaka í mótum    | 1.441.259         |
| Ferðakostnaður v/móta erlendis        | 1.294.173         |
| Önnur gjöld                           | 1.612.511         |
| <b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b> | <b>21.435.721</b> |
| Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði      | 2.287.873         |

**Fjármagnsliðir** **-17.906**

**GJÖLD ALLS** **21.417.815**

**HAGNAÐUR/TAP** **2.305.779**

**Efnahagsreikningur****Eignir**

|                    |                  |
|--------------------|------------------|
| Fastafjármunir     | 0                |
| Veltufjármunir     | 4.829.949        |
| <b>EIGNIR ALLS</b> | <b>4.829.949</b> |

**Eigið fé** **2.936.490**

**Skuldir**

|                     |                  |
|---------------------|------------------|
| Langtímaskuldir     | 0                |
| Skammtímaskuldir    | 1.893.459        |
| <b>SKULDIR ALLS</b> | <b>1.893.459</b> |

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS** **4.829.949**

**Golfklúbburinn Leynir****Rekstrarreikningur****Tekjur**

|                            |                   |
|----------------------------|-------------------|
| Framlög og styrkir         | 8.010.815         |
| Tekjur af mótum            | 4.130.138         |
| Húsa- og vallarleigutekjur | 3.600.000         |
| Félags- æfingagjöld        | 16.175.489        |
| <b>TEKJUR ALLS</b>         | <b>31.916.442</b> |

**Gjöld**

|                                  |                   |
|----------------------------------|-------------------|
| Laun og verktakagreiðslur        | 6.696.362         |
| Afreksstyrkir                    | 779.905           |
| Áhöld og tæki                    | 354.750           |
| Þátttaka í mótum                 | 1.819.876         |
| Kostnaður v/mótahalds            | 1.844.419         |
| Rekstur mannvirkja               | 2.490.298         |
| Rekstur skrifstofu               | 839.925           |
| Önnur gjöld                      | 2.340.109         |
| <b>GJÖLD ALLS</b>                | <b>17.165.644</b> |
| Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði | 14.750.798        |

**Fjármagnsliðir.**  
**Fyrningar og leiðrétting á erl. Láns** **-22.880.891**

**GJÖLD ALLS** **-5.715.247**

**HAGNAÐUR/TAP** **37.631.689**

**Efnahagsreikningur****Eignir**

|                    |                    |
|--------------------|--------------------|
| Fastafjármunir     | 88.269.521         |
| Veltufjármunir     | 19.205.853         |
| <b>EIGNIR ALLS</b> | <b>107.475.374</b> |

**Eigið fé** **83.249.780**

**Skuldir**

|                     |                   |
|---------------------|-------------------|
| Langtímaskuldir     | 19.162.944        |
| Skammtímaskuldir    | 5.062.650         |
| <b>SKULDIR ALLS</b> | <b>24.225.594</b> |

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS** **107.475.374**





**Hestamannafélagið Dreyri****Rekstrarreikningur****Tekjur**

|                               |                  |
|-------------------------------|------------------|
